



Dylan
sjötugur
tónlist 40



Syngja og
dansa saman
listir 30

spottið 16



**Rýmingarsala
á málverkum**



Gallery Art 2b

Kaupán 2 - Garðabær - t: 533 22 05 - www.artsb.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

14. maí 2011
111. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGBLAÐ ÍSLANDS
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt eumtvísir.com/tilfarirum/Genoveci/Colinus/maio - maio 2011



Reksturinn í járnum

Hilmar Oddsson, rektor
Kvikmyndaskóla Íslands,
segir skólann hafa bætt
myndmenningu Íslendinga.

menntun 24



Astmi og ofnæmi hurfu

Lene Hansson losnaði við
ýmsa kvilla þegar hún
endurskoðaði mataræði sitt.

heilsa 34

Geðröskun í fjölmiðlum

Fjölmiðlar ýkja iðulega
tengsl geðraskana, glæpa
og ofbeldis.

fjölmiðlar 36

4 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Matur | Eurovison | Allt | Allt atvinna



TÓNLISTARVEISLA Í HÖRPU

Hundruð þrúðbúinna gesta sóttu opunarhátíð tónlistarhússins Hörpu í gær, og létu mótmæli hóps fólks við innganginn ekki á sig fá. Um 400 listamenn komu fram í gærkvöldi, en í dag er opið hús í Hörpu þar sem almenningur getur skoðað húsið og hlustað á tónlist frá klukkan 12 á hádegi til miðnættis.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

1.500 fyrirtæki stefna í þrot

Sex þúsund lítil og meðalstór fyrirtæki skulda 10 til 1.000 milljónir króna. Fjórðungur þessara fyrirtækja stefnir í þrot. Fyrirtæki í skuldagreiðsluvanda eru um fjögur þúsund. Skuggalegar tölur, segir þingmaður.

EFNAHAGSMÁL Gert er ráð fyrir að rúmlega 1.500 lítil og meðalstór fyrirtæki stefni í gjaldþrot. Rúmlega 500 fyrirtæki eru enn í skoðun vegna skuldaúrvinnslu.

Þetta kom fram í máli Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, í umræðum á þingi um stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Samkvæmt nýlegu yfirliti frá fjórum stærstu bönkunum eru sex þúsund lítil og meðalstór fyrirtæki með skuldir á bilinu 10 til 1.000 milljónir króna. Þetta eru viðmiðin sem verkefnið Beina brautin, sem er fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja, nær til. Fari 1.500 fyrirtæki í þrot er um fjórðung þessara fyrirtækja að ræða.

„Þetta eru skuggalegar tölur. Við skulum ekki gleyma því að verkefnið Beina brautin,

2.000

fyrirtæki eru ekki í greiðsluvanda samkvæmt upplýsingum frá efnahags- og viðskiptaráðherra.

sem verið var að setja á laggirnar, hafði það markmið að reyna að bjarga fjárhag minni og meðalstórra fyrirtækja með skuldir allt að einum milljarði króna. Þegar niðurstaðan er sú að fjórða hvert þeirra stefni þráðbeint í gjaldþrot eða jafnvel þriðja hvert, þar sem óvissa er um afdrif 500 til viðbótar, er um mikið fjárhagslegt tjón að ræða fyrir fjármálastofnanir og ýmsa aðra, auk þess sem það getur ekki haft í för með sér annað en

aukið atvinnuleysi,“ segir Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sem hóf umræðuna um skuldaúrvinnsluna.

Tæplega tvö þúsund fyrirtækjanna eru ekki í greiðsluvanda, að því er efnahags- og viðskiptaráðherra greindi frá. „Fyrirtæki í skuldagreiðsluvanda eru talin um fjögur þúsund. Þar af er gert ráð fyrir að vandi um eitt þúsund fyrirtækja leysist með Beinu brautinni, um 670 til viðbótar fái úrlausn með lengingu í lánum og 280 þar til viðbótar fái úrlausn með 25 prósentu lækkun á höfuðstól.“

Einar K. Guðfinnsson segir menn samála um að atvinnusköpunin sé hlutfallslega mest hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. „Þeim mun alvarlegra er það að 1.500 þeirra stefni í þrot. Ég held að menn verði að skoða þessa hluti alveg upp á nýtt.“

- ibs

FRÉTTIR VÍSDIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is
Fáðu Vísir í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.

Meiri Vísir.

GLEÐILEGT SUMAR!

50% AFSLATTUR

KROKKETSETT FYRIR 4
ÁÐUR: 1.995,-
995,-

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGID • BADIÐ • HEIMLIÐ

Tilboðið gildir 14.05.11 til 15.05.11

ILVA
einfaldlega betri kostur

SUMARBÆKLINGUR
ILVA FYLGIR
FRÉTTABLAÐINU
Í DAG

www.ILVA.is shopOnline

TAX FREE

ALLAR GARÐPLÖNTUR

SUMARBLÓMIN, TRÉ OG RUNNAR,
FJÖLÆRAR PLÖNTUR,
KRYDDJURTIR, GARÐRÓSIR
OG MARGT FLEIRA

GARÐPLÖNTUR

TAX FREE



Stjúpusprengja

STJÚPUR
20stk
1.699 kr
~~2.998~~

STJÚPUR
10stk
999 kr
~~1.499~~

STJÚPUR
30stk
2.499 kr
~~4.497~~

tílboð
GARÐABLÁMI

5 kg.
1.135 kr

10 kg.
1.995 kr

25 kg.
4.895 kr

Ahliða garðáburður

Blómvendir
á betra verði!

Aðeins
1190 kr

Liljur og
blandaðir vendir

Blómportíð

fimmtudag, föstudag og laugardag

Að sjálfsgögu stendur Blómaval skil á virðisaukaskatti til Ríkissjóðs



Aðeins brot af úrvalinu

Frostþolnir
útipottar

11441587-88-89
11441593-94-95

18 cm á hæð **1.490** kr

24 cm á hæð **1.990** kr

31 cm á hæð **2.990** kr

blómaval
heillandi heimur

Skútvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

Titill sem vegur þungt í viðskiptalífinu



Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2011

Við óskum starfsfólki og stjórnendum þeirra 40 fyrirtækja sem hljóta nafnbótina **Fyrirmyndarfyrirtæki ársins 2011** innilega til hamingju. Þessi árangur er þeim og öðrum fyrirtækjum hvatning til að hlúa vel að starfsfólki sínu, því aukin starfsánægja skilar betri afköstum og bættri ímynd. Þú finnur niðurstöðurnar í heild sinni á www.vr.is.

Stærri fyrirmyndarfyrirtæki

- | | |
|-------------------------|----------------------------|
| 1. Íslenska gámafélagið | 11. Distica |
| 2. Johan Rönnung | 12. Nova |
| 3. Securitas | 13. Össur |
| 4. Betware á Íslandi | 14. ISS Ísland |
| 5. Logos | 15. Icepharma |
| 6. Maritech | 16. CCP |
| 7. Prentsmiðjan Oddi | 17. Nýherji |
| 8. VÍS | 18. Tryggingamiðstöðin |
| 9. 1912 samstæðan | 19. Öryggismiðstöð Íslands |
| 10. Parlogis | 20. Alcan á Íslandi |

Minni fyrirmyndarfyrirtæki

- | | |
|-------------------------|------------------------|
| 1. Vinnuföt | 11. Microsoft Íslandi |
| 2. Podium Imports | 12. Birtingahúsið |
| 3. Sigurborg | 13. Bókhald og uppgjör |
| 4. Miracle | 14. Kemi |
| 5. Gróco | 15. Emmessís |
| 6. Spölur | 16. Basis |
| 7. Kjarnavörur | 17. Vörumerking |
| 8. Beiersdorf | 18. Frjó |
| 9. Danica sjávarafurðir | 19. Globus |
| 10. Sæmark | 20. Krýsuvíkurskóli |

KJÖRKASSINN



Ætlar þú að horfa á aðalkeppni Eurovision á laugardaginn?

JÁ 78,1%
NEI 21,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgdist þú með opunarháttíð tónlistarhússins Hörpu?

Segðu þína skoðun á visir.is

Lögreglan eykur eftirlit:

Bifreiðastöður við íþróttavíðburði vandamál

SAMGÖNGUR Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur nú auglýst aukið eftirlit vegna bifreiðastöðubrotta við íþróttavelli. Í tilkynningu kemur fram að þegar ökumenn leggi á gras-eyjum, gangstéttum eða göngustígum geti slíkt skapað hættu fyrir gangandi vegfarendur og vandræði fyrir almennings- og göngur. Einnig geri þetta sjúkra- og slökkviliðsbílum erfitt fyrir að nálgast svæðið.

Lögreglan biðlar til ökumanna að leggja ökutækjum sínum löglega. Brotlegir munu þurfa að greiða stöðubrotsgjald.

- sv

Búist við hátt í tíu þúsund umsóknum um 110 prósent leiðina:

Umsvif aukast nokkuð hjá Íbúðalánasjóði

HÚSNÆÐISMÁL Starfsmönnum hefur fjölgað töluvert hjá Íbúðalánasjóði (ÍLS) á síðustu mánuðum til að bregðast við auknum umsvifum sjóðsins. Búist er við um ný þúsund umsóknum til hans um hina svokölluðu 110 prósent leið auk þess sem fjöldi eigna í eigu hans hefur aukist mikið.

„Það er rétt að það hefur orðið nokkur aukning á fjölda starfsmanna hjá okkur en hluti hennar er reyndar tímabundin stöðugildi,“ segir Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri ÍLS, og bætir við: „Ég kom til starfa hér í nóvember

á síðasta ári og þá hafði starfsmönnum á eignasviði verið fjölgað. Voru áður tveir til þrír en eru nú átta. Eignasvið heldur utan um þær eignir sem sjóðurinn eignast en þær eru orðnar um 1.250 talsins og því nóg að gera.“

Sviðsstjórum hjá ÍLS hefur einnig fjölgað um þrjá í tengslum við skipulagsbreytingar auk þess sem tveir aðrir nýir starfsmenn hafi verið ráðnir vegna aukins álags á fyrirtækjasvæði. Loks hafa sex starfsmenn verið ráðnir tímabundið til að bregðast við miklum fjölda umsókna um 110 prósent leiðina.

Sigurður segir að þegar hafi borist um 1.500 umsóknir en í 110 prósent leiðinni felst að eftirstöðvar láns umfram 110 prósent af markaðsvirði fasteignar verði felldar niður. Nokkurn tíma muni taka ÍLS að fara í gegnum allar umsóknirnar sem gætu orðið hátt í tíu þúsund talsins.

- mpi

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR Fjölmargir húsnæðiseigendur hyggjast nýta sér 110 prósent leið stjórnvalda.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Sýknaður af amfetamínakæru:

Dæmdur fyrir að rækta 143 kannabisplöntur

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skil-orðsbundið fangelsi fyrir að rækta 143 kannabisplöntur og hafa í vörslu sinni maríjúana, kannabislauf og hass. Maðurinn var hins vegar sýknaður af vörslu á 242 grómmum af amfetamíni.

Lögregla fann efnið við leit á fokheldri efri hæð húsnæðisins sem maðurinn bjó í en sjálfur leigði hann íbúð á neðri hæðinni. Fleiri en hann höfðu aðgang að efri hæðinni, þannig að ekki reyndist unnt að sanna að hann hefði átt eða vitað af efnunum sem þar fundust.

- jss

Forsprakki vélhjólagenngis í einangrun

Tveir meðlimir vélhjólagenngisins Black Pistons sæta nú gæsluvarðhaldi og einangrun. Annar þeirra, Ríkharð Ríkharðsson, er forsprakki genngisins. Þeir réðust á mann sem er í tengslum við genngið, héldu honum nauðugum og börðu.

LÖGREGLUMÁL Forsprakki vélhjólagenngisins Black Pistons, Ríkharð Júlíus Ríkharðsson, situr nú í gæsluvarðhaldi og einangrun, ásamt öðrum meðlimi genngisins, Davíð Frey Rúnarssyni, eftir að þeir réðust á mann og héldu honum nauðugum í meira en hálfan sólarhring, að því er talið er. Þá hafa tveir meðlimir Black Pistons verið kærðir fyrir að reyna að hafa áhrif á rannsókn málsins.

Ríkharð og Davíð Frey voru handteknir í Hafnarfirði á miðvikudag eftir að lögreglu barst tilkynning um líkamsárás. Sá sem fyrir henni varð er karlmaður á þrítugsaldri. Hann var með áverka víða á líkamanum og er meðal annars nefbrotinn. Talið er að barmsmíðarnar hafi jafnvel farið fram á fleiri en einum stað. Sá sem ráðist var á er í tengslum við Black Pistons en er ekki fullgildur meðlimur. Á dvalarstað árársarmannanna, sem eru á þrítugs- og fertugsaldri, var lagt hald á bæði fíkniefni í neysluskömmumtum og ýmis bar-efli. Við aðgerðina í fyrradag naut lögreglan aðstoðar sérsveitar ríkislögreglustjóra.

Árársarmennirnir hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 20. maí að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og er það gert á grundvelli rannsóknarhagsmuna. Þeir hafa kært úrskurðinn til Hæstaréttar.

Ríkharð hlaut tveggja ára fangelsisdóm haustið 2009 fyrir að hafa, í félagi við annan mann, kveikt í húsi við Kleppsvog þar sem maður var innandyra. Sá komst út við illan leik.

ritstjorn@frettabladid.is



LITLA-HRAUN Mennirnir sitja í gæsluvarðhaldi og einangrun á Litla-Hrauni.

Við munum ekki líða neina vitleysu

„Við munum ekki líða neina vitleysu,“ segir Páll E. Winkel forstjóri Fangelsismálastofnunar, spurður um viðbrögð fangelsismálayfirvalda við því að vista nú tvo menn úr íslenska vélhjólagennginu Black Pistons í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni.

„Við erum með öflugra sérsveit sem hefur verið eflað, og eigum mjög gott samstarf við lögreglu,“ segir Páll enn fremur. „Það verða engin merki glæpasamtaka heimiluð í fangelsum ríkisins.“

Hann segir nú nýjan veruleika blasa við sem lögregla hafi bent á um nokkurn tíma og fangelsismálayfirvöld undirbúi sig eins vel og þau geti.

„Við verðum svo klár í allt þegar við flytjum í nýtt fangelsi þar sem möguleiki verður á að skipta niður í margar litlar deildir. Þá verðum við vel í stakk búin til að taka við meðlimum í mótorhjólagenngjum sem gerst hafa brotlegir við lög sem og öðrum brotamönnum.“



PÁLL E. WINKEL

Óttast átök Black Pistons og Hells Angels

Black Pistons er stuðningsklúbbur Outlaws, sem eru ein stærstu vélhjólasmáttök heims, og nær alls staðar skilgreind sem skipulögð glæpasamtök.

Black Pistons á sér ekki langa sögu á Íslandi. Hana má rekja til þess þegar Jón Trausti Lúthersson hrökklaðist úr formannsembætti Fáfnis, nú Hells Angels á Íslandi, og í kjölfarið



til Noregs. Þar gekk hann til liðs við Outlaws, sem hafa löngum eldað grátt silfur við Hells Angels, og hafði síðan veg og vanda af stofnun Black Pistons hérlendis.

Lögregla telur að klúbburinn hafi verið stofnaður til höfuðs Hells Angels á Íslandi og hefur um nokkurt skeið óttast að slá kunní í brýnu á milli klúbbanna.

Styttist í að Sarah Obama, amma Baracks Obama Bandaríkjaforseta, komi:

Pössuð eins og aðrar ömmur

ÖRYGGISMÁL Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segist ekki vita til þess að öryggi Söruh, ömmu Baracks Obama Bandaríkjaforseta, hafi verið sérstaklega ógnað hér á landi, spurður hvort íslensk yfirvöld muni tryggja öryggi hennar í væntanlegri heimsókn á næstu dögum.

„Það verður eflaust passað upp á hana eins og allar aðrar ömmur. Ég vona það,“ segir hann.

Öryggisgæsla í kringum Söruh, sem er búsett í Keníu, hefur verið hert til muna



ÖGMUNDUR JÓNASSON

eftir að hryðjuverkamaðurinn Osama bin Laden var drepinn af bandarískum hersveitum í byrjun mánaðarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Paul Ramases, sem bauð Söruh til landsins til að kynna góðgerðarstarfsemi, verða lífverðir með henni í för. Spurður um innlenda gæslu segir hann:

„Ég fór og lét lögregluna vita en þar var mér vísað á Útlendingastofnun. Ég veit ekki af hverju.“

- kóp

Nytjamarkaðurinn

INNFLUTNINGSTILBOÐ!

Í tilefni af flutningi Nytjamarkaðarins í nýtt húsnæði að Súðarvogi 3 bjóðum við **50%** afslátt föstudag og laugardag, 13. og 14. maí.

Opíð frá kl 12.00—18:00



Ný nálgun við mataraðstoð

Hjálparstarf kirkjunnar ætlar að hverfa frá matargjöfum í poka og veita í staðinn barnafólki mataraðstoð með inneignarkortum í verslunum.

Einnig er hægt að hringja í söfnunar-símann **907 2002**, gefa framlag á **framlag.is**, **gjofsemgefur.is** eða á söfnunarreikning **0334-26-886**, kt. 450670-0499.

Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn. Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is


Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Sími 528 4400

AMERÍSKIR DAGAR

ÍSLANDS NAUT
Stofa Götmastra



1.275 kr/kg.
Merkt verð 1.598.-



2.924 kr/kg.
Merkt verð 3.898.-



2.039 kr/kg.
Merkt verð 3.398.-

BBQ Svínaríf
2 tegundir

Ribeye
úr framhrygg

Piparsteik
úr læri



SVÍNALUND
JURTAKRÝDDUÐ
1.819 kr/kg.
Merkt verð 2.598.-



SVÍNAFÍLE
NEW ORLEANS STYLE
1.574 kr/kg.
Merkt verð 2.098.-



WESTERN
KJÚKLINGALUNDIR
1.959 kr/kg.
Merkt verð 2.798.-



TILBOD
RESTAURANT STYLE
2 HAMBORGARAR
698 kr/pk.
Merkt verð 898.-



Honey Nut snakk
- Snakk frá Cheerios



Starbucks kaffi
- margar tegundir



Smucker's goober
- hnetusmjör og sulta



Amerísk karmelluterta
- bara gott...



Trix & Reese's Puffs
- takmarkað magn



Marshmallow Madness
- Nýjung frá Swiss Miss



Súkkulaði brownie
- Brownie mix frá Betty Crocker



Kirsuberjagos
- Frá Pepsi og Coca Cola



Gildir til 22. maí á meðan birgðir endast.



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða félag færði kennara í guðfræði til síðanefndar Háskóla Íslands?
2. Hverjir munu stýra vikulegum þætti á Stöð 2 næsta vetur?
3. Hver var valinn leikmaður 3. umferðar Íslandsmótsins í knattspyrnu af Fréttablaðinu?

SVÖR

1. Vantni 2. Björn Bragi Árnarsson og 3. Matthías Vilhjálmsson
Börn Antóni Magnúsdóttir

Ung kona í gæsluvarðhald: Var tekin með kókaín innvortis

LÖGREGLUMÁL Íslensk kona á þrítugsaldri var tekin með fíkniefni innvortis í Leifsstöð fyrr í þessari viku. Hún var úrskurðuð í vikulangt gæsluvarðhald. Hæstiréttur staðfesti þann úrskurð.

Konan var að koma frá Hollandi þegar tollverðir stöðvuðu hana við hefðbundið eftirlit. Hún reyndist vera með hvítt fíkniefni innvortis. Um nokkurt magn af kókaíni var að ræða. Konan hefur ekki komið við sögu hjá lögreglu í fíkniefnamálum áður.

- jss

DÓMSTÓLAR

Fjórir brutust inn í hús

Lögreglustjórinn á Snæfellsnesi hefur ákært fjóra karlmenn fyrir húsbrot. Þeim er gefið að sök að hafa í sameiningu ruðst heimildarlaust inn í íbúðarhúsið að Viðvík á Hellissandi.

Kaupfélag Skagfirðinga bregst við banni um forverðmerkingar á kjötvöru:

Afnema skilarétt verslana á kjötvöru

VERSLUN Kjötáfurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga (KS) hyggst afnema skilarétt verslana á kjötvöru frá fyrirtækinu. Er þetta gert til að bregðast við banni á forverðmerkingum á kjötvöru.

„Með þessum nýju reglum getur búðin alveg stýrt álagningu og þá getur komið fyrir að hún leggi tuttugu prósentu álag á eina vöru og fjörutíu prósentu álag á aðra sambærilega vöru. Þá situr auðvitað varan með fjörutíu prósentu álag eftir og henni er skilað án þess að við höfum nokkuð um það að segja,“ segir Ágúst Andrés-son, forstöðumaður kjötáfurðastöðvar KS.

Samkeppniseftirlitið hefur sagt nýju reglurnar skapa grundvöll fyrir virkari

verðsamkeppni milli verslana, sem ætti til lengri tíma að leiða til lægra verðs. Ágúst segir eina möguleikann á því að verð lækki vera þann að verslanir taki fulla ábyrgð á þeim vörum sem þær kaupi inn þannig að þær sjái sér meiri hag í því að lækka verð á vörinni þegar hún nálgist síðasta söludag.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónus, og Bjarni Friðrik Jóhannesson, rekstrarstjóri Nóatúns, segja báðir að breytingin hafi lítil áhrif á sínar verslanir. Fæstar þeirra kjötvara sem þær selji hafi skilarétt.

Hjá Norðlenska og Sláturfélagi Suðurlands eru engar áætlanir uppi um afnám skilaréttar, samkvæmt frétt Bændablaðsins um málið. - mþl



KJÖTVÖRUR Breytingar gætu orðið á verðlagningu kjötvara í verslunum með breyttum viðskiptaháttum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Vilja styrkja ytri landamæri Schengen

Innanríkisráðherrar Evrópusambandsins tóku á fimmtudag undir tillögur framkvæmdastjórnar sambandsins um að styrkja þyrfti ytri landamæri Schengen-svæðisins svo hægt yrði að stöðva straum flóttamanna sem vildu komast inn í hlýjuna. Tillögurnar koma til afgreiðslu á leiðtogafundi sambandsins í júlí, en eru enn í vinnslu.

Gert er ráð fyrir því að einstök aðildarríki fái auknar heimildir til að grípa til neyðarráðstafana á landamærum sínum, hefja þar reglubundið vegabréfaeftirlit og vísa fólki frá, jafnvel þótt það komi frá öðrum Schengen-ríkjum.

Þetta eiga þó aðeins að vera tímabundnar ráðstafanir, sem grípa má til þangað til ytri landamæri svæðisins hafa verið styrkt með sameiginlegum aðgerðum.

Hugmyndin er sú að efla mjög úrræði ESB til sameiginlegra aðgerða til að aðstoða ríki á ytri landamærum svæðisins við að stöðva skyndilegan straum fólks, og létta þannig áhyggjunum af öðrum ríkjum sem óttast að fólkið haldi áfram för sinni innan svæðisins.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar gera síðan einnig ráð fyrir því að allar löglegar fólks milli landamæra verði auðveldaðar, þrátt fyrir tímabundnar neyðarráðstafanir.

Einnig er lögð áhersla á að ljúka á næsta ári við mótun sameiginlegrar stefnu í málefnum hælisleitenda, sem eiga að taka þrýstinginn af þeim ríkjum sem eru á jaðri svæðisins.

Með þessum ráðstöfunum á að koma í veg fyrir einhliða ákvarðanir aðildarríkja Schengen um að taka upp landamæraeftirlit.

Innanríkisráðherrarnir voru kallaðir á aukafund til að hraða þessum breytingum vegna ástandsins á Ítalíu og Frakklandi, þar sem tugir þúsunda flóttamanna frá Norður-Afríku hafa streymt inn í löndin á síðustu vikum.



ÖGMUNDUR JÓNASSON Ráðherra segist ánægður með áform innanríkisráðherra ESB um framtíð Schengen-samstarfsins og vill að þjóðríkin geti haft fjálsari hendur til að sinna landamæraeftirliti gagnvart glæpagengjum og dæmdum mönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Getum hætt í Schengen-samstarfinu

Innanríkisráðherra er ánægður með hugmyndir ráðherra ESB um framtíð Schengen-samstarfsins. Gætum sagt okkur úr samstarfinu, segir ráðherra.

ÖRYGGISMÁL „Íslendingar geta náttúrliga sagt sig úr Schengen,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra.

Hann svarar þannig spurningu blaðsins um hvaða úrræði Íslensk stjórnvöld hafi til að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem innanríkisráðherrar Evrópusambandsþjóðanna eru að taka þessa dagana um framtíð Schengen-samstarfsins. Ögmundur sat ekki fund ráðherranna á fimmtudag.

Hann tekur fram að ekki sé víst að úrsögn úr Schengen sé eina leið Íslendinga til að hafa áhrif á gang mála, né leggur hann til að sú leið verði farin að óathuguðu máli. Hann minnir á andstöðu sína við þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu á sínum tíma en er ánægður með hugmyndir innanríkisráðherranna um að aðildarríki Schengen fái rýmri heimildir til að sinna landamæraeftirliti.

„Það sem mér sýnist menn vera að gera núna er að opna á þá hugsun að nýta kostina sem fylgja

Schengen, sem felast í samvinnu lögreglu- og dómsyfirvalda í baráttu gegn glæpagengjum. Það eru ótvíræðir kostir. Hitt er ókostur að geta ekki fylgt ákvörðunum sem teknar eru í einstökum ríkjum með virku eftirliti. Þessi mál virðast vera að komast í endurmat og það tel ég mjög gott,“ segir hann.

Almennt segir Ögmundur að aukinn þrýstingur hafi verið á endurskoðun Schengen-samstarfsins á Íslandi og þingmenn hafi meðal annars viljað gera úttekt á kostum og göllum þess. Þar hafi verið viðraðar áhyggjur af því að innlend yfirvöld hafi ekki nægilegt svigrúm til að sinna gæslunni.

„Þessar áhyggjur eru ekki bundnar við Ísland og þessi ákvörðun innanríkisráðherra Evrópusambandsins endurspeglar það. Ég tel hana vera mjög til góðs,“ segir Ögmundur. Hann telur að Ísland geti tekið undir með fundinum. klemens@frettabladid.is

FÉLAGS FUNDIR

vegna kjarasamninga



Reykjavík

Mánudaginn 16. maí, kl. 20.00 - Borgartúni 30

Vestmannaeyjum

Þriðjudaginn 17. maí, kl. 11.45 - Kaffi Kró

Selfossi

Þriðjudaginn 17. maí, kl. 20.00 - Austurvegi 56

Akranesi

Miðvikudaginn 18. maí, kl. 20.00 - Kirkjubraut 40

Reykjanesbæ


Fimmtudaginn 19. maí, kl. 20.00 - Kaffi Duus

FIT
FÉLAG IÐN- OG
TÆKNIGREINA



TOYOTA

Þjónustudagur Toyota Laugardaginn 14. maí



Toyota með allt á hreinu

Í dag gerum við allt glansandi flott fyrir sumarið á Þjónustudegi Toyota. Milli klukkan 11 og 15 bjóðum við öllum eigendum Toyota bifreiða til sölu- og þjónustuaðila Toyota. Þar verður nóg um að vera.

Komið í heimsókn, haldið upp á þjónustudaginn með Toyota og akið burt á skínandi hreinum bílum í sönnum Evróvisjóngrí.

Við þrífum bílana að utan - grill, gos og Evróvisjónglæðingur fyrir börn og fullorðna.



MÁLNINGARVÖRUR EHF.

Toyota Kópavogi*
Toyota Akureyri
Toyota Selfossi
Toyota Reykjanesbæ
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur
Bifreiðaverkstæðið Ásinn
Bílatangi
Bifreiðaverkstæði KS
Bílaleiga Húsavíkur
Bílaverkstæði Austurlands

Nýbýlavegi 8
Baldursnesi 1
Fossnesi 14
Njarðarbraut 17
Bæjarflöt 13
Kalmansvöllum 3
Suðurgötu 9
Hesteyri 2
Garðarsbraut 66
Miðási 2

200 Kópavogi
603 Akureyri
800 Selfossi
260 Reykjanesbæ
112 Reykjavík
300 Akranesi
400 Ísafirði
550 Sauðárkróki
640 Húsavík
700 Egilsstöðum

570 5070
460 4300
480 8000
420 6600
577 7080
431 5050
456 4580
455 4570
464 1888
470 5070

Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is

*Freyju sælgæti og bílavörur frá Málningarvörum hjá Toyota um allt land. Hjá Toyota Kópavogi verður einnig boðið upp á Kjörís.

Today
Tomorrow
Toyota

Ópið hús í Hörpu

LAUGARDAGUR

Fjölbreytt tónlistardagskrá í þremur sölum og í anddyri. Húsið verður opnað kl. 11:00. Dagskrá lýkur á miðnætti. Aðgangur ókeypis.

ATH! Hægt verður að fylgjast með **Evróvisjón** á skjá í Norðurljósum á meðan rokkhátíð fer fram í Silfurbergi.

SUNNUDAGUR

Barnadagur í Hörpu. Fjölbreytt dagskrá fyrir börn í öllu húsinu. Húsið verður opnað kl. 11:00. Dagskrá lýkur kl. 19:00. Aðgangur ókeypis (**nema á Maxímús - uppselt**).

Nánari upplýsingar um dagskrána

Athugið að í Hörpu-bæklingnum sem dreift hefur verið, má finna nánari upplýsingar um dagskrá helgarinnar. Bæklinginn má einnig finna á www.harpa.is

Harpa - húsið þitt

DAGSKRÁ HÁTÍÐARINNAR

Laugardagur Kaldalón og Norðurljós kl. 12:00
Fram koma m.a.: Viðburðir á klukkustundar fresti.

Karlakórinn Fóstbræður
Gissur Páll Gissurarson/Caput-hópurinn
Kammersveit Reykjavíkur
Ólafur Arnalds
Kór Íslensku óperunnar
Kristinn H. Árnason
Björn Thoroddsen og Kazumi Watanabe
Trío Tómasar R. Einarssonar í anddyri

Laugardagskvöld Silfurberg kl. 19:30

Apparat Organ Quartet
Mammút
Agent Fresco
Valdimar
Hjaltalín
Jónas Sigurðsson og ritvélar framtíðarinnar
Lights on the Highway
HAM

Sunnudagur

Fram koma m.a.:

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Maxímús
Músíkus (uppselt).
Herra Pottur og ungrú Lok í Kaldalóni,
tvær sýningar kl. 17:00 og 17:45.
Tónlistarhátíð barna og unglunga í Silfurbergi,
kl. 13:00. Um 500 flytjendur, þar af um 300 börn.

ÍSLENSKA SÍÐUNARSTOFNAÐUR



www.harpa.is



HARPA
TÓNLISTAR- OG
RÁÐSTEFNUHÚSIÐ
Í REYKJAVÍK

Matreiðslunámskeið

Ljúffengir gourmet heilsuréttir að hætti Lindu Pétursdóttur

Ef þig langar til að læra nýjar og auðveldar leiðir til að elda næringarrika og ljúffenga grænmetisrétti - þá er þetta rétta námskeiðið fyrir þig. Linda bendir m.a. á skemmtilegar og fjölbreyttar leiðir til að nota heilkorn, baunir og grænmeti í gourmet rétti sem kitla bragðlaukana. Hvort sem þú ert vanur kokkur eða ert að fíkra þig áfram í eldhúsinu, þá er hér eitthvað fyrir alla sem hafa áhuga að læra meira um heilsusamlegt matarræði.

Námskeiðið verður haldið í húsnæði Maður Lífandi Borgartúni 24, föstudaginn 20. maí kl. 18:30 til 21:00 | Verð aðeins 5.900 kr.

Vinsamlegast skráið ykkur tímanlega á madurlifandi@madurlifandi.is eða í síma 585 8701. Frekari upplýsingar á www.madurlifandi.is



maður
lífandi

www.madurlifandi.is

Borgartúni 24
105 Reykjavík
Sími: 585 8700

Hæðarsmára 6
201 Kópavogur
Sími: 585 8710

Hafnarborg
220 Hafnarfirði
Sími: 585 8720



Skip HB Granda á hryggnum:

Kvótinn ekki svipur hjá sjón

SIÁVARÚTVEGUR Fjórir frystitogarar HB Granda eru nú á úthafskarfa-veiðum rétt utan íslensku lögsögunnar á Reykjanes hryggnum.

Að sögn Rúnars Þórs Stefáns-sonar, útgerðarstjóra HB Granda, er kvóti HB Granda 3.500 tonn en það er um tuttugu prósentum minna en kvóti fyrra árs. Útgefnir úthafskarfakvótar hafa dregist mikið saman undanfarin ár og til samanburðar má nefna að kvóti skipa HB Granda nú er aðeins rúmlega fimmtungur af kvóta ársins 2004 þegar 16.748 tonn komu í hlut félagsins.



PERNEY Í HÖFN Eitt fjögurra skipa sem stunda úthafskarfaveiðarnar í ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kvóti þeirra þjóða sem eiga veiðirétt úr stofninum er 38.000 tonn á þessu ári.

- shá

VELKOMIN Á BIFRÖST

Viðskiptafræði BS-BBA

Opinn
dagur
21. maí

– áhersla á nýsköpun og frumkvöðlastarf



Alhliða viðskiptanam sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Boðið er upp á allar helstu greinar viðskiptafræðinnar, fjármál, stjórnun og markaðsmál, auk almennra námsgreina.

Á Bifröst gefst nemendum kostur á að ljúka námi á skemmri tíma þar sem sumarnám er hluti reglulegs náms. Náminu má því ljúka á tveimur og hálfu ári.

Háskólinn á Bifröst býður einnig tvær námslínur í viðskiptafræði í fjarnámi. Nánari upplýsingar á bifrost.is.

Opið fyrir umsóknir á bifrost.is

Upplifðu Bifröst

Komdu í heimsókn og kynntu þér námið í 1 dag til að fullvissa þig um að það henti þér. Í leiðinni geturðu skoðað líkamsræktina, kaffihúsið, leikskólann, golfvöllinn og fleira sem háskólasvæðið hefur upp á að bjóða. Nánari upplýsingar á bifrost.is



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



MENGUNARVALDUR Strax árið 1997 var rætt um að kanna díoxínmengun í umhverfinu. Sú könnun stendur nú yfir vegna Funamálsins.

Díoxínransókn svæfð af ráðuneytinu

Árið 1997 óskaði Hollustuvernd ríkisins eftir allsherjarmati á losun díoxíns út í umhverfið frá íslenskum fyrirtækjum. Umhverfisráðuneytið virti ráðgjöfina að vettugi. Sama ár hófst vinna við að komast undan sorpbrennslutílskipun ESB.

UMHVERFISMÁL Hollustuvernd ríkisins fór fram á það við umhverfisráðuneytið árið 1997 að allsherjarúttekt yrði gerð á losun díoxíns frá íslenskum fyrirtækjum og hugsanlegri mengun. Ráðuneytið varð ekki við þeirri beiðni heldur hóf vinnu við að fá undanþágu frá tilskipun ESB um takmarkanir á mengun frá helsta mengunarvaldinum – sorpbrennslum.



KRISTÍN
KALMANSDÓTTIR

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sorpbrennslur, sem birt var í vikunni, kemur fram að á árunum fyrir 2000 hófst mikil umræða í samfélaginu um nauðsyn þess að meta mengun af völdum díoxíns í íslenski náttúru. Sumarið 1997 óskaði umhverfisráðuneytið eftir greinargerð frá Hollustuvernd, sem síðar rann inn í Umhverfisstofnun, um hugsanlega díoxín-mengun frá málbrennslum á Íslandi. Ástæðan var skýrsla um mælingar á mengun á norðurheimsskautssvæðinu þar sem látið var að því liggja að díoxínmengun þar gæti átt uppruna sinn að rekja hingað til Íslands.

Hollustuvernd taldi ekki ástæðu til að ætla að svo væri en hins vegar væri full ástæða til viðtækrar úttektar á menguninni frá íslenskum fyrirtækjum. Voru þar

sorpbrennslur tilgreindar sem helsti mengunarvaldurinn.

Ráðuneytið óskaði eftir tillögum frá Hollustuvernd um úttekt og kostnaðaráætlun. Hann var metinn fimmtán milljónir fyrir mælingar á landi, sjó og í lofti fyrir allt landið.

Kristín Kalmansdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Ríkisendurskoðunar, segir ljóst að stjórnvöldum hafi verið í lófa lagið að ganga úr skugga um hversu mikil díoxín-mengunin væri frá sorpbrennslum. „Kostnaðurinn við það er ekki svo mikill að hann geti talist fyrirstaða. Ef það hefði verið gert fyrir árið 2000, þegar slík rannsókn á landsvísi var mest til umræðu, hefði það getað breytt áherslum umhverfisyfirvalda. Það kemur hins vegar fyrst í ljós árið 2011 hvort við sluppum fyrir horn eða hvort við þurfum að taka okkur verulega á og endurskoða þessa hluti frá grunni.“

Samkvæmt gögnum frá heilbrigðisyfirvöldum lognaðist umræða um nauðsyn díoxín-mælinga út af á aldamótaárinu. Þess í stað lögðu umhverfisyfirvöld ofuráherslu á að sækja um undanþágu frá tilskipun ESB um sorpbrennslu, en gögn sýna að ráðuneytið hóf þá vinnu árið 1997; á sama tíma og Hollustuvernd biðlaði til stofnunarinnar um rannsókn á díoxínmengun.

Það er mat Ríkisendurskoðunar að ráðuneytið hafi brugðist í málinu.

svavar@frettabladid.is

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti fréttar- og afþreyingarvefur landsins.

vísir

**BRJÁLUD
TILBOÐ**
alla helgina

OPNUNARHÁTÍÐ

BREYTT OG BETRI VERSLUN Í SKÚTUVOGI



**30%
AFSLÁTTUR**
af allri
PALLAOLÍU

Gasgrill
Sunset Tasman 200.
Grillflötur 500x358mm
Hlíf yfir brennara.
3000391



Garðstóll
Kingsbury
sambrjótanlegur
3899087



PIZZUVEISLA kl. 12-14
allir fá pizzu og kók í dag.
meðan birgðir endast

OPNUNARHÁTÍÐ Í SKÚTUVOGI

Pizza og kók fyrir alla
kl. 12-14 í dag.

KJÖRIS ÍSPINNAR
meðan birgðir endast



HÚSASMÍÐJAN



24.990
~~34.990~~

15% AFSLÁTTUR
af öllum öðrum sláttuvélum

ÞÚ SPARAR 10.000,-

BLACK & DECKER

Rafmagnssláttuvél GR3800
B&D, 1600W, 38 cm sláttubreidd.
5 hæðarstillingar, 45 ltr. safnari.
5085135

ALLAR ÞVOTTAVÉLAR 10.000 kr AFSLÁTTUR

Þvottavél
EWF106410W
1000 snúninga
Stærð: 85x60x60 cm.
6kg.
1805650

Þvottahæfni A
Orkunýting A
Mörg sérkerfi



59.900
~~69.900~~

ÞÚ SPARAR 10.000,-

Electrolux
5 ára ábyrgð



BREYTT OG BETRI VERSLUN

Húsasmiðjan Skútuvogi

damixa™



19.900
~~26.900~~

ÞÚ SPARAR 7.000,-

Blöndunartæki
Damixa sturtusett.
Blöndunartæki og sturtusett.
8000581

30% AFSLÁTTUR
af Hipiont greina- og hekkklippum

15% AFSLÁTTUR
af öllum rafmagns- og bensin-hekkklippum



Rafmagnssláttuorf Ikra
250W, sláttubreidd 24 cm.
1 lína.
5086600



2.990
~~3.990~~

ÞÚ SPARAR 1.000,-

20% AFSLÁTTUR
af allri viðarvörn og útimálningu



DRYGOLIN
OLIEDEKKÆIS/OLJETÁCKLASYR

PROFF
fasadeakryl eksterior

Weitzer Parkett
Austurískt hágæðaparkett.



3.990 kr/m²
~~6.290 kr/m²~~

ÞÚ SPARAR 2.300 kr/m²

Eikarparkett
3ja stafa Structure.
146395



Gasgrill
Weber Spirit E210
2 ryðfrír brennarar
Postulín-
glerungshúðað lok.
Þykk álsteypa í botni
og hlíðum í loki.
Grillflötur: 58 x 39 cm
Efri grind: 58 x 12 cm.
3000291

79.900
~~89.900~~

**ÞÚ SPARAR
10.000,-**



129.900
~~149.900~~

**ÞÚ SPARAR
20.000,-**

Stjörnuskel
Blá 6-7 manna
Stærð 185 x 185 cm
1250 ltr.
Dýpt í miðju 84 cm
dýpt að setbekk 56 cm
8070606

BRJÁLÚÐ OPNUNARTILBOÐ

aðeins þessa helgi í Húsasmiðjunni Skútuvogi



**20%
AFSLÁTTUR**
af
útvistar-
fatnaði



**20%
AFSLÁTTUR**
af
búsáhöldum



Garðborð Kingsbury
150X85 cm.
3899073

16.590
~~21.590~~

**ÞÚ SPARAR
5.000,-**



**10%
AFSLÁTTUR**
af öllum gesta-
og garðhúsum

Tilboð gilda aðeins um helgina í Skútuvogi.

Afsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða vörum merktum LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMÍÐJUNNAR.



HÚSASMÍÐJAN

100.000 kr. afsláttur fyrir alla fjölskylduna!
25.000kr. afsláttur á mann



Aðeins 100 sæti í boði!

Korfu og Tyrkland í sumar

7. júní

Bodrum

31. maí	10 sæti
11. júní	15 sæti
21. júní	20 sæti
2. júlí	20 sæti

Bodrum



Við ströndina

Tropicana Beach

Lítið en fjörukt íbúðahótel á mjög góðum stað við ströndina í Gumbet sem hentar yngra fólki sérstaklega vel.

Verð frá 109.550 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fulloröna og 2 börn (2-12) í íbúð í 11 nætur 31. maí. Verð á mann m.v. 2 í stúdíó 113.200 kr.** og 15.000 Vildarpunktur.

* Verð án Vildarpunkta m.v. 2+2 119.550 kr.
** Verð án Vildarpunkta m.v. 2 123.200 kr.

Korfu

7. júní	20 sæti
18. júní	15 sæti

Korfu



Hálft fæði

Pú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Vildarklúbbur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktur fyrir allar keyptar ferðir í leigufugi með VITA. Þannig öðlast þú stóðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

Ipsos Beach

Ipsos Beach hótel er snyrtilegt þriggja stjörnu hótel, einungis 50 til 80 metra frá ströndinni í Ipsos. Við hótelið er sundlaug, barnalaug, barnaleiksvæði og sólbekkir með ágættri aðstöðu.

Verð frá 124.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

á mann m.v. 2 fulloröna og 1 barn (2-12) í í herbergi með hálfu fæði í 11 nætur 7. júní. Verð á mann m.v. 2 í herbergi 133.950 kr.** og 15.000 Vildarpunktur.

* Verð án Vildarpunkta m.v. 2+1 134.900 kr.
** Verð án Vildarpunkta m.v. 2 143.950 kr.

Alicante

Verð frá 25.900 kr.

Innifalið: flug aðra leiðina til Alicante 19. maí.

Flugsæti

Korfu 7. júní
Verð frá 85.400 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

Innifalið: Flug fram og til baka og skattar.
* Verð án Vildarpunkta 95.400 kr.

Bodrum 31. maí
Verð frá 95.750 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur

Innifalið: Flug fram og til baka og skattar.
* Verð án Vildarpunkta 105.750 kr.

Opið laugardaginn 14. maí frá kl. 13 - 16

Ótal fleiri gistinguáskilningar á VITA.is

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið

Félagshúsið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

Nýtt húsnæðislánakerfi – án verðtryggingar

Verðtrygging

Eygló Harðardóttir
formaður verðtryggingarnefndar

Arinbjörn Sigurgeirsson
fulltrúi þinghóps Hreyfingarinnar

Hrólfur Ölvissón
fulltrúi þingflokks Framsóknarflokks

Lilja Mósesdóttir
fulltrúi þingflokks VG

tíma og veð hvarrar lánveitingar takmarkað við veðandlag. Vanda þarf útlán og greiðslumat. Ný íbúðabréf verði boðin út í samræmi við breytt fyrirkomulag útlána og jafnvægi tryggt á milli einstaks húsnæðisláns og íbúðabréfs. Ríkissjóður styðji við virkan markað fyrir óverðtryggð skuldabréf til að skapa sem hagstæðastan vaxtagrunn fyrir lánveitendur, og þar með lántakendur. Flutningur í nýtt kerfi verði auðveldaður með því að fella niður gjaldtöku við skilmálabreytingu og endurfjármögnun. Jafnframt þarf að taka

upp viðræður við lífeyrissjóði um endurfjármögnun útistandandi skuldabréfa íbúðalánasjóðs til að flýta kerfisbreytingu.

Aðgerðir vegna eldri lána

Fræðin segja að raunvextir verðtryggðra lána eigi almennt að vera lægri en vextir óverðtryggðra lána, þar sem verðtrygging eyðir óvissu lánveitandans um verðbólgu á lánstímanum. Athyglisvert er að raunvaxtastig hefur þó verið hærra hér en í löndum þar sem verðtrygging hefur litla sem enga útbreiðslu og sparnaður í formi sjóðsmynd-

unarkerfis er mun minni að umfangi.

Lækkun á raunvöxtum niður í til dæmis 3% væri á við 20% lækkun höfuðstóls lána samkvæmt útreikningum sérfræðingahóps um skuldavanda heimilanna. Því leggjum við til að allt verði gert til að ná fram raunvaxtalækkun, þar með talið að setja þak á álag á útlán og endurskoða ávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna.

Stór hluti verðbreytinga hefur orðið vegna gengisþróunar. Þrýstingur er á gengi krónunnar til lækkunar. Verðbóluskot

myndi þýða að þúsundir heimila myndu lenda í vanskilum með lán sín. Því leggjum við til að sett verði þak á verðtryggingu núverandi lána sem miðist á ársgrundvelli við 4% hámark, sbr. tillögu Framsóknarflokksins haustið 2009. Jafnframt verði samið við lánveitendur um að hækka ekki vegna þaksins annan lánakostnað lántakenda á meðan unnið er að afnámi verðtryggingar.

Við munum í annarri grein fjalla um tillögur okkar um almennar aðgerðir til að draga úr vægi verðtryggingar og tryggja fjármálalegan stöðugleika.

Almenn verðtrygging inn- og útlána og launa var lögbundin árið 1979. Með lagasetningunni var ætlunin að ná betri tókum á efnahagsmálum og verðbólgu. Fátt hefur þó verið umdeildara í íslensku efnahagslífi en verðtryggingin.

Kostir og gallar verðtryggingar

Talið er að verðtrygging skapi hvata til útlána, ekki síst þegar eftirspurn eftir lánsfjármagni er mikil, þar sem lánveitandinn er varinn fyrir verðbóluskoti. Eftir efnahagsáfall skapar verðtrygging misvægi launa og lána, því lán halda sjálfkrafa verðgildi sínu án tillits til þess hvort laun og eignaverð halda í við verðbólgu. Í hinu íslenska verðtryggða kerfi er verðbótáþáttur lengst af tekinn að láni og bætist sífellt við höfuðstól. Þetta fyrirkomulag dregur úr áhrifum peningamálastefnunnar hvað varðar aðgerðir Seðlabankans til að draga úr verðbólgu.

Fyrirkomulag verðtryggðra jafngreiðslulána tryggir léttari greiðslubyrði í upphafi, miðað við óverðtryggð lán. Ástæðan er að verðbætur eru ekki staðgreiddar með vaxtagreiðslunni heldur bætast við höfuðstól lánsins. Þær dreifast yfir allan lánstímann og greiðslubyrði verður jafnari, en jafnframt hækkandi lengst af. Léttari greiðslubyrði verðtryggðra lána fyrstu árin hvetur því til skuldsetningar og dregur úr eignamyndun.

Þrátt fyrir þessa „kosti“ eða eiginleika verðtryggðra lána er breytt fyrirkomulag verðtryggingar nauðsynlegt til að koma á meiri stöðugleika. Koma verður á umbótum sem tryggja að allir hafi sameiginlega ábyrgð og hagsmuni af lágru verðbólgu, auka skilvirkni efnahagsstjórnar, og auka fræðslu um neytendalán. Á sama tíma getum við ekki litið fram hjá því að fjöldi heimila er í greiðsluerfiðleikum og afnám verðtryggingar getur fyrst um sinn leitt til þyngrri greiðslubyrði.

Nýtt húsnæðislánakerfi

Tillaga okkar er að innleitt verði óverðtryggt húsnæðislánakerfi að danski fyrirmynd og ný verðtryggð lán verði ekki lengur í boði. Í nýju kerfi verði boðin óverðtryggð húsnæðislán með endurskoðunarákvæðum vaxta á ákveðnum tímabilum (0, 3, 5 eða 7 ára fresti), í stað verðtryggðra jafngreiðslulána. Íbúðalánasjóði verði strax veitt skýr lagaheimild til þess að bjóða lán á þessum kjörum. Lánastofnunum verði sett almenn skilyrði um láns-



118

ja.is

Símaskráin

Komdu og sjáðu!

Stórskemmtileg útgáfuhátíð!

Útgáfuhátíð Símaskrárinnar er í dag í Smáralind kl. 14, fyrir framan Hagkaup. Gillz sýnir sig, Gerplustelpurnar verða að sjálfsgöðu á svæðinu og árita fyrstu eintökin.

Kíktu við og nældu þér í eintak af Símaskránni sem er hrikalega mössuð og stútfull af alls konar upplýsingum.

já
-er svarið

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍRÞÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

MEIRI UMRÆÐA

vísir

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



BÓNUS PIZZADEIG 400g **198 kr.**
 BÓNUS SPELT PIZZADEIG 400g **259 kr.**
 BÓNUS PIZZASÓSA 430g **195 kr.**



279 KR. 450g
 PYKKVABÆJAR KARTÖFLUSALAT
 M.LAUK OG GRASLAUK



159 KR. 350g
 BÓNUS HRÁSALAT 350G



Coke kippa
659 kr. 4 x 1,5 ltr.



FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1959 KR.KG.



FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
679 KR.KG.



NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS
BAGUETTE BRAUÐ
129 KR.STK



BEINLAUS BITI
1659 KR.KG
 ÍSLENSKT HREFNUKJÖT Á GRILLIÐ



SPÖRUM GAS OG TÍMA
 PYKKVABÆJAR FORSÖÐNAR
 GRILL-KARTÖFLUR

279 KR. 700g



Norðanfiskur: Íslensk
 bleikja beinhreinsuð
 með roði

1598 KR.KG

BLEIKJA BEINHREINSUÐ M/ROÐ



1298 KR.KG

Ómissandi í frystinn. Þiðnar á klst í köldu vatni.
 KS FROSID LAMBALÆRI Í SNEIÐUM



BÓNUS
 ÍSPINNAKASSINN
698 KR. 24 STK

Nr. 1

VINSÆLASTA
 LAMBALÆRIÐ
 Í BÓNUS



1359 KR.KG

Sérskorið ferskt Bónus lambalæri. Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!

BÓNUS SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI



ALI BABYBACK GRÍSARIF **1498 KR.KG.**

ALI GRÍSARIF
FORELDUÐ!

FRÁBÆR GRÍSARIF
 Á GRILLIÐ
 EÐA Í OFNINN
 AÐEINS AÐ HITTA



ALI SPARERIBS **1198 KR.KG.**

SÆLGÆTIS BARINNI

ENGINN AFSLÁTTUR
 BARA LÁGT VERÐ ALLA DAGA

998 KR.KG
 100g / 100 kr.


AFGREIÐSLUTÍMI

LAUGARD: 10-18
 SUNNUD: 12-18

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
 VISA Vildarklúbbur

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



195 kr. helgin í Bónus

**NÝTT NÝTT NÝTT
SWEET CHILLI PÍPAR**

**Doritos 165g ÞRJAR TEGUNDIR
195 KR. POKINN**

195 kr.

EUROSHOPPER SALTHNETUR 500g

**BÓNUS SNAKK 160g FJÓRAR TEGUNDIR
195 KR. POKINN**

195 kr.

BÓNUS GRILLSÓSUR 270ml

195 kr.

BÓNUS FROSTPINNAR 15 STK.

195 kr.

BÓNUS KALDAR SÓSUR 400ml

195 kr.

GÓU HRAUN & ÆÐI 200g
195 kr. kassinn

BEST. MEX

195 kr.

BEST MEX TACO SÓSUR 230g

195 kr.

HEINZ TÓMATSÓSA 570g

195 kr.

VOGA ÍDYFA 175g

195 kr.

FLORIDA SAFI 1 ltr. flaska

195 kr.

PEPSI & PEPSI MAX 2 ltr. flaska

195 kr.

EGILS MIX 2 ltr. flaska

**TVÆR DÓSIR
1 LTR. 195 kr.**

195 kr.

EUROSHOPPER
ORKUDRYKKUR 500ml

alain
mikli

Alain Mikli í Linsunni



Sýning á gleraugum frá Alain Mikli
í dag laugardag

Einstök ný hönnun og fallegir litir
Komdu – Mátaðu – Upplifðu

LINSAN
Aðalstræti 9 • 551 5055

Ábendingar til Tryggva Þórs

Sjávarútvegur

Jónas
Bjarnason
efnavekfræðingur



Tryggvi Þór Herbertsson, prófessor í hagfræði og alþingismaður, hefur ritað greinar að undanförunu í Fréttablaðið um fiskveiðistjórnun. Málin eru viðvarandi í fréttum. Hann ritar grein 10.5.: „Jú Jón, sjómenn njóta auðlindaarðs“. Hann er að svara Jóni Steinssyni hagfræðingi og segir: „Eitt af því sem ég sakna mest úr háskólaumræðunni er að takast málefnalega á við menn um grunnhugmyndir. Einn heldur einu fram og annar skorar þann á hölm í rökræðu o.s.frv.“ – Þannig verður þekking til.

Og ennfremur segir Tryggvi: „Við greinaflokk minum um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið hef ég ekki fengið mikla málefnalega gagnrýni enn sem komið er. En nú ber vel í veiði! Jón Steinsson, sem er Milton Friedman fræðimaður við Chicago háskóla, hefur mótmælt harðlega staðhæfingu, sem ég setti fram í greinaflokknum.“ – Í staðhæfingu Tryggva er m.a.: – „Auðlind sem allir þjóðfélagsþegnar hafa jafnan rétt til að nýta er dæmd til að vera ofnotuð ef afrakstur hennar er nægilega eftirsóknarverður – auðlindarentunni er sóað.“ Sónin felst í að of margir sjómenn munu fjárfesta of mikið. Þetta hefur verið kallað sorgarsaga almenn-inganna. Þannig verður sjálfstortíming. Hver útgerðarmaður hugsar aðeins um eigin hag.

Tryggvi vitnaði í fræga ritgerð Hardins um „Tragedy of the Commons“. – Ef allir hafa rétt til að fiska í sama polli, þá endar það með skelfingu. Ekki er skynsamlegt að eyða of miklu bleki í þetta eins það sé eitthvað sérstakt. Ýmislegt í skrifum Tryggva gefur til kynna, að hann sé ekki mjög vel að sér um þessi mál og er margt

yfirborðskennt. – Efni ritgerðar Hardins er flestum sjómönnum ljóst, en varla nokkur telur, að allir geti fengið að veiða. Til þess eru miðin ekki nægilega gjöful. En Tryggvi reiknar og reiknar.

Honum virðist ókunnugt um, að ekki er sama hvernig fiskur er veiddur eða hvar og hvenær. Sjávarvísindamenn vita flestir hverjir, að veiðarfæri fara mismunandi vel með umhverfið. Botnvörpuveiðar eru taldar skaðsamar af stöðugt fleiri vísindamönnum og þær hafa leikið náttúruna illa. Enginn vafi er á því, að þær eru búnar að eyðileggja flest mið í Evrópu. Lífmassi hefur minnkað stöðugt í áratugi á bestu veiðisvæðum Evrópu og Norður-Ameríku. Hver einasti smáblettur hefur fengið botnvörpuna yfir sig mörgum sinnum og botn er víða orðinn að

„Veidunum yrði skipt upp eftir veiðisvæðum eða landsvæðum, sem yrðu ákveðin í samráði við vísindamenn.“

sléttum sand- eða leirbotni. Það er ekki augljóst hvernig þetta veldur minnkuðum veiðum, en Bandaríkjamenn hafa gert miklar rannsóknir og sérstaklega vísindamenn við University of Oregon. Þeir hafa sýnt fram á, að botnvörpuveiðar valda minnkun fiskstofna úti fyrir Oregonríki. Þeir vita, að næringin verður til í efstu lögum sjávar, en hún hríslar niður til botns. Smáseiði botnfiska lifa í vistkerfi við botn og eru háð æti og misfellum til að skýlast. – Meira en þúsund þekktir vísindamenn hafa lagt til, að botnvarpa verði bönnuð. Það er ekki mikið rætt um þetta hér, en rætt er víða um sjálfbærni og náttúruvernd. Botnvörpuveiðar eru ekki sjálfbærar og ekki á að leggja

þær að jöfnu við aðrar veiðar. Þar með eru sum skrifin úrelt. Vísindamenn benda ekki oft á þetta hér, en margir sjómenn telja, að botnvarpa sé skaðræðistól.

Ísland stöðvaði tillögu hjá SP 2006 um bann við botnvörpuveiðum á úthöfunum og fékk hádulegt tillit. Vísindamenn standa ekki í blaðadeilum við sjómenn. Þeir stunda sínar sjórannsóknir á skutogurum og eiga í erfiðleikum með að viðhalda þorski, en hann er nú þriðjungur af því sem var.

Elinor Ostrom er kona, sem fékk Nóbelsverðlaun í hagfræði 2010 fyrir kenningar sínar og rannsóknir á fiskveiðimálum. Hún komst að þeirri niðurstöðu, að minni sveitarfélög hafi sýnt, að þau geta stundað betri veiðiskap en ríkisstjórnir, sem hafa misst fiskistofna niður í ördeyður. Margir Íslendingar hafa haldið svipuðu fram. Dreifa ætti veiðum sem mest um landið en ekki bara reikna með því, að kvótinn verði bara tekinn skv. vasatölvum og buðu stórkvótahafa. – Er Tryggva ókunnugt um Elinor Ostrom?

Varðandi úthlutun á veiðiréttindum er augljóst, að takmarka verður aðgang. Ég hef lagt til, að veiðum verði skipt upp eftir veiðarfærum og botnvörpuveiðar takmarkaðar við tiltekin svæði og skuttogurum fækkað. Veiðigjald verði tekið, sem væri miklu herra en nú er. Þá yrði eftirspurn eftir heimildum ekkert mikil og í jafnvægi.

Mest af allanum á að veiða með línu og krókum. Veidunum yrði skipt upp eftir veiðisvæðum eða landsvæðum, sem yrðu ákveðin í samráði við vísindamenn. Veiðigjald yrði frekar hátt svo eftirspurn væri í jafnvægi, en grípa má til hækkunar á veiðigjaldi eða auka staðartakmarkanir. Hið sama gæti átt við um netaveiðar, sem þær að auki yrðu að lúta ákvæðum um möskva.

Tryggvi ætti að reyna að taka tillit til umræddra sjónarmiða. Þetta eru grunnhugmyndir í samræmi við óskir hans.

Árið sem ógeðið byrjaði

Palestína

Sveinn Rúnar
Hauksson



Anna Pála
Sverrisdóttir

höfundar eru
stjórnarmenn í Félaginu
Ísland-Palestína



Ógeðið heitir Nakba á arabísku og þýðir því sem næst katastrofan, stóra áfallið eða hörmungarnar. Árið var 1948 og það ár var Ísraelsríki stofnað þann 14. maí. Vel vopnuðum hópum innfluttra gyðinga tókst með hryðjuverkum að hrekja stóran hluta palestínsku íbúanna burt frá sínu heimalandi, ekki færri en 700 þúsund manns.

Nakba táknar líka hernámið sem staðið hefur í 63 ár, og það felur í sér margt ógeðið. Ekkert hernám einnar þjóðar á annarri í samtímasögunni hefur staðið eins lengi. Samt bendir ekkert til að leiðtogar Ísraels láti sér detta í hug af alvöru að skila herteknu landi, hvað þá hleypa fimm milljónum flóttamanna aftur heim.

Síðastliðin 20 ár hefur viss friðarviðleitni verið í gangi, að minnsta kosti í orði, og er það Bandaríkjastjórn sem hefur haft frumkvæðið. Þessi viðleitni hefur þó ekki fært Ísrael og Palestínu nær réttlátri lausn. Þvert á móti

hefur hernámið látlaust sótt á með aukinni landtöku frá Palestínómönnum, byggingu aðskilnaðarmúrs, skipulagðra morða á forystumönnum og stórfelldum stríðsaðgerðum gegn íbúum á Gaza. Ísrael hefur tekist með aðstoð Bandaríkjanna að snúa öðrum ríkjum gegn palestínsku þjóðinni og sjálfsákvörðunarrétti hennar. Þannig var þjóðinni sem heild og sérstaklega íbúum Gazasvæðisins refsað fyrir að kjósa yfir sig Hamas-samtökin. Hjá leiðtogum Evrópuríkja jafnt og í Bandaríkjunum hefur ísraelski

ríkja til að viðurkenna sjálfstæða, frjálsa og fullvalda Palestínu. Utanríkisráðherra okkar á enn eftir að fara í mikilvæga ferð til Gaza og hitta stjórnvöld þar að máli, leiðtoga Hamas, Fatah og annarra stjórnmalasamtaka. Þetta er í samræmi við stefnu Alþingis og með slíkri ferð leggur utanríkisráðherrann af mörkum til þess lífsnauðsynlega sáttafærlis sem nýlega er hafið hjá Palestínómönnum. Án sáttu og sameinaðrar forystu útavið geta Palestínómenn ekki mætt til raunverulegra friðarviðræðna.

„Allt frá fyrstu dögum Nakba hefur hernámið og landránið vaxið stöðugt og ekkert bent til að Ísraelsríki ætlaði að beygja af þeirri braut.“

áróðurinn um Hamas enduróm. Þar er þráfaldlega staglast á því að Hamas vilji ekki viðurkenna Ísrael, enda þótt stefna Hamas allt frá árinu 2003 hafi verið friðsamleg sambúð við Ísrael innan landamæra frá 1967. Ísland þarf af rífa sig út úr þessu samkvæmi og virða í verki sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar. Síðustu ár höfum við tekið mikilvæg skref í þá átt en betur má ef duga skal. Ísland getur enn orðið fyrst vestrænna

Allt frá fyrstu dögum Nakba hefur hernámið og landránið vaxið stöðugt og ekkert bent til að Ísraelsríki ætlaði að beygja af þeirri braut. Engu að síður hefur friðarviljinn lifað af meðal Palestínómanna og stjórnmalasamtaka þeirra. Öll eru þau reiðubúin til að sætta sig við þá sögulegu eftirgjöf af Ísrael haldi nærri fjórum fimmtu af upphaflegri Palestínu og ríki þeirra verði á þeim 22% sem eru Gaza, Vesturbakkinn og Austur-Jerúsalem.

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍÞRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?

Stærsti fréttu- og afþreyingarvefur landsins.

VÍSIR

STOFNUN ÁRSINS 2011

SFR - stéttarfélag í almannajónustu kynnir niðurstöður úr könnuninni um Stofnun ársins 2011. Könnunin sem er ein stærsta sinnar tegundar er nú gerð í sjötta sinn en hún tekur til tæplega 19 þúsund starfsmanna. Valdar eru fyrirmyndarstofnanir úr flokki stærri og minni stofnana auk hástökkvara, en þann titil hlýtur sú stofnun sem hækkar sig um flest sæti á milli ára.



Stærri stofnanir

1. Sérstakur saksóknari
2. Ríkisskattstjóri
3. Landgræðsla ríkisins
4. Ás styrktarfélag
5. Fjölbrotaskólinn í Garðabæ

Minni stofnanir

1. Sýslumaðurinn í Vík
2. Norðurlandsskógar
3. Blindrabókasafn Íslands
4. Skattrannsóknarstjóri ríkisins
5. Sýslumaðurinn á Sauðárkróki

Hástökkvari ársins

Fjölbrotaskóli Snæfellinga

SFR – stéttarfélag í almannajónustu þakkar öllum þeim sem tóku þátt í könnuninni að þessu sinni. Ítarlegri upplýsingar er hægt að fá á vef SFR www.sfr.is.

SJÁLFSTÆÐI Í STARFI • ÁNÆGJA • STOLT
SANNGJÖRN LAUNAKJÖR • GÓÐ VINNUSKILYRÐI
GÓÐ IMYND • STOLT • SVEIGJANLEIKI Í VINNU
TRÚVERÐUGLEIKI • GÓÐUR STARFSANDI



STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAPJÓNUSTU

Efast ekki um velvilja ráðherra

Hilmar Oddsson kvikmyndagerðarmaður hefur gegnt starfi rektors Kvikmyndaskóla Íslands í tæpt ár og segir reksturinn í járnum. Stefnan sé sú að skólinn færast á háskólastig og hann voni því að ráðamenn sjái hag sinn í að styðja við skólann sem hafi bætt myndmenningu Íslendinga. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við Hilmar í nýju húsnæði skólans við Ofanleiti.

Hilmar Oddsson, skóla-
stjóri Kvikmynda-
skóla Íslands, var í
hópi kvikmyndagerð-
armanna sem árið
1992 voru fengir til
að kenna á námskeiði í hinum nýstofn-
aða Kvikmyndaskóla Íslands. Skólinn
var stofnaður af Böðvari Bjarka Pét-
urssyni sem allar götur síðan hefur
verið einn helsti drifkraftur skólans
að sögn Hilmars. „Það sem var
fallett við þetta fyrsta námskeið var
að þarna á fremsta bekk í hópi nemi-
enda sat vinnuveitandi minn, Böðv-
ar Bjarki, sem jafnframt var orðinn
nemandi minn. Því hvað gerir maður
á Íslandi sem á þess ekki kost að fara í
kvikmyndanám erlendis, hann stofnar
bara skóla,“ segir Hilmar og brosir að
minningunni.

„Þetta var mjög flott framtak, hann
fékk einvalalið með sér til að kenna
og sú hefur verið stefnan hér síðan,
að fá fagmenn í fremstu röð til liðs við
okkur,“ segir Hilmar og bætir við að
skólinn hafi vissulega stækkað og eflst
mikið síðan á þessum fyrstu dögum.
„Saga skólans var slítrótt til að byrja
með en hún hefur verið óslitin á þess-
ari öld. Árið 2003 gerðist það svo að
skólinn fékk viðurkenningu mennta-
málaráðuneytisins sem skóli á fram-
haldsskólastigi. Árið 2007 fengum við
svo viðurkenningu á fjórum brautum
skólans, áður fyrr var bara ein braut í
skólanum,“ segir Hilmar og bætir við
að stórhugur stofnandans hafi stundum
fengið kvikmyndagerðarmenn lands-
ins til að brosa í kampinn. „Við höfðum
ekki svo mikla trú á því að hægt væri
að reka svona umfangsmikinn skóla
hér á Íslandi með þennan litla stuðning
sem hann nýtur.“

Framleiða mikið

Kvikmyndaskóli Íslands býður nú upp
á nám á fjórum brautum, leikstjóra- og
framleiðslubraut, skapandi tækni, leik-
stjóra- og handritsbraut og loks leik-
listarbraut. Sameiginlegur kjarni er
með brautunum fjórnum og sameigin-
leg krafa á nemendum er að þeir geri
myndir þar sem unnið er eftir þeirra
hugmynd. Hilmar segir framleiðsluna
í skólanum vera eitt hans helsta sér-
kenni. „Menn eru hér að framleiða og
leikstýra fleiri myndum en þeir gera
í sambærilegum skólum erlendis eða
einni til fjórum á námsferlinum. Við
teljum að það sé hverjum kvikmynda-
gerðarmanni nauðsynlegt að hafa
gert sína mynd, sama hvernig ferill
hans svo þróast að námi loknu,“ segir
Hilmar.

Um 150 nemendur leggja nú stund á
nám í skólanum en tekið er inn í hann
tvisvar á ári. „Við getum tekið við 12
nemendum á hverja braut við hverja
inntöku. Meðalfjöldi nemenda hefur
verið í kringum 160 undanfarnir tvö ár.
Það verður auðvitað eitthvert brottfall
hér sem annars staðar og svo gerum
við auðvitað okkar hæfnikröfur sem
umsækjendur verða að standast.“

Nemendur víða að

Hilmar segir nemendur skólans koma
víða að, sumir komi beint úr fram-
haldsskóla, aðrir hafi lokið háskóla-
námi, enn aðrir iðnnámi. „Svo hafa
sumir nemendur komið hingað eftir
að hafa verið hornreka í menntakerf-
inu og uppgötvað að þeir eru skapandi
listamenn, þannig höfum við reynst
margri óvissri sál óvænt heimili og
athvarf.“ Hilmar segir útskrifaða
nemendur skólans svo aldeilis hafa
breytt landslagi í myndmiðlageiranum
á Íslandi. „Það er ekki framleidd
íslensk bíómynd án þess að nemendur
okkur eigi þar hlut að máli, við eigum
nemendur á öllum sjónvarpsstöðvum
og í öllum stærstu fyrirtækjum þar
sem myndmiðlar koma við sögu. Þessi
menntun og þekking sem hér hefur
orðið til hefur þannig fært íslenska
myndmiðla upp á hærra plan, það er
alveg ljóst,“ segir Hilmar.

Fyrsta alvörustarfið

Eins og áður sagði kenndi Hilmar á
fyrsta námskeiðinu sem haldið var á
vegum Kvikmyndaskólans. Síðan þá



FYRSTA LAUNAVININN Eftir áratugi í lausamennsku settist Hilmar Oddsson í stól rektors Kvikmyndaskóla Íslands fyrir tæpu ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hefur hann kennt stöku námskeiði í
skólanum en það varð breyting á hans
höfum á síðasta ári þegar honum var
boðið starf skólalæris skólans.

„Ég grínast stundum með það að
þetta sé fyrsta alvöru starf mitt í líf-
inu, og það er reyndar ekkert grín
að það varð til þess að ég handlék í
fyrsta sinn skattkort. Ég hef þraukað
allan minn starfsferil í lausamennsku
og sem einyrki. Og það hefur yfir-
leitt hafst, en maður hefur stundum
þurft að minna sig á að það er gaman í
vinnunni því ekki fékk maður borgað,“
segir Hilmar og hlær.

Hann var ráðinn skólalæri eftir
að bent var á í úttekt sem Capacent
gerði á skólanum að ekki væri hent-
ugt að fulltrúi eignað væri jafnframt
skólalæri, en forveri Hilmars í sæt-
inu var áður nefndur Böðvar Bjarki
sem nú er starfandi stjórnarformaður.
Hilmar býr að talsverðri kennslu-
reynslu. „Ég sá í mörg ár um kennslu
leiklistarnema í Leiklistarskólanum
sem þá var og síðar Listaháskóla
Íslands í því að leika fyrir framman
myndavél. Þetta var mjög skemmti-
legt og gefandi starf,“ segir Hilmar
sem þrátt fyrir að vera önnur kafinn
við stjórnunarskyldur kennir útskrift-
arnemum áfanga sem ber heitið Staða
og framtíðarsýn.

Reksturinn í járnum

Nafnið gefur tilefni til að ræða stöðu
og framtíðarsýn Kvikmyndaskólans.
„Það er ekkert launungamál að
við stefnum á að færa skólann upp
á háskólastig. Hér viljum við geta
útskrifað nemendur með BA-gráðu og
helst meistaraþróf er fram líða stund-
ir. Við vitum jafnvel að hér verða ekki
stofnaðir fleiri háskólar þannig að við
þurfum að vera í samstarfi við þá skóla
sem fyrir eru. Við leitumst eftir sam-
starfi við Listaháskólann sem hafði
ekki áhuga í stuttu máli sagt sem er
miður því það hefði legið beinast við.
En við höfum í framhaldinu víðræður
við Háskóla Íslands, hugvísindadeildina,
þar sem meðal annars er kennd
kvikmyndafræði, og þar var okkur
vel tekið og vonandi skila þær
því að mögulegt verður að ljúka námi
héðan með BA-próf innan ekki of langs
tíma,“ segir Hilmar og bætir við að
ýmis vandamál blasi þó við skólanum.



Það er ekki
framleidd
íslensk
bíómynd
án þess að
nemendur
okkar eigi
þar hlut
að máli,
við eigum
nemendur
á öllum
sjónvarps-
stöðvum
og í öllum
stærstu fyr-
irtækjum
þar sem
myndmið-
lar koma
við sögu

„Reksturinn er í járnum, það verður
að segjast. Við erum einkaskóli og inn-
heimtum skólagjöld upp á 600 þúsund,
þau getum við ekki hækkað. Ríkið
hefur svo lagt til rúm 200 þúsund á
hvern nemanda á hverjum vetri. Þessi
fjárhæð stendur ekki undir rekstrin-
um enda kvikmyndanám almennt með
því dýrara sem hægt er að kenna, ekki
síst út af tækjábúnaði sem stöðugt þarf
að uppfæra,“ segir Hilmar sem vonast
til að stöðugar víðræður við mennta-
málaráðuneytið skili árangri. „Ég
efast reyndar ekki um áhuga og vel-
vilja Katrínar Jakobsdóttur mennta-
málaráðherra, en hún er ekki einráð en
auðvitað vonum við hið besta.“ Hilmar
bendir á að öllum starfsmönnum hafi
verið sagt upp fyrir tveimur mánuð-
um svo virkilega ríði á að ljúka þess-
um málum með farsælum hætti, enda
hljóti menn að vilja nýta alla þá þek-
kingu sem hafi safnast upp í skólanum
á undanförunum árum.

Húsnæðisdeila leyst

Húsnæðismál skólans hafa verið til
umfjöllunar fjölmiðla en skólinn flutt-
ist úr Víkurhvarfi í núverandi húsnæ-
ði við Ofanleiti, þar sem Háskólinn

í Reykjavík var áður, um síðustu ára-
mót. Fyrrum leigusalar skólans sögðu
Kvikmyndaskólann skulda þeim fé en
skólinn leit svo á að þeir hefðu ekki
staðið við sinn hlut af samkomulagi
um húsnæði. „Þessi mál leystust sem
betur fer farsælega með samningum
nú í vikunni og það er þungu fargi af
mér létt,“ segir Hilmar sem er ánægður
á nýja staðnum í Ofanleiti. „Húsið
hér er að mörgu leyti afar hentugt og
í sumar munum við koma okkur betur
fyrir. Svo má þess geta að í gamla
húsnæði prentsmiðju Morgunblaðs-
ins erum við að koma upp stúdíói sem
verður eitt hið besta á landinu. Þannig
að það er margt gott og jákvætt að
gerast.“

Hilmar segir ennfremur ánægju-
legt hve orðspor Kvikmyndaskólans
hefur styrkst á undanförunum árum.
„Hér kenna okkar fremstu kvikmynda-
gerðarmenn og þeir þekkja því orðið
vel okkar starf. Svo má þess geta að
nú höfum við fengið reynsluafild
að CILECT, alþjóðasamtökum kvik-
myndaskóla, sem er mikil viðurkenning
fyrir starf okkar og opnar gáttir
að ýmis konar alþjóðlegu samstarfi,“
segir Hilmar að lokum.

■ GRÆDLINGAR Í ÍSLENSKRI KVIKMYNDAGERÐ

Við lok hvernar annar er efnt til sýninga á kvikmyndum sem nemendur hafa gert yfir önnina. Þessi önn er engin undantekning en nemendur Kvikmyndaskóla Íslands sýna lokaverkefni vorannar í næstu viku, nánar til tekið dagana 17.-21. maí. Myndirnar verða sýndar í Bíói Paradís og er þarna kjörlið tækifæri til að skoða „græðlingana í íslenskrum kvikmyndagerð“, eins og Hilmar orðar þar. Útskriftarhátið með tilheyrandi viðurkenningum er laugardaginn 21. maí kl. 13. Sýningarnar eru ókeypis og öllum opnar.

17. maí

13.00 – Leikstjórn/Framleiðsla (1., 2. og 3. önn)
20.00 – Leikstjórn/Framleiðsla (4. önn – útskriftarmyndir)

18. maí

12.00 – Skapandi tækni (1., 2. og 3. önn)
20.00 – Skapandi tækni (4. önn – útskriftarmyndir)

19. maí

13.00 – Handrit/Leikstjórn (1., 2. og 3. önn)
20.00 – Handrit/Leikstjórn (4. önn – útskriftarmyndir)

20. maí

13.00 – Leiklist (1., 2. og 3. önn)
20.00 – Leiklist (4. önn – útskriftarmyndir)

Þú finnur gjöfina hjá okkur

LSA
International

Púnsskál
11.900,- nú 8.925,-

Diskur á fæti
+ hjálmur
13.200,- nú 9.900,-

Skál
9.600,- nú 7.200,-

Skál á fæti
8.300,- nú 6.225,-

Diskur á fæti
10.300,- nú 7.725,-

7.400,- nú 5.550,-
Skálar 2 stk.

Kanna
3.100,- nú 2.100,-



13.900
nú 10.425,-

6.400,-
nú 4.800,-

7.200,-
nú 5.400,-



Margar gerðir af
vösum!



13.500,-
nú 10.125,-
Glös 4 stk.

7.600,-
nú 5.700,-
Glös 4 stk.

Karafka
7.900,-
nú 5.925,-



Diskur á fæti
10.200,- nú 7.650,-



LSA stauþ 4 stk.
4.200,- nú 3.150,-

FRÁBÆR VERÐ Á GJAFAVÖRU FRÁ CERVE

Dæmi um verð á vörum frá CERVE

City glös 6 stk.
verð 2.900,- nú 2.175,-
Desertskálar á fæti 6 stk.
verð 6.900,- nú 5.175,-
Desertskálar 6 stk.
verð 3.900,- nú 2.925,-
Stauþ 6 stk.
verð 1.950,- nú 1.465,-
Há glös 6 stk.
verð 2.900,- nú 2.175,-
Há stór glös 6 stk.
verð 3.900,- nú 2.925,-



25% afsláttur af öllum húsgögnum og gjafavöru

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

**HEIMA
HÚSIÐ**

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Orareggi mood lifum
GALLERY GOLF
PARKET-FLISAR

23%
AFSLATTUR



VERÐ ÁÐUR:
3.495,-

2.695

Barnaskór
Flottir PRINCESS og
SPIDERMAN
barnaskór á
frábæru verði!
Stærðir: 23-30.

GERÐU GO

SPARID
18.960



Jutlandia
AL

BORÐ OG
4 STÓLAR

54.990

**ANDRIA borð og 4
UDINESE armstólar**
Glæsilegt borð með
svartri glerplötu og ál-
grind, klæddri með sterku
polyrattan efni. Stærð á
borði: Ø110 x H73 sm.
Flottir armstólar í stíl með
sterku polyrattan efni.
Borð 29.990,-
Stóll 10.990,-




13 LÍTRA
MED LOKI

995

13 lítra plastkassi
Góður plastkassi með loki og
handfangi.

VESTI

2.495



**Herra- og
dömuvesti**
Falleg herra- og
dömuvesti á
frábæru verði!
Fást í þremur
fallegum litum:
Rauðu, brúnu
og svörtu.

NÝTT



BARNA-
REGNGALLI

3.995

Barnarenggallar
Flottir barnarenggallar á
stráka og stelpur.
Nokkrir mismunandi litir og
stærðir fáanlegar.

4 PÖR

GARÐ-
HANSKAR

695



Garðhanskar
4 pör saman.



BLÓMA-
POTTUR

3.995

Blómopottar
Litir: Rauður
og lime.



BLÓMA-
POTTUR

995

**Blómopottur
úr plasti**
Stærð: Ø39 x
35 sm.

VERÐ
ÁÐUR: 795

499

**Blómopottur
úr tré**
Stærð: B16 x
L34 x H18 sm.

VATNSBYSSA

299



Vatnsbyssa
Fæst í 3 flottum
litum!

37%
AFSLATTUR



SÁPUKÚLUR

99

Sápukúlur
Frábært verði!

ÓÐ KAUP!

TILBOÐIN GILDA 14.05 - 15.05



RENGALLAR

2.995

Regngallar
Ódýrir regngallar
á fulloröna.

FRÁBÆRT
VERÐ!

COLORADO kúlugrill
Lítið og nett kúlugrill úr
emleruðu, svörtu járn.
Stærð: Ø43 sm.
Vinnuhæð: 60 sm.

KÚLUGRILL

3.895

BBC
LIFE



SÓLSTÓLL

9.995

OXFORD sólstóll
Með bykkri setu,
háu baki og skemli.
5 stillingar á
baki. Aklæði úr
polyester.



ALLT SETTIÐ

459

Grilláhöld
Fín grilláhöld.
3 stk. saman í
pakka. Settið inni-
heldur spaða,
gaffal og tóng.

3 STK.



SPARIÐ
1.995

BORÐ OG
2 STÓLAR

12.990

COMO borð og 2 **COMO** armstólar
Ryðfritt garðborð úr áli og stólar í stíl. Glerplata úr hertu gleri.
Stærð á borði: Ø60 sm. Sessa og bak úr sterku polyratian
efni. Borð 4.995,- Stóll 4.995,-

GRILLBURSTI

299



Grillbursti
Góður, langur grillbursti.



6 PÖR AÐEINS:

995

6 PÖR

**Herra- og
dömusokkar**
Góðir sokkar fyrir
dömur og herra.
6 pör saman í
pakka. Stærðir:
36-46.

FLÍSPEYSA

2.495

Flíspeysur
Flottar flíspeysur á dömur og
herra. Nokkrar stærðir.

fossflakes™
-the future in luxury™

FOSSFLAKES SUPERIOR sæng

Lúxus sæng fyllt með 70% af FOSS-
FLAKES og 30% af sílikonhúðuðum
polyester holtrefjum. Hið nýja FOSS-
FLAKES efni er létt og mjúkt og minnir í
flesta staði á dún. Sængin er saumuð í
4 x 6 sm. ferringa með veggjum á milli
hólfa og því helst fyllingin jöfn yfir alla
sængina. Sængin viðheldur réttu hita-
stigi við notkun og kemur í veg fyrir
svitamyndun. Þórir þvott og þurrkun
við 60°C. Heldur lögum sinni
þvott eftir þvotti! Stærð: 140 x
200 sm. Vandað, þéttfíð
áklæði úr 100% bómull.
Tilvalin sæng fyrir astma-
og ofnæmissjúklinga.
Sængurtaska fylgir.

SPARIÐ
1.000

FULLT VERÐ:
8.995,-

7.995

FOSSFLAKES
KODDI ST. 50 x 70 SM.
2.995



**RÚMFATA
LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Þetta er snúið verkefni,“ segir Constanze Stelzenmüller um þjóðaratkvæðagreiðslur og framkvæmd þeirra. „Þverstaðan er sú að til þess að framkvæma beint lýðræði svo vel fari er nauðsynlegt að stofnanir ríkisvaldsins séu sterkar. Það er ekkert annað en söguleg mýta að borgararnir geti gert þetta allt saman upp á eigin spýtur. Og kannski er engin tilviljun að slíkar sögur verði vinsælastar þegar vandamálin eru stærst. Þegar myrkrið er hvað svartast grípur fólk til þess ráðs að flauta í myrkrinu, eins og við segjum í Þýskalandi. En það dugar ekki alltaf.“

Stelzenmüller er stjórnlagafræðingur og skrifaði doktorsritgerð sína um beint lýðræði í Bandaríkjunum. Hún hófst handa við þær rannsóknir seint á níunda áratug síðustu aldar, en á þeim árum fóru fram miklar umræður um þjóðaratkvæðagreiðslur í Þýskalandi. Margir vildu auka mjög veg þeirra í þýskum stjórnárum.

Reynsla Þjóðverja

„Margir hafa sagt, sagnfræðingar meðal annars, að Þjóðverjar hafi mjög slæma reynslu af þjóðaratkvæðagreiðslum frá því á tímum Weimar-lýðveldisins. Þeim var kennt um það sem á eftir kom, Hitler og helförina, sem var fátíðlegt því það var ekki þjóðaratkvæðagreiðslan sem skapaði Hitler. Þjóðaratkvæðagreiðslur skapa hins vegar ákveðið andrúmsloft og ófgamenn notfærðu sér þetta óspart til þess að kynda upp í stjórnárum-ræðunni. Við vitum það núna hve þjóðaratkvæðagreiðslur eru viðkvæmar og hve auðvelt að hafa áhrif á þær. Ég hafði áhuga á að skoða þetta í tengslum við umræðu Þýskalands um sjálft sig, um það hve frjáls við getum verið til að taka sameiginlegar ákvarðanir um grundvallarmál. En svo kom auðvitað 1989. Það var í fyrsta skipti í sögunni sem við upplifðum lýðræðislega byltingu án blóðsúthellinga, og út úr því kom svo sameining Þýskalands.“

Varð æ svartsýnni

Hún hélt því ótraud áfram rannsóknunum sínum, lauk doktorsritgerðinni árið 1992 og tveimur árum síðar var hún gefin út á bók.

„Ég verð að segja að meðan ég var að rannsaka þetta og þangað til ég lauk við að skrifa þetta þá snerist ég frá bjartsýni yfir í svartsýni á þjóðaratkvæðagreiðslur. Það þýðir ekki að ég sé á móti þeim, en ég held að við höfum tilhneigingu til að vanmeta fulltrúalýðræði og jafnvægi sem þarf að vera milli hinna þriggja greina ríkisvaldsins. Því reyndari og eldri sem ég verð því betur átta ég mig á því hve dýrmætt þetta er.“

Henni þykir forvitnilegt að heyra að hér á landi standi nú yfir vinna við endurskoðun stjórnskráránnar. Ekki síður vekur athygli hennar, að í tengslum við þessa endurskoðun sér rætt um að gera þjóðaratkvæðagreiðslum hærra undir höfði.

„Ég held að það hljóti að koma upp þær aðstæður að við viljum bera mál undir þjóðina, og þá þarf að vera farvegur til þess. Hér á landi ætti ekki að vera neitt því til fyrirstöðu. Fólk er vel menntað með góða þekkingu á stjórnárum.“

Rætur í bækjarfundum

Rannsóknir hennar á beinu lýðræði í Bandaríkjunum sýna hins vegar, að þar hafi einkum tvennt farið úrskæðis sem ber að varast. Svo byrjar hún á að rekja forstöðuna.

„Í Bandaríkjunum var mjög snemma byrjað á að efna til bækjarfunda sem voru sjálfstjórnarfundir bækjarfélagsins með svipuðum hætti og tíðkast í Sviss. Þetta var gert í ensku nýlendunum

Orðin svartsýn á beint lýðræði

Þýski stjórnlagafræðingurinn **Constanze Stelzenmüller** segir Ísland vel til þess fallið að styrkja möguleikana á þjóðaratkvæðagreiðslum. Hins vegar þurfi að vanda til verka og ekki megi vanmeta kosti fulltrúalýðræðisins. Hún var hér á landi fyrir skömmu og ræddi þá við **Guðstein Bjarnason**.



Ef gagnkvæmt aðhald hinna þriggja greina ríkisvaldsins, eftirlit og jafnvægi eins og það er nefnt í Bandaríkjunum, er lykilatriði í lýðræðisfyrirkomulagi, hvar er þá þetta gagnkvæma aðhald í beinu lýðræði?

löngu áður en Bandaríkin urðu til. Upp úr þessum bækjarfundum spratt svo rík hefd fyrir því að stjórnskrár einstakra ríkja Bandaríkjanna væru bornar undir íbúana. Eftir því sem Bandaríkin þöndust út til vesturs á nítjándu öldinni styrktist þessi hefd í sessi og undir þessa þróun ýttu róttækar lýðræðishreyfingar, sem oft byrjuðu sem pólitísk uppreisn gegn rötgrónum valdaklíkum.“

Grundvallarmunur

„Næstum öll nýju ríkin, sem bættust í hópinn, létu haldra allsherjaratkvæðagreiðslur um stjórnskrárna. Mjög sjaldan var hins vegar efnt til íbúakosninga um önnur lög, en það stafar af því að gerður var greinarmunur á grundvallaratriðum, sem eiga heima í stjórnskrár, og minniháttar atriðum, sem eiga ekki að vera í stjórnskrá heldur nægir að hafa þau í almennum lögum. Mannréttindi til dæmis eru grundvallarmál sem eiga að vera í stjórnskrá en umferðarreglur eiga bara að vera í almennum lögum. Hugmyndin á bak við þennan greinarmun er sú, að þjóðin er fullvalda og í grundvallarmálum þarf því að spyrja hana. En það eiga að vera undantekningartilvik.“

Mörkin hverfa

„Mistökinn voru hins vegar þau, að þegar leið á 19. öldina urðu mörkin þarna á milli æ óljósari. Ný öfl, sem vildu komast til áhrifa, tóku upp á því að láta kjósa um þessi minniháttar mál í kosningum um stjórnskipunarlæg, og afleiðingin varð sú að stjórnskrár sumra ríkja Bandaríkjanna eru álfka þykkar og símaskrár. Í þeim er að finna ákvæði sem verða úrelt nánast um leið og þau taka gildi.“

Hún nefnir kostulegt dæmi úr stjórnskránni í Kentucky, þar sem tilgreint var hvaða laun konurnar í fatageymslu þingsins áttu að hafa.

„Þetta er auðvitað fátíðlegt dæmi, en sýnir hve farið var langt með þetta. Afleiðingin er hins vegar sú að enn í dag mæta bandarískir kjósendur á kjörstað á tveggja ára fresti og fá þá víða í

hendurnar geysiflókkinn kjörseðil með löngum lista yfir margvísleg efni, sem þeir eiga að taka ákvörðun um. Mörgum fallast þá hendur og margir taka einfaldlega ekki þátt í svona kosningum.“

För úr böndunum

„Eftir því sem fólk er gert erfiðara fyrir að kjósa því auðveldara verður hins vegar fyrir sérhagsmunafólki að hafa áhrif á kosningarnar. Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við það að fólk reyni að hafa áhrif á útkomu kosninga í málum sem það lætur sig miklu varða, en það má segja að í Bandaríkjunum hafi menn misst algerlega stjórna á þessu.“

Hér máttu samt ekki misskilja mig, því ég tel engan veginn að sérhagsmunir séu í sjálfu sér slæmir. Hver einasti einstaklingur hefur sérhagsmuna að gæta, nema hvað sumir eru valdameiri en aðrir.

Það þarf bara að tryggja að skilyrði séu gerð um að ákvarðanabær meirihluti sé nægilega stór. Það á ekki að duga, til dæmis, að eitt fyrirtæki taki upp á því að segja starfsfólki sínu að greiða einhverju atkvæði og það nægi til þess að málið verði sett á dagskrá til löggjafar. Einnig þarf að hafa skynsamlegar reglur um lágmarksmeirihluta. Að mínu viti er í lagi að hafa einfaldan meirihluta þegar ekki er verið að kjósa um grundvallarmál, en þegar efnt er til kosninga um grundvallarmál ættu menn að vilja hafa aukinn meirihluta, sem yfirleitt hefur verið hafður tveir þriðju eða jafnvel þrjú fjórðu atkvæða.“

Grafíð undan vægi stofnana

Það sem fór úrskæðis í Bandaríkjunum er því, að mati Stelzenmüller, annars vegar þegar menn fóru að blanda saman kosningum um grundvallaratriði stjórnskipunar og kosningum um almenn lög sem snúast um ýmis úrlausnarefni í samfélaginu. Það gerir hlutina of flókna sem gerir það að verkum að sérhagsmunafólki eiga auðveldara með að hafa áhrif á niðurstöðurnar.

Hitt atriðið, sem óvarlega hefur verið

farið með í Bandaríkjunum, er heimild helstu stofnana ríkisvaldsins, svo sem þingsins, til þess að skjóta málum til íbúanna með því að efna til kosningar.

„Þarna er það stofnun fulltrúalýðræðis sem setur ferlið af stað og þar með er þetta ferlið einn liðurinn í valdajafnvægi og gagnkvæmu aðhaldi hinna ólíku greina ríkisvaldsins. Þetta getur í sjálfu sér verið réttlætunlegt, en í framkvæmd verður það oft mjög umdeilanlegt. Ástæðan er sú að í eðli sínu snýst þetta um að stofnun, sem ber ábyrgð á verkefnum sem hún var annað hvort kosin til eða falið að sinna, tekur ákvörðun um að ákveðið mál sé of viðkvæmt og vill koma sér undan ábyrgðinni. Fá öðrum ákvörðunarvaldið. Nefnilega þjóðinni. Þetta grefur undan þeirri stofnun, veikir hana.“

Gagnkvæmt aðhald

„Spurningin sem þarf að spyrja er þessi,“ segir Stelzenmüller og tekur fram að nú sé hún að komast að kjarna málsins: „Ef gagnkvæmt aðhald hinna þriggja greina ríkisvaldsins, eftirlit og jafnvægi eins og það er nefnt í Bandaríkjunum, er lykilatriði í lýðræðisfyrirkomulagi, hvar er þá þetta gagnkvæma aðhald í beinu lýðræði?“

Í þjóðaratkvæðagreiðslu er það þjóðin ein sem tekur ákvörðun. Ef engin önnur stofnun ríkisvaldsins getur veitt þessu beina valdi þjóðarinnar neina mótspyrnu, þá er eins gott að vanda til verka þegar þjóðin tekur ákvörðun.

„Svarið við spurningunni er náttúrulega þetta: Aðhaldið þarf að vera í umgjörðinni, reglunum sem settar eru um þjóðaratkvæðagreiðslur, kröfum um lágmarksþátttöku og lágmarksmeirihluta og svo framvegis. En hvað ef ferlið virkar fullkomlega en niðurstaðan verður samt þvert á þau gildi, sem lögð eru til grundvallar í íslensku stjórnskránni?“ spyr hún, og svarar sér aftur sjálf: „Ef svo fer, þá þarf að minnsta kosti að gera ráð fyrir því að hæstiréttur eða stjórnlaga-dómstóll geti haft eitthvað um málið að segja.“

KOMA SÉR UNÐAN ÁBYRGÐ

Í nútímalýðræði hafa stjórnmálamenn ýmsar leiðir til þess að koma sér undan ábyrgð á þeim verkum, sem þeim er þó falið að sinna,“ segir Stelzenmüller.

Ein þessara leiða er að láta almenniga taka ákvarðanir um óvinsæl mál, sem gætu kostað þingsæti eða ráðherrastól. Önnur er sú að vísa málum til hæstaréttar.

„Í Þýskalandi gerum við mikið af því. Þýskir stjórnmálamenn vilja gjarnan láta stjórnlagaðómstól landsins taka ákvarðanir í erfildum málum. Ég tel þetta

hafa ýmis vandamál í för með sér, sérstaklega þegar dómstóllarnir eru farnir að taka ákvarðanir í málum sem eru pólitísk í eðli sínu. Hæstiréttur Bandaríkjanna fer öðru vísi að, því hann hefur sett sér strangar reglur um sjálfstaumhald og neitar að taka að sér mál sem gætu raskað jafnvægi hinna þriggja greina ríkisvaldsins með því að færa út valdmörk dómvaldsins. Ég vildi gjarnan að þýski stjórnlagaðómstóllinn gerði meira af þessu.“

Hún nefnir einnig tregðu

þýskra stjórnmálamanna til þess að taka ábyrgð á aðgerðum þýska hersins, til dæmis í Afganistan.

„Hvorki kanslarinn né þing-ið hafa viljað beina kastljósinu að sér við að taka hættulegar ákvarðanir, svo þau reyna að ramma hlutina þannig inn að þeir verði tæknileg afgreiðsluatriði fyrir herinn frekar en þær grundvallar pólitísku ákvarðanir sem þær eru í raun. Þýski herinn gerir sér grein fyrir þessu og notfærir sér það, en þetta er líka gömul hefð.“



VORTILBOÐ á Korputorgi



**40%
AFSLÁTTUR
SPARAÐU
31.600**

SUMMER
Borð + 4 stólar. Verð áður 76.500. **NÚ 44.900.**
Borð, hert gler og ál. 162 x 92 x 73 cm. Verð áður 24.900. NÚ 14.900.
Stóll, ál og polytreffjar. Verð áður 12.900. NÚ 7.500.

**KORPU
OUTLET**



**20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
STUTTERMA-
BOLUM**



**SPARIÐ
20.000**

CARPI borð + zja sæta sófi + 2 stólar
Verð áður 99.990. **NÚ AÐEINS 79.990.**

Stihreint sett úr áli og sterku, veðurþolnu polyrattan-efni. Flott borð, 2 stólar og zja sæta sófi í stíl. Hægt að nota bæði innan- og utandyra. Sessur með áklæði sem hægt er að taka af og þvo. Stærð á borði: 53 x 90 x 42 cm.

**the
PIER**



Börnin fá mjúkdýr gefins á meðan birgðir endast.

**ÞÚ
SPARAR
800**



Plastmatarstell verð áður 1.990. **Tilboð á Korputorgi 1.190.**

Borð + 4 stólar verð áður 85.500. **Tilboð á Korputorgi 65.500.**

**ÞÚ SPARAR
20.000**



KORPUTORG

korputorg.is



GOSPELGLEÐI Sameinaður kór eldri og yngri Litrófsstúlkna flytur Gospelgleði af einlægni og krafti svo undir tekur í Fella- og Hólakirkju.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



DROTTINN BLESSI ÞIG Marta Andrésdóttir leiðir stallsystur sínar í söng.



Í **LÉTTUM DANSI** Lilja Rós Kristbjörnsdóttir, Kolbrún Gränz, Katrín Ingunn Björnsdóttir og Bryndís Ósk Einarsdóttir taka sporið. Dansarnir sem stelpurnar sýna eru samdir af Írisi Andrésdóttur sem einnig er félagi í Listasmiðjunni Litrófi.



VANAR AÐ KOMA FRAM Lilja Rós Kristbjörnsdóttir, Hjördís Bára Hjartardóttir Jacobsen, Katrín Ingunn Björnsdóttir og Helga Lilja Pálsdóttir eru orðnar alvarar því að koma fram á tónleikum eftir þátttökuna í Litrófi.

Það besta sem hefur komið fyrir okkur

Listasmiðjan Litróf hefur verið starfrækt um nokkurra ára skeið. *Sigríður Björg Tómasdóttir* og *Stefán Karlsson* fóru í heimsókn í Fella- og Hólakirkju og hittu hressar stelpur sem hittast vikulega til að syngja og dansa.

Eruð þið frá Fréttablaðinu,“ segja stelpur sem taka blaðamanni og ljósmyndara fagnandi. Stúlkurnar eru allar þátttakendur í Listasmiðjunni Litrófi sem hefur verið starfrækt í Fella- og Hólakirkju frá árinu 2007. Smíðjan er hugarfóstur Ragnhildar Ásgeirsdóttur djákna sem segir hana hafa orðið til eftir vangaveltur um hvernig væri hægt að sameina íbúa af erlendum uppruna og Íslendinga í hverfinu. „Markmiðið var að vera með skapandi starf. Mest höfum við sinnt tónlist og söng en við dönsum líka og æfum leikrit,“ segir Ragnhildur sem er afar ánægð með hvernig til hefur tekist. Og fleiri hafa veitt starfinu athygli en listasmiðjan hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í flokknum til atlögu gegn fordómum.

Listasmiðjan er starfrækt í tveimur aldurshópum, annars vegar eru saman krakkar í 4. til 6. bekk og hins vegar í 7. til 10. bekk. Engir strákar eru í hópnum og þegar blaðamaður spyr hópinn hvort þeirra sé saknað eru stelpurnar ekkert á því. Ragnhildur



RAGNHILDUR ÁSGEIRSDÓTTIR Litrófið á að endurspegla mannlíf í Breiðholti.

segist ekki kunna á því skýringu nema að tónlist og dans höfði hugsanlega meira til stúlkna.

Óhætt er að segja að tónlistin hljómi vel hjá stelpunum. Öll hersingun stillir sér upp í kirkjukórnum og syngur lagið Gospelgleði sem hljómar afar vel enda sungið af þrótti og krafti.

Að loknum samsöngur er haldið í safnaðarheimilið. Yngri hópurinn syngur lag úr Litlu ljót. „Við ætlum að setja það upp í haust,“ segja stelpurnar. Eldri stúlkurnar sýna dans og syngja svo lagið „Drottinn blessi þig,“ sem hljómar afar vel. En það sem vekur mesta

athygli utanaðkomandi gests er gott andrúmsloft og vinarþel sem ríkir í hópnum. Þegar sest er niður með eldri hópnum er það einmitt það sem stelpurnar vilja segja mér frá. „Við erum allar svo glaðar alltaf og geðveikt skemmtilegar,“ segir Hjördís Bára Hjartardóttir Jacobsen og hlær. „Litrófið er það besta sem hefur komið fyrir okkur, þetta er svo frábært starf, frábærir krakkar og leiðbeinendur,“ segir Bryndís Ósk Einarsdóttir. Og ein af annarri og allar í hóp segja þær mér að þær spjalli mikið saman, hittist fyrir utan æfingar og kynnist æ betur, ekki síst í ferðalögum. Stelpurnar fóru til Svíþjóðar í fyrra, og Akureyrar á dögnum. Flestar eru stelpurnar úr Breiðholti en líka eru nokkrar úr Kópavogi. Nokkrar úr hópnum eru af erlendu bergi brotnar.

„Við létum listasmiðjuna heita Litróf enda á hún að endurspegla allt mannlífið, hér í hverfinu er mikið af innflytjendum og markmiðið var að laða börnin í uppbyggilegt starf, það hefur tekist vel, hingað mættu 10 stelpur á fyrstu æfinguna en nú eru 70 skráðar í Litrófið,“ segir Ragnhildur að lokum.

SYNGJUM OG FÖRUM Í FERÐALÖG

„Við erum að æfa okkur að syngja og svo förum við í ferðalög,“ segir Karítas Guðrún Pálsdóttir. Hún og Kristín Andrea Arnarsdóttir eru í yngri hóp listasmiðjunnar Litrófs. Þær eru báðar í 5. bekk Hólabrekkuskóla. „Ég hef verið í Litrófi í tvö ár, kom hingað fyrst með vinkonu minni,“ segir Kristín. „Ég hef verið þrjú eða fjögur ár,“ segir Karítas. Báðum finnst mjög gaman að taka þátt í Litrófinu. „Við erum að fara að æfa Litlu ljót, við sungum í Abba-sýningu og svo höfum við gefið út disk.“ Spurðar um áhugamál stendur ekki á svari. „Það er skemmtilegast að syngja.“

KARÍTAS OG KRISTÍN Góðar vinkonur sem hafa gaman af því að syngja.



Fylgist með
dagskrá
helgarinnar á
www.sjosport.is

Allt í sjósportið

Höfum opnað nýja sérverslun í Súðavogi 42 með nánast allt sem viðkemur sjó- og vatnasporti. Fjölbreytt opnunartilboð ásamt sýningu á spennandi bátum, tækjum og tólum. Verið velkomin!

Opið í dag laugardag frá kl. 10 - 16



Purr gallar
GUL shadow þurr gallar m/öndun
+ GUL flísgalli
Opnunartilboð
69.900 kr.
Fullt verð: 87.800 kr.



Seago Automatic
uppblásanlegt björgunarvesti
Opnunartilboð
14.900 kr.
Fullt verð: 17.900 kr.



Einnig
fáanlegir í tösku

ISO9650 lífbjörgunarbátur
4 manna í hylki fyrir báta yfir 6m
Opnunartilboð
189.900 kr.
Fullt verð: 229.900 kr.



Snappy kayakbuxur
og þurrstakkur
Opnunartilboð
38.800 kr.
Fullt verð: 48.600 kr.



Vatnshelt MP3 hulstur
og vatnsheld heyrnatól
Opnunartilboð
4.900 kr.
Fullt verð: 6480 kr.



Aquatic kayakvesti
fyrir þá sem gera kröfur
Opnunartilboð
16.900 kr.
Fullt verð: 21.720 kr.



Sjósundsvörur frá GUL Opnunartilboð

Hanskar **4.500 kr.** Hettur **4.500 kr.**
Verð áður 5.900 kr. Verð áður 5.900 kr.
Skór **5.500 kr.**
Verð áður 7900 kr.




Rock oil MP3 Sport 1
tvívegngisólía, besta verðið á
landinu jafnvel án afsláttar
Opnunartilboð
1.550 kr.pr.liter
Fullt verð 1975 kr.



Navisafe
díóðu köfunar-vasaljós
Opnunartilboð
3.400 kr.
Fullt verð 4400 kr.



NACR SOLAS strope
á björgunarvesti
Opnunartilboð
9.900 kr.
Fullt verð 13250 kr.



Fyrirframpantanir á
Sit-On-Top veiðikayak og
Exodus alvöru sjókayak

ISLANDER Angler
Sit-On-Top veiðikayak á sjó eða
vötnum
Opnunartilboð:
135.920 kr.
Fullt verð: 169.900 kr.

**Kynnum
nýjasta
sjósportið**

**Thunder Cat
RACING**



**Notaðir
bátar til sölu
á staðnum**



Vandaðir
krakka
blautbúningar
frá GUL
Verð: **12.900 kr.**

Fjallabúnaður frá Ítalíu
á ótrúlega hagstæðu verði
Mannbroddar NEVIS 10P 14.900 kr.
Mannbroddar ICE Classic 12P 16.900 kr.
Alpin Tour ísexi 50-70cm T-Class 12.900 kr.
Fjalla- og klifurhjálmur frá 8.490 kr.
Discovery öryggisbelti 6.900 kr.

G&G

Gúmmibátar
& Gallar

Sjósport

**Thunder
RACING**



Súðavogi 42 (gegnt afleggjara að Snarfara) • 571 1020 • www.sjosport.is

Eftirtaldir aðilar verða með kynningu í tilefni opunarinnar



Bindur vonir við Hörpu

Stórmeistarinn **Héðinn Steingrímsson** er nýkrýndur Íslandsmeistari í skák, en mótið vann hann síðast sem fimmtán ára gamalt undrabarn árið 1990. Hann sagði *Kjartani Guðmundssyni* frá lífi atvinnumanns í skák og kostum þess að vera menntaður tölvunarfræðingur í íþróttinni.

Í mínu tilfalli hefur skákin alltaf snúist um að verða betri skákmaður, að þróa mína hugsun og hæfileika áfram. Eg hef lagt mun meiri áherslu á það og það hefur skipt mig meira máli en margt annað,“ segir Héðinn Steingrímsson stórmeistari, sem varð Íslandsmeistari í skák í annað sinn í lok síðasta mánaðar.

Þetta er í annað sinn sem Héðinn stendur uppi sem sigurvegari á Íslandsmótinu í skák. Fyrri titillinn kom fyrir heilu 21 ári, árið 1990, þegar Héðinn var fimmtán ára undrabarn í íþróttinni og sá yngsti til að verða Íslandsmeistari. Það met stendur enn. Alls hefur hann einungis keppt þrisvar sinnum á Íslandsmeistarasmótinu, tvisvar unnið og einu sinni orðið í öðru sæti og árangurinn því eftirtektarverður.

Teflir fyrir þýskt lið

Héðinn hóf skákferil sinn ungur að árum í Ísaksskóla og keppti fyrst á Norðurlandamóti fyrir Íslands hönd sjö ára gamall. Í kjölfarið tefldi hann á hverju ári í sínum aldurflokki á Norðurlandamótum og sigraði undantekningalaust. Þá er ótalinn fjöldi titla, sem Héðinn vann til heima fyrir. Héðinn varð síðan heimsmeistari í skák í flokki tólf ára og yngri í Puerto Rico árið 1987.

Héðinn, sem tryggði sér stórmeistaratitil í skák árið 2007, er í dag stigahæsti virki skákmaður landsins og sá næststigahæsti ef allir eru taldir með, en hann vantar enn fjórtán ELO-stig til að skáka Jóhanni Hjartarsyni í þeim efnun.

Sigur á Íslandsmótinu í lok apríl tryggði Héðni keppnisrétt á Evrópumóti einstaklinga, en einnig sæti í landsliði Íslands sem etur kappi við aðrar Evrópuþjóðir í borginni Heraklion á eyjunni Krít í Grikklandi í nóvember. Þá teflir Héðinn fyrir þýska liðið Hansa Dortmund í þýsku Bundesligunni, sem er sterkasta deildakeppni heims ásamt þeirri rússnesku, en næsta verkefni liðsins er einmitt fjögurra liða

úrslit þýsku deildakeppninnar í borginni Baden-Baden um næstu helgi.

„Þessa dagana undirbý ég mig af kappi undir þessar viðureignir, enda geri ég ráð fyrir að tefla þar við menn sem eru meðal stigahæstu skákanna heims,“ segir Héðinn, en meðal þeirra sem keppa í þýsku Bundesligunni, fyrir lið frá Baden-Baden, er Indverjinn Viswanathan Anand, en hann er heimsmeistari í skák og stigahæsti skákmaður heims. Spurður hvort ekki fylgi því mikil ferðalög að tefla fyrir lið í öðru landi segir Héðinn svo vissulega vera. „En svona er bara líf skákmannsins. Eg er alltaf á ferð og flugi.“

Tölvunarfræðin gagnast vel

Héðinn er tölvunarfræðingur að mennt og starfaði í tölvugeiranum við að þróa íslenska flugumferðarstjórnunarkerfið, áður en hann sneri sér alfarið að skákinni. Í dag grípur hann í skák-



ÍSLANDSMEISTARI Héðinn Steingrímsson er atvinnumaður í skák og teflir meðal annars fyrir liðið Hansa Dortmund í þýsku Bundesligunni, einni sterkustu deild heims.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

fræðingar. Íþróttin er líka mjög áhugaverð út frá sjónarhóli tölvunarfræðinnar,“ segir Héðinn og bætir við að skákin hafi svokallað veldisvísiflækjustig, sem sé í raun hæsta mögulega flækjustigið. Skákhugbúnaður sé mjög áhugaverður og háþróaður frá sjónarhóli tölvunarfræðinnar og spennandi að kljást við nálgun á bestu lausn í óvissu umhverfi, rétt eins og í daglega lífinu.

„Bæði eru til gagnagrunnsfor-

Vantar öflugri vélbúnað

Hann segir slík forrit búa yfir allt annarri nálgun á skák en mannhugurinn. Því gagnast honum vel að vera tölvunarfræðingur því hann þekki styrk- og veikleika forritanna og hvernig best sé að nýta þau til að ná fram sem vænlegastrí niðurstöðu og túlka niðurstöðurnar á skynsamlegan hátt. Einnig sé kostur að hafa þekkingu á því hvernig mannhugurinn vinnur, en Héðinn hefur kynnt sér þau mál

þessa dagana vera að vinna í því að tryggja sér aðgang að besta mögulega tæknibúnaði, enda mikil átök og erfiðir andstæðingar sem bíða á komandi stórmótum. Það sé þó mjög fjárfrekur ferill og ástandið í þjóðfélaginu hjálpi ekki til í því sambandi. „Núna er ég að keyra þessi forrit á ferðatölvunni minni og PC tölvu dag og nótt. Í tilfalli BlueGene/P ofurtölvunnar, þá var og er viðkomandi skákmaður styrktur af sínu landi, en ástandið hér á Íslandi er auðvitað þannig að fáir eru aflögufærir. Eg er þó aðeins að leita fyrir mér í þessum málum,“ segir Héðinn og bætir við að þeir sem vilji fræðast nánar um þessi mál megi gjarnan senda honum tölvupóst á netfangið islandsmeistari@visir.is.

Proskandi íþrótt

Héðinn segir vitað að skákiðkun hafi fjölmarga kosti fyrir unga sem aldna. Hún hjálpi börnum og unglíngum að temja sér einbeitingu og þolinmæði og ábyrgðartilfinningu og stuðli að margs konar reikni- og rökfræðisprosa, svo fátt eitt sé nefnt.

„Það er mjög mikilvægt að opna dyr að skákinni fyrir okkar yngri kynslóðum og því styð ég fyrirhuguð áform um að gera skák að skyldunámssgrein í grunnskólum af heilum hug,“ segir Héðinn. „Því er einnig spáð að Alzheimers-sjúkdómurinn verði eitt stærsta viðfangsefni heilbrigðiskerfisins í framtíðinni. Það er aldurstengdur sjúkdómur og í vestrænum þjóðfélögum hækka lífaldur fólks. Um daginn las ég að fólk sem fær Alzheimer gæti fjölgað um helming hið minnsta á næstu áratugum. Það hefur verið sýnt fram á að besta leiðin til að fyrirbyggja og meðhöndla Alzheimer og viðlíka heilasjúkdóma er að vera andlega virkur, að örva heilabúð, og þar getur skákin spilað stórt hlutverk.“

Bindur vonir við Hörpu

Héðinn er sannfærður um að Harpa, nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið, geti nýst fyrir stærri skákviðburði og orðið lyftistöng fyrir skáklistina eins og tónlistina. „Áhorfendur þurfa ekki bara að geta notið stemningarinnar og spennunnar í skáksal, heldur líka að njóta þess að hitta vini og kunningja. Horfa á skákirnar á sjónvarpsskjáum og skeggræða þær, sem og landsins gagn og nauðsynjar, gjarnan með léttar veitingar við hönd. Eg ber miklar vonir til þess að við munum sjá stærstu skáknotin haldin í Hörpunni, að þar verði skemmtileg og spennandi umgjörð sem við Íslendingar munum njóta,“ segir Héðinn.



Það er mjög mikilvægt að opna dyr að skákinni fyrir okkar yngri kynslóðum og því styð ég fyrirhuguð áform um að gera skák að skyldunámssgrein í grunnskólum af heilum hug

kennslu hér á landi milli þess sem hann ferðast um heiminn og teflir. Mestur tími Héðins fer þó í undirbúning. Hann fylgist vel með nýjustu skákunum og les mikið af bókum um efnið, auk þess sem hann reynir að nýta sér tölvutækni til hins ítrasta.

„Sú þekking sem ég hef víðað að mér í gegnum tölvunarfræðina gagnast mér vel í skákinni, því að skákin hefur með tímanum færst mjög mikið í átt að tölvunarfræðinni. Þegar ég byrjaði að tefla notaði ég tölvu ekki neitt. Í raun kunni ég ekkert á tölvur áður en ég menntaði mig á því sviði. Í dag vinna fremstu skákmenirnir mjög mikið með tölvur og þurfa nánast að vera tölvunar-

rit yfir skákir sem tefldar hafa verið og viðlíka forrit sem tefla skák, en þau síðarnefndu nýtast til dæmis afar vel við að undirbúa skákbyrjanir. Ákveðnar leiðir í skákbyrjunum eru viðurkenndar sem þær bestu í fræðunum og líklegt er að mótherji þinn velji einhverja af þessum viðurkenndu leiðum eða jafnvel einhverjar leiðir sem eru í tísku þá stundina. Í þeim tilfellum getur maður farið yfir þá möguleika sem í boði eru í svona forritum, bæði til að kanna hvaða leiðir ætti að velja og forðast, en líka til að fá upplýsingar um það hvernig skákirnar þróast ef þessar ákveðnu leiðir eru valdar,“ segir Héðinn.

talsvert. „Það reynir á samvinnu mannhugans og tölvunnar og því komast tveir skákmenn, sem notast við nákvæmlega sama forritið, yfirleitt að mjög ólíkri niðurstöðu. Skákforritin eru sum hver orðin svo flókin að það er varla á færi annarra en tölvunarfræðinga að vinna með þau. Skákforrit, sem notuð eru til kennslu og undirbúnings, henta mjög vel fyrir það sem í tölvunarfræðinni er kallað samhlíða vinnsla, því hægt er að skoða áhrif mismunandi leikja samhlíða.“

Í síðasta heimsmeistaraveinviði í skák hafði annar keppendanna aðgang að BlueGene/P ofurtölvu frá IBM, einni stærstu og öflugustu tölvunni í heiminum í dag með 500 TFLOPS, en slík tölvu kostar gríðarlegar fjárhæðir. Nýlega kom fram á sjónarsviðið önnur leið til að nýta sér slíka tækni, sem byggist á dreifðri vinnslu. Þar heldur ein móðurtölva utan um gögnin og hægt er að tengja margar tölvur, sem eru vinnuhestar, við hana í gegnum internetið. Vinnuhestarnir geta verið hvaða nettengda tölvu sem er. Allt sem þarf er að hafa lítið skákforrit hlaðið inn á vinnuhestinn. Hægt er að koma þessu þannig fyrir að skákforritið keyri bara þegar ekki er verið að nota vinnuheststölvuna í annað. Einnig að bara móðurtölvan megi tengjast við port- og IP tölu vinnuheststölvunnar, og fyllsta öryggis sé þannig gætt.

„Leiðin sem byggir á dreifðri vinnslu er sveigjanlegri og ódýrari en ofurtölva, þó að ofurtölva hafi líka ákveðna kosti,“ segir Héðinn. „Ég hef áhuga á að sameina skákina og tölvunarfræðina enn frekar með því að rannsaka, í samstarfi við hirlendan háskóla, tölvunarfræðilegu nálgunina á skák, og áhrif mismunandi vélbúnaðarhögunar.“

Aðspurður segist Héðinn

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

Stórviðburður · Síðasta uppboð vetrarins Listmunauppboð

fer fram mánudaginn og þriðjudaginn 16. og 17. maí, kl. 18 báða dagana í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu verður gott úrval verka samímalistanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd: laugard. 11–17, sunnud. 12–17, mánud. 10–17 (öll verk) þriðjud. kl. 10–17 (verkin sem ekki eru boðin upp á mánudag)

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



Asgrímur Jónsson

PHILIPS VORTILBOÐ



Vorum að fá sendingu af
sjónvörpum á frábæru verði

Nokkur verðdæmi:

Philips 3000 línan

GÆÐI Á GÓÐU VERÐI – Full HD LCD
– USB tengi – 2 HDMI – Digital Crystal Clear

32" Philips
32PFL3605H

42" Philips
42PFL3605H

TILBOÐ

TILBOÐ

97.995

129.995

FULLT VERÐ 109.995

FULLT VERÐ 159.995



Philips 7000 línan

Frábær myndgæði með Ambilight baklýsingu
og nettengingu

ÖRPUNNT LED – AMBILIGHT – HD Natural Motion
– Pixel Precise – NetTV – Multimedia USB tengi – 4 HDMI.

32" Philips
32PFL7695H

37" Philips
37PFL7695H

TILBOÐ

TILBOÐ

149.995

199.995

FULLT VERÐ 179.995

FULLT VERÐ 279.995

40" Philips
40PFL7695H

42" Philips
42PFL7695H

TILBOÐ

TILBOÐ

214.995

229.995

FULLT VERÐ 289.995

FULLT VERÐ 299.995

46" Philips 32PFL7695H

TILBOÐ

279.995

FULLT VERÐ 399.995



Philips 8000 línan

Ótrúlega vel búin tæki með ómótstæðilegum
myndgæðum – Perfect Pixel HD

ÖRPUNNT LED – AMBILIGHT – Perfect Natural Motion
– Perfect Pixel HD – NetTV – Multimedia USB tengi – 4 HDMI.

32" Philips
32PFL8605H 100HZ

37" Philips
37PFL8605H 200HZ

TILBOÐ

TILBOÐ

169.995

239.995

FULLT VERÐ 199.995

FULLT VERÐ 299.995

40" Philips
40PFL8605H

46" Philips
46PFL8605H

TILBOÐ

TILBOÐ

299.995

379.995

FULLT VERÐ 359.995

FULLT VERÐ 499.995

200HZ / 3D READY

200HX / 3D READY



Philips 9000 línan

Toppurinn frá Philips – EISA VERÐLAUN BESTA
LCD SJÓNVARPIÐ 2010-2011

ÖRPUNNT 400HZ LED – AMBILIGHT – Perfect Natural Motion
– Pixel Pixel HD – NetTV með Wi-Fi – Multimedia USB tengi
– 4 HDMI – 3D READY.

40" Philips
40PFL9705H

46" Philips
46PFL9705H

TILBOÐ

TILBOÐ

399.995

499.995

FULLT VERÐ 499.995

FULLT VERÐ 649.995



TAKMARKAÐ MAGN



Heimilistæki ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT



Uppskriftir fyrir heilbrigðara líf*

1. Kalkúnabollur

300 g kalkúnakjöt (eða kjúklingur), 2 msk. söxuð kórianderlauf, 3 msk. kórianderfræ grófmöluð, 1 skalottlaukur saxaður smátt, 1/2 hvítlauksgeiri saxaður smátt, 1 msk. dijon-sinnep, 1 tsk. rifin engiferrót, kryddsalt og pipar, ólífuoía til steikingar.

Skerðu kalkún eða kjúkling smátt og hakkaðu í hakkavél eða matvinnsluvél. Blandaðu öllu saman við. Bollur mótaðar úr farsinu og steiktar á pönnu í ólífuoíu þar til þær eru orðnar gullbrúnar, eða í 7-10 mínútur samtals.

2. Kræklingapottur

30 kræklingar (um 500 g), 2 hvítlauksgeirar, 4 skalottlaukar, 2 blaðlaukar, 3 gulrætur, lófayfylli af skellujurt, ólífuoía, 1 tsk. nýrifin engiferrót, 1 msk. dijon-sinnep, 2 msk. sítrónusafi, 1/2 l vatn.

Hreinsaðu og burstaðu kræklinginn. Skerðu grænmetið smátt. Settu hvítlauk og lak í stóran pott ásamt oliunni, láttu krauma í 1 mínútu og bættu öllu hinu í pottinn. Láttu allt sjóða við háan hita í nokkrar mínútur þar til skeljarnar hafa opnað sig. Hentu þeim sem ekki opnað. Stráðu ef vill söxuðum graslauk yfir kræklinginn áður en hann er borinn fram.

3. Rótargrænmetisalat með bökuðum kartöflum

200 g rauðrófur, 150 g sellerirót, safi úr 1/2 sítrónu, 1 msk. ólífuoía, 1 tsk. kryddsalt, nýmalaður pipar á hnífsoddi, 1 msk. dijon-sinnep, 2 hvítlauksgeirar, lófayfylli af ítalskri steinselju, 2 bökunarkartöflur, 1 msk. ólífuoía, 1 tsk. kryddsalt.

Sjóddu rauðrófurnar, kældu þær og skerðu í ræmur. Skerðu líka hráa sellerirót í ræmur og blandaðu saman við rauðrófuræmurnar í skál, ásamt sítrónusafa, ólífuoíu, kryddsalti, pipar, sinnepi, söxuðum hvítlauk og saxaðri steinselju.

Penslaðu kartöflunrnar með ólífuoíu og stráðu kryddsalti á þær. Skerðu svo kross ofan í þær og bakaðu við 180 gráður í 35-40 mínútur.

4. Orkuríkt ávaxtasalat

2 kíví, 10 jarðarber, 1/2 papaja, 1 rautt epli, 1 msk. sesamfræ, 2 msk. brasíliuhnetur, 2 msk. kasjúhnetur

Flysjaðu kívín og skerðu í þunna báta. Skerðu jarðarberin í fjórðunga. Flysjaðu papajað, skafðu fráen úr því og skerðu það í teninga. Skerðu eplið í fjórðunga, kjarnhreinsaðu það og skerðu svo í litla bita. Blandaðu öllum ávöxtum saman í skál og stráðu léttistuðum sesamfræjum og grófsöxuðum hnetum yfir.

*úr bókinni *Léttara og betra líf* eftir Lene Hansson.

Mataræðið bætti heilsuna

Lene Hansson þjáðist af ofnæmi, exemi og astma þegar hún var unglíngur. Þegar hún breytti mataræði sínu þá hurfu allir kvillar og öll aukakíló fuku í leiðinni. *Sigríður Björg Tómasdóttir* ræddi við danska heilsuráðgjafann sem stefnir á að opna heilsumiðstöð á Íslandi í haust.

Þegar ég var unglíngur þá þjáðist ég mjög af ofnæmi og astma, exemi og heymæði. Hún varð til þess að ég varð að hætta hestamennsku. Í kjölfarið fitnaði ég mikið, reyndar um tuttugu kíló," segir Lene Hansson sem er danskur heilsuráðgjafi en nýverið kom út fyrsta bók hennar á íslensku, *Léttara og betra líf*. Átta vikna heilsuáætlun Lene Hansson.

„Ég fékk mikið af lyfjum til að stemma stígu við asmanum og ofnæminu en það hjálpaði mér ekki við að sigrast á kvillum sem hrjáðu mig. Vegna aukakílóanna var ég alltaf að leita að megrunarkúr sem virkaði, en það gekk aldrei. Ég missti nokkur kíló en svo gafst ég alltaf upp á kúrnum. Þangað til bókina *Fit for life* rak á fjörur mínar. Það er bandarísk bók sem fjallar meðal annars um samsetningu á mat og gefur fólki þau ráð að borða bara ávexti fyrstu fjóra tíma dagsins. Það er skemmst frá því að segja að á þremur og hálfum mánuði missti ég 20 kíló og ofnæmið og exemið hvarf sömuleiðis," segir Lene sem í kjölfar þessarar reynslu ákvað að helga líf sitt heilsuráðgjöf en hún er meðal annars menntuð sem næringarráðgjafi. Hún starfaði lengi á vikuritinu *Ude* og heima og hefur skrifað fjölda bóka um



LENE HANSSON Er íslenski útrás, nýverið kom út bók eftir hana á íslensku og í haust stefnir hún á að opna heilsumiðstöð á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mataræði og heilsu og gert sjónvarpsþætti í Danmörku. Bókin nýútkomna er hins vegar sú fyrsta sem kemur út í þýðingu og Lene ætlar sér enn stærri hluti á Íslandi. „Ég stefni á að opna heilsumiðstöð hér á landi í haust," segir Lene sem hefur reyndar margoð komið til Íslands, en stjúpá hennar Jóhanna Pálsdóttir er íslensk.

Lene sem einnig rekur heilsumiðstöð í Kaupmannahöfn hefur óbilandi trú á lækningarmætti matar og því að líkaminn geti

læknað sig sjálfur hugi fólk að mataræðinu. „Mér tókst sjálfri að koma lagi á líkama minn með því að breyta um mataræði. Ég hef margoð hjálpað fólki til dæmis að lækka blóðþrýsting og losna við ofnæmi."

Lene segir helsta vandamál í mataræði Vesturlandabúa vera að þeir bæði borði af mikið og svo borði þeir af mikið af rauðu kjöti, hvítu hveiti og sykri. Hún segir mennina geta lært ýmislegt af villtum dýrum. „Þau borða ekki of

mikið og þau borða eina fæðuteigund í einu. Við viljum alltaf blanda öllu saman, höldum alltaf að við fáum ekki nóg en endum með því að borða of mikið. Svo drekkum við mjólk ein spendýra eftir að móðurmjólkina þrýtur. Boðskapur mjólkurframleiðenda byggist að miklu leyti á aldargömlum upplýsingum og óttanum á kalkskorti ef við fáum ekki mjólkurafurðir, í dag þekkjum við fleiri leiðir til að ná í kalk," segir Lene sem segir sláandi hversu margir ofnæmissjúklingar sem hún hefur meðhöndlað lagist um leið og mjólkurvörur eru teknar út.

Lene ráðleggur fólki að borða ávexti á morgnana, nema þeim sem eru sykursjúkir, og blanda ekki saman kolvetnarífkum mat eins og pasta og próteinríkum mat eins og fiski og kjöti og segir það auðvelda meltingu og bæta líðan.

„Ávextir á morgnana slá á löngunina í eitthvað óhollt er líður á daginn," segir Lene sem mælir með fjölbreyttri fæðu í hádegi og á kvöldin og ávöxtum og grænmeti á milli mála. „Það er óþarfi að vera ófgafullur en við verðum þó að taka ábyrgð á heilsu okkar," segir Lene sem segir eðlilegt að fólk leyfi sér meira um helgar en á virkum dögum. „Ég hef stundum sagt að það sem gerist um helgar ráði ekki úrslitum um heilsu okkar og líðan, heldur það hvernig mat við borðum hina fimm daga vikunnar."

HEILSUPRÓF

Svaraðu eftirfarandi spurningum með já eða nei:

- Reykir þú?
- Drekkurðu innan við tvo lítra af vatni á dag?
- Borðarðu kjöt í kvöldmatinn oft en þrisvar í viku?
- Ertu meira en 15% yfir kjörþyngd þinni?
- Stundarðu hreyfingu í innan við 30 mínútur á dag eða sjaldnar en þrisvar til fjórum sinnum í viku?
- Borðar þú færri en sex skammta af grænmeti og ávöxtum á dag?
- Lene Hansson segir í bók sinni að ef svarið er já oft en einu sinni þá sé hætta á að næringarþörfum líkamans sé ekki fullnægt.

Nánari upplýsingar um Lene og starf hennar er að finna á heimasíðunum www.lenehansson.dk og www.lenehansson.com





Sumartilboð

NÝ SENDING AF LITRÍKUM SMÁVÖRUM FYRIR HEIMILIÐ!



1.990

FULLT VERÐ: 2.990

SPIZY púði. margar gerðir og litir.

NÝJAR
VÖRUR
FRÁ SPIZY Á
FRÁBÆRU
VERÐI!

SPIZY PÚÐAR
Í ÖLLUM REGN-
BOGANS LITUM TIL
AÐ LÍFGA UPP Á
HEIMILIÐ!



25%
AFSLÁTTUR

164.990

FULLT VERÐ: 219.990

UMBRIA tungusófi. Grátt áklæði. B:245 D:90/163 H:78 cm.



**GOTT
VERÐ!**

2.490

FULLT VERÐ: 2.990

SPIZY kollur. margir litir.



45%
AFSLÁTTUR

99.990

FULLT VERÐ: 179.990

SKOVBY sjónvarpsskápur, eik. B:162 D:47 H:52 cm. Innbyggður nemi fyrir fjarstýringar sem gerir þér kleift að stjórna tækjum í lokuðum skápnum.



25%
AFSLÁTTUR

5.990

FULLT VERÐ: 7.990

SPIZY sumarvasi. H: 60 cm. 2 litir.

VINSÆLU
CHESS
SKÓSKÁPARNIR
KOMNIR
AFTUR



23.990

FULLT VERÐ: 29.990

CHESS skóskápur, svartur eða hvítur. B:63 D:24 H:134 cm.

3.990

FULLT VERÐ: 5.990

SPIZY sumarteppi. 3 litir.



28%
AFSLÁTTUR

89.990

FULLT VERÐ: 124.990

LAZBOY

GRAND PINNACLE La-z-boy stóll. Svart eða natur áklæði. B:84 D:98 H:48/109 cm.



20%
AFSLÁTTUR

39.990

FULLT VERÐ: 49.990

KENYA hægindastóll. Rio antrazit áklæði. B:70 D:66 H:82 cm.



25%
AFSLÁTTUR

89.990

FULLT VERÐ: 119.990

ALICIA svefnsófi. Grátt áklæði. B:157 D:85 H:90 cm.



Geðsjúkir morðingjar sem búa yfir yfirnáttúrulegum hæfileikum

→ **Áhrif umfjöllunar** Bæði bresk og þýsk rannsókn leiddu í ljós að eftir mikla umfjöllun um fjöldamorðingja sem var með geðklofa taldi almenningur mikil tengsl á milli geðraskana og ofbeldis. Í bresku rannsókninni höfðu þessi tengsl minnkað í huga almennings með tímanum en þau hurfu aldrei alveg. Mikil umfjöllun í fjölmiðlum virðist því styrkja fólk í trúnni á að fólk með geðsjúkdóma sé hættulegt samfélaginu.

→ **Ranghugmyndir** Líkt og prentmiðlar eru kvikmyndir og sjónvarpsfni líka uppfull af ranghugmyndum um geðraskanir og fólk með geðraskanir. Rannsóknir sýna að um 6-20 sinnum fleiri persónur með geðröskun sýna ofbeldisfulla hegðun á besta tíma í sjónvarpi í Bandaríkjunum en fólk með geðraskanir gerir.

→ **Engilsaxnesk áhrif** Milli sextíu og sjöttíu prósent af því sjónvarps- og kvikmyndaefni sem við Íslendingar sjáum eru engilsaxneskt og við verðum fyrir áhrifum af því.

→ **Skipulagðir og greindir** Hinir geðsjúku morðingjar sjónvarps- og kvikmyndaefnis eiga það flestir sameiginlegt að búa yfir yfirnáttúrulegum hæfileikum, greind, skipulagi og hefndarþorsta, svo eitthvað sé nefnt, auk þess að vera samviskulausir og gjörsamlega vonlausir þjóðfélagsþegnar.

→ **Ónákvæm lýsing** Geðlæknirinn Otto F. Wahl hefur rannsakað birtingarmyndir í kvikmyndum og hefur þetta um þær að segja: „... birtingarmyndirnar eru mjög ónákvæmar og í kvikmyndum er dregin upp sú mynd að fólk með geðraskanir sé öðruvísi, hættulegt eða hlægilegt. Þeir misnota eða nota hugtök innan geðlæknisfræðinnar á yfirborðslegan hátt. ... Þetta hefur margvísleg áhrif á líf fólks með geðraskanir, meðal annars vegna þess hvernig aðrir koma fram við það.“

Geðraskanir, glæpir og fjölmiðlar

Ótrúlega oft tengja fjölmiðlar saman geðraskanir og glæpi eða ofbeldi. Þeir ýkja orsakatengslin, fara langt með einkenni sjúkdóma og blanda saman og búa jafnvel til nýjar raskanir. Fjölmiðlar eiga þátt í því að ýta undir fordóma og félagslega skömm fólks með geðraskanir, sem aftur dregur úr lífsgæðum þeirra. Þetta er niðurstaða greinar *Unnar H. Jóhannsdóttur*.

Fjölmiðlar móta að mörgu leyti heimsmynd okkar og trúverðugleiki þeirra meðal almennings er almennt mikill. Bæði fréttamiðlar og afþreying hafa áhrif á þekkingu almennings, skoðanir og gildismat. Hvers konar áhrif og hversu mikil fer oft eftir lífsreynslu fólks, félagsmótun og bakgrunni. Þegar kemur að þekkingu á geðsjúkdómum hefur mikilvægi fjölmiðla verið staðfest. Þeir eru ein helsta uppspretta þekkingar fólks á geðröskunum, fyrir utan eigin upplifun á sjúkdómnum. Gallinn er sá að sú mynd sem fjölmiðlar draga upp af fólki með geðsjúkdóma er oft yfirborðskennend. Algengustu staðalímyndirnar sem fjölmiðlar draga upp af fólki með geðraskanir eru hinn hættulegi, snillingurinn, hetjan, fórnarlambið og byrðin. Fólk með geðraskanir mátti sæta fordómum og félagslegri skömm löngu fyrir tíma fjölmiðla en nútímafjölmiðlar hafa hins vegar gert birtingarmyndir þeirra sýnilegri en nokkru sinni fyrr.

Glæpir tengdir við sjúkdóma

Meirihluti fjölmiðlaefnis, sem hefur verið rannsakað með tilliti til birtingarmynda geðraskana og fólks með geðraskanir, er enskur og bandarískur að uppruna. Við Íslendingar sjáum ekki mikið af erlendum dagblöðum en 60-70 prósent þeirra kvikmynda og þess sjónvarpsfenis sem við berjum augum er á ensku og þar birtast okkur ákveðnar staðalímyndir af geðröskunum og fólki með geðraskanir.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að allar tegundir fjölmiðla sýna eða gefa í skyn að fólk með geðraskanir sé ofbeldisfullar en almennt gerist. Hér verður einungis rætt um kvikmyndir, sjónvarp og prentmiðla en netið er nýr vettvangur sem ekki er undanþeginn staðalímyndum. Margir fræðimenn segja að umfjöllun fjölmiðla sem hampa tengslum fólks með geðraskanir og ofbeldis sé ekki í takt við raunveru-

leikann og þeir kalla á réttlátari umfjöllun.

Erlendis hafa verið gerðar fjölmargar rannsóknir á tengslum umfjöllunar um geðraskanir í fjölmiðlum og áhrifa á þeirra á almenning. Rannsóknir á dagblaðgreinum hafa leitt í ljós að í morðmálum sé oft og íðulega tekið fram ef meintur morðingji sé með geðröskun eða hafi dvalið á geðdeild og þá oftast í fyrirsögn. Slíkar fyrir-sagnir ýti undir hugmyndir um að fólk með geðsjúkdóma fremji frekar morð en aðrir og oftast en fólk með aðra sjúkdóma eins og hjarta-sjúkdóma eða flogaveiki.

Fjölmiðlar ýkja hættuna

Því verður ekki neitað að fólk með geðraskanir beitir ofbeldi rétt eins og fólk sem er ekki haldið geðröskunum. Rannsóknir höfðu lengi bent til þess að það væru engin tengsl á milli geðraskana og ofbeldis en nýjustu rannsóknir sýna að um einhver tengsl er að ræða þó þau séu ekki mikil.

Rannsóknir í nokkrum löndum á einstaklingum með geðklofa hafa sýnt að þeir eru örlítið líklegri til þess að beita ofbeldi en almenningur en hlutfallið hækkadi ef einstaklingarnir áttu við áfengisvanda að etja. Tengsl annarra tegunda geðraskana og ofbeldis hafa ekki verið jafnmikið rannsökuð og tengslin við geðklofa en komið hefur í ljós fólk með geðhvarfasýki og þunglyndi beitir líka örlítið oftast ofbeldi en þeir sem ekki eru haldnir þessum geðröskunum. Oftast beinist ofbeldið að fjölskyldumeðlimum og tengist sjaldan morðmálum.

86% gerenda ekki með geðröskun

Það er athyglisvert, sé tekið tillit til þess að fólk með geðklofa virðist af tölum vera líklegast til að beita alvarlegu ofbeldi, að þá er frekar lítil hætta á að það fremji morð. Í Bretlandi var gerð rannsókn á því hversu algengt væri að fólk með geðraskanir fremdu morð. Skoðuð voru 718 morðtilfelli sem náðu yfir 18 mánaða tímabil en af þeim

voru 500 nothæf. Í 14 prósentum tilvika var fólk með geðraskanir gerendur og af þeim höfðu 10 prósent einkenni þunglyndis. Aðeins fleiri, 11 prósent, höfðu verið með einhverja geðröskun á ævinni. 86 prósent gerenda voru því ekki með neina geðröskun.

Meiri líkur eru á að fólk sem misnotar áfengi og vímuefni beiti ofbeldi en fólk með geðraskanir en það fyrrnefnda á að minnsta kosti þátt í fjórðungi allra ofbeldis-verka. Það ber þó ekki að gera lítið úr þeim tengslum sem eru á milli geðraskana og ofbeldis en hlutfallslega er hættan mjög lítil. Það er mjög erfitt að meta, út frá geðröskuninni einni, hvort viðkomandi beiti ofbeldi. Það koma svo miklu fleiri félagslegir þættir inn í, sem og persónuleiki viðkomandi. Það er því frekar einstaklingsbundnið, hvort fólk með geðröskun beitir ofbeldi. Þar koma einnig inn í þættir eins og aðgengi að heilbrigðisþjónustu, félagslegur bakgrunnur, atvinnuleysi og fleira.

Hin litlu tengsl þykja fréttæm

Þeim hagmunasamtökum og hópum sem berjast gegn neikvæðum birtingarmyndum geðraskana og fólks með geðraskanir, hefur verið legið á hálsi fyrir að segja að það séu lítil sem engin tengsl á milli geðraskana og ofbeldis þótt rannsóknir sýni annað. Þau svara þessu hins vegar með þeim rökum að

umfjöllun fjölmiðla sé svo skökk að alhálfingar séu leyfilegar þar sem tengslin séu svo lítil.

Það er ef til vill eðlilegt að fjölmiðlum þyki þessi tengsl fréttæm en það lýsir kannski fremur kunnáttuleysi þeirra á málaflokknum en síðleysi að gera jafnmikið úr þeim og raun ber vitni. Það er auðveldara að halda á lofti gömlum, sögulegum staðalímyndum en að taka afstöðu út frá fræðilegum gögnum. Þetta er áskorun sem blaðaða- og fréttamenn um allan heim þurfa að takast á við.

Í rannsókn sem gerð var á Nýja-Sjálandi um aldamótin síðustu var lagt mat á alla leiðara, fréttir, viðtöl, aðsendar greinar og skrípamyndir sem birtust á einum mánuði í öllum dagblöðum þar í landi út frá geðheilbrigði. Alls voru þetta 600 fjölmiðlaeiningar sem vörðuðu geðmál, flest leiðarar og fréttir (94 prósent). Meira en helmingur þeirra dró upp þá mynd að fólk með geðraskanir væri hættulegt og að almenningi stafaði hætta af því (61 prósent). Fólk með geðröskun var í 47 prósent tilvika tengt glæpa-hneigð, talið óútreiknanlegt í 24 prósent tilvika og sjálfu sér hættulegt í 20 prósent tilvika.

Flestar fréttirnar innihéldu hugtök eins og „geðsjúklingur“ og „geðveikur.“ Rannsakendur komust að þeirri niðurstöðu að umfjöllun prentmiðla væri neikvæð og ýkt og gæfi ekki rétta mynd af meiri-

hluta þeirra sem væru með geðraskanir. Aðrar nýlegar rannsóknir víða um heim hafa sýnt svipaðar niðurstöður.

Forvarnir gegn fordómum

Það er til mikils að vinna fyrir fólk með geðraskanir að fjölmiðlar dragi upp raunsanna mynd af lífi þeirra og sýni nákvæmni og vönduð vinnubrögð líkt og lögð er áhersla á í þriðju grein síðareglna íslenskra blaðamanna. Þeir gætu verið í fremstu víglínu til þess að vinna gegn fordómum og félagslegri skömm í garð fólks með geðraskanir. Hér á landi eru miklir fordómur gagnvart fólki með geðraskanir sem og félagsleg skömm. Fjölmiðlar eiga sinn þátt í því, erlendir ekkert síður en íslenskir. Hver þarf að líta í eigin barm. Í niðurstöðum alþjóðlegrar rannsóknar: Fordómur í alþjóðlegu samhengi. Viðhorf Íslendinga til geðrænna vandamála, sem út kom árið 2009 kom í ljós að þriðjungur landsmanna telur að fólk með þunglyndiseinkenni eigi ekki að gegna opinberum stöðum og tæplega helmingur telur það sama um fólk með geðklofa.

Þá eru um 20 prósent landsmanna ófúsir að vera nágrannar fólks með geðklofa, 10 prósent þunglyndra en aðeins 3,7 prósent þeirra sem væru með astma. Þetta endurspeglar það sem kemur fram í nýlegri skýrslu Öryrkjabandalagsins: Lífskjör og hagir öryrkja, af upplifun fólks með geðraskanir en 56 prósent þeirra fundu fyrir fordómum vegna geðröskunarinnar á meðan 29 prósent fundu fyrir fordómum vegna hjarta- eða lungnasjúkdóma. Á hverjum tíma er talið að 22-24 prósent íslensku þjóðarinnar glími við geðröskun. Fordómur og félagsleg skömm gera þeim erfiðara fyrir að takast á við sjúkdóminn. Það er því mikilvægt að fjölmiðlafólk fræðist um geðraskanir, sé gagnrýnið á staðalímyndir og síðast en ekki síst sanngjarnt í umfjöllun sinni um geðraskanir og fólk með geðraskanir.

FRAMHALD Á SÍÐU 36


VILJA EKKI NÁGRANNA MEÐ GEÐSJÚKDÓMA

33% landsmanna telur að fólk með þunglyndiseinkenni eigi ekki að gegna opinberum stöðum

50% landsmanna telur að fólk með geðklofa eigi ekki að gegna opinberum stöðum

20% landsmanna vilja helst ekki vera nágrannar fólks með geðklofa

10% landsmanna vilja ekki eiga þunglynda nágranna



Hjá okkur er félagaskiptaglugginn **ennþá** opinn

Við leitum að öflugum framherjum í eitt sterkasta lið landsins sem:

- Hafa brennandi áhuga á upplýsingatækni og metnað til að ná árangri í starfi
- Eru úrræðagóðir og vinna vel undir álagi
- Hafa tileinkað sér skipulögð, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Búa yfir framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Eru reiðubúnir að leggja allt í sölnar fyrir liðið

Söluráðgjafi í samskiptalausnum

Helstu verkefni:

Ráðgjöf og sala á samskiptalausnum til viðskiptavina.

Hæfniskröfur:

Góð þekking á IP samskiptum og netbúnaði.
Reynsla af sölu cisco net- og símkerfa er kostur.
Háskólapróf í viðskiptafræði, tölvunarfræði eða verkfræði er kostur.

Söluráðgjafi í sérlausnum

Helstu verkefni:

Ráðgjöf og sala sérlausna til viðskiptavina.

Hæfniskröfur:

Viðtæk reynsla af ráðgjöf og sölu upplýsingatæknilausna.
Háskólapróf í viðskiptafræði, tölvunarfræði eða verkfræði er kostur.

Viltu vita meira?

Ekki hika - sláðu á þráðinn og fáðu að vita um hvað málið snýst.
Guðbrandur svarar þér í síma 862-1064 og heitir þér fullum trúnaði!



SharePoint sérfræðingur á Lausnasviði

Helstu verkefni:

Greining og útfærsla SharePoint lausna.

Hæfniskröfur:

Þekking á SharePoint 2010, SharePoint Designer og Microsoft .NET þróunarumhverfinu.
Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða kerfisfræði er kostur.

Hugbúnaðarsérfræðingur á Lausnasviði

Helstu verkefni:

Ráðgjöf og samþætting hugbúnaðarlausna, hugbúnaðargerð í Microsoft .NET umhverfi, hönnun, þróun og prófun hugbúnaðarlausna.

Hæfniskröfur:

Viðtæk reynsla af hugbúnaðargerð eða samþættingu hugbúnaðar.
Reynsla af forritun í Microsoft.net umhverfi og þekking á Microsoft SharePoint, CRM, SQL BI og TFS. MCPD gráða eða sambærileg er æskileg.
Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða kerfisfræði er kostur.

Viltu vita meira?

Ekki hika - sláðu á þráðinn og fáðu að vita um hvað málið snýst.
Árni Þór svarar þér í síma 864-1010 og heitir þér fullum trúnaði!

Til að sækja um störfín sendirðu okkur ferilskrá á netfangið starfsumsokn@ok.is fyrir 27. maí. Við tökum öllum fyrirspurnum og umsóknum fagnandi og förum með þær sem trúnaðarmál. Við svörum öllum umsóknum.

Skemmtum okkur
Opinn hugur
Eitt lið
Einföldum málið
Fögnum breytingum

OPIN KERFI

Opin kerfi / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.ok.is

Óvissan er ágæt
Heiðarleiki
Sigurvilji Baráttuandi
Fögnum sigri

FRAMHALD AF SÍÐU 34

■ MEÐFERÐ GEÐSJÚKRA ER OG VERÐUR DÝR

Batahorfur ósakhæfra geta verið góðar

Grétar var yfirgeðlæknir á Sogni frá árinu 1992, fyrir hvers konar afbrot voru sjúklingar á Sogni á starfstíma hans þar? „Það voru sjö legurými fyrir sjö sjúklinga í einu en stundum voru þeir átta. Flestir voru á deildinni fyrir morð. Þegar ég var þar voru flestir greindir með geðklofasjúkdóm, einn með geðhvarfasýki og einn var þroskahamlaður.“

En hverjar eru líkurnar á meðferð á ósakhæfu fólki, sem beitt hefur aðra alvarlegu ofbeldi, skili árangri? „Ef þetta fólk fær mannúðlega og læknisfræðilega rétta meðferð eru batahorfur þess ekki síðri en þeirra geðsjúklinga sem ekki hafa framið alvarlega glæpi. Við þurfum samt að hafa hugfast, að þeir sem vistast á Sogni hafa lent í margfaldri ógæfu. Í fyrsta lagi þeirri að fá alvarlegan geðsjúkdóm, oftast í blóma lífsins. Í öðru lagi að hafa til dæmis orðið mannsbani og í þriðja lagi að vera sviptir frelsi sínu í ótakmarkaðan tíma. Það er hlutverk lækna og annarra meðferðaraðila að bæta úr þeim skaða sem slík ógæfa hefur haft í för með



RÉTTARGEÐDEILDIN AÐ SOGNI Flestir voru þar fyrir morð þegar Grétar var þar læknir.

sér og það er ekki létt verk. Það sýndi sig, þegar ég var við störf að Sogni, að sumt fólk sem dvalið hafði á Sogni náði bata tiltölulega fljótt, þannig að samfélaginu stafaði ekki hættu af því. Það er hins vegar flóknara mál en hægt er að segja frá í stuttu máli hvernig hægt er að útskrifa einstakling sem dæmdur hefur verið í öryggisgæslu. Það þarf að dæma viðkomandi úr henni aftur. Hverjum sjúklingi er skipaður svokallaður tilsjónarmaður, sem er utanaðkomandi einstaklingur, og hann getur óskað eftir því

árlega að málið verði endurskoðað eða tekið upp á ný fyrir dómi. Fólk útskrifað kannski ekki í fyrstu tilraun, en ef til vill í annarri eða þeirri þriðju.

Við lögðum mikla áherslu á að hverjum þeim sem útskrifaðist yrði fylgt eftir með áframhaldandi meðferð eins og tíðkaðist á sambærilegum stofnunum erlendis. En það var mjög erfitt að fá fjármagn til þess að fylgja þessu fólki eftir þótt það væri margfalt ódýrara en að hafa það inni á Sogni. Ef eitthvað vit á að vera í meðferð geðsjúkra afbrotamanna, verða menn að horfast í augu við að slík meðferð er dýr og hlýtur ætíð að vera dýr í menningar-samfélagi.



GRÉTAR SIGURBERGSSON Aldagömul fordæmi eru fyrir því að geðsjúkir séu dæmdir ósakhæfir, bendir Grétar á. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aðstæður geðsjúkra voru hrikalegar

Yfirleitt er óþarfi að óttast fólk með geðraskanir, segir **Grétar Sigurbergsson**, geðlæknir og réttargeðlæknir, en hann var fyrsti yfirlæknirinn á réttargeðdeildinni á Sogni þegar hún var stofnuð árið 1992.

Satt best að segja hafði ég ekki hugleitt þessi mál þar að ráði áður en ég var beðinn um að líta á aðstæður að Sogni. Það sárvantaði lækni á staðinn og ég hafði nóg annað að gera og fannst ekki árennilegt að bæta þessu á mig. Þegar ég hins vegar sá aðstæður þessara sjúklinga, sem margir hverjir höfðu átt ömurlega ævi þá rann mér það svo til rifja að ég átti erfitt með að biðjast undan starfinu. Sumir höfðu dvalist áratugum saman í fangelsum jafnvel fjarri ættingjum og fósturjörð í einangrunarklefum geðsjúkrahúsa í Noregi og Svíþjóð, en þangað höfðu geðsjúkir afbrotamenn verið sendir áður en Sogn kom til,“ segir Grétar Sigurbergsson geðlæknir sem var fyrsti yfirlæknir á réttargeðdeildinni á Sogni sem var opnuð árið 1992.

Grétar bendir á að í hegningarlögum standi að geðsjúkir afbrotamenn eigi að vistast á „á viðeigandi stofnun.“ Svo hafi ekki verið. „Geðsjúkir glæpamenn höfðu fengið ákaflega einkennilega meðferð. Það var langt frá því auðvelt að fá stjórnvöld til þess að skilja að það yrði að meðhöndla þá öðruvísi en venjulega glæpamenn. Sumir höfðu verið sendir í fangelsi, jafnvel þótt þeir hefðu verið sýknaðir af refsikröfu. Aðrir höfðu verið innilokaðir miklu lengur en þau sextán ár sem er hámarksrefsins fyrir morð hér á landi, jafnvel þótt þeir hefðu engan drepið. Það tók langan tíma að koma þessu í þolanlegt horf og enn tel ég að við eigum langt í land í þessum efnum.“

Óðir ekki dæmdir til útleðar

Grétar segir að þegar fólk sé dæmt ósakhæft þá feli það í sér að fólk sé geðsjúkt og geðsjúka einstaklinga megi ekki setja í fangelsi eins og annað fólk fyrir sín afbrot. „Um þetta vitna mjög gömul lög í Vestrænum löndum og finnast hjá okkur til dæmis í Jónsbók. Geðveikt fólk, þeir sem þá voru nefndir óðir, sem braut af sér var til dæmis ekki dæmt til útleðar eða skógar-göngu. Samkvæmt fornum lögum átti að færa það frændum, það er að segja fjölskyldu sinni, til vörslu.

Menn gerðu sér því þegar til forna grein fyrir því, að við vissar kringumstæður væri geðtruflað fólk ekki ábyrgt gerða sinna og að refsing væri þá hvorki mannúðleg, víðeigandi né rökrétt,“ segir Gré-

tar sem hefur oft þurft að úrskurða hvort glæpamenn eru haldnir geðröskun eður ei.

„Mad“ eða „bad“

„Það má segja að það sem við réttargeðlæknar gerum, ef við slettum á ensku, sé að úrskurða hvort fólk sé „mad“ eða „bad“ en þar er stór munur á. Í flóknari tilfellum kann hvort tveggja að eiga við. Spurningin er hvort fólk fremji glæpi, jafnvel alvarlega og siendurtekna, vegna þess að það er slæmt eða geri það vegna þess að það er veikt á geði. Heyri, svo dæmi sé tekið, raddir sem skipa því að framkvæma ákveðnar athafnir eins og getur átt sér stað í geðrofi. Sem betur fer gerist það afar sjaldan,“ segir Grétar.

Geturðu lýst nánar einkennum geðrofs? „Geðrof er íslenska orðið yfir gríska hugtakið psychosis og þýðir í stuttu máli að fólk missir

Grétar segir að almenningur þurfi yfirleitt ekki að óttast fólk með geðraskanir. „Almennt er fólk með geðraskanir ekki hættulegra en annað fólk og það er heldur ekkert samasemmerki á milli ranghugmynda og ofbeldis, nema síður sé. Það geta hins vegar skapast kringumstæður þar sem fólk með ranghugmyndir fær ekki meðhöndlun við sínum sjúkdómi og það getur brugðist illa við sé því þröngvað til einhvers, eins og að leggast inn á geðdeild, eða það telji sig vera í hættu.

Glæpamenn illa innrættir

Grétar segir að það sé í flestum tilfellum auðvelt fyrir geðlækna að átta sig á hvort glæpur er framinn vegna geðveiki eða ekki. Þó sé sú ekki ætíð raunin. „Þegar vafi leikur á því í dómsmálum eru geðlæknar kallaðir til og við höfum mjög ákveðin viðmið sem



Sumir höfðu verið sendir í fangelsi, jafnvel þótt þeir hefðu verið sýknaðir af refsikröfu.

tengslin við raunveruleikann eða mistúlkar hann og getur þá til dæmis fundist að sótt sé að sér og því þurfi það að bregðast til varnar. Það skynjar kringumstæðurnar öðruvísi en þær eru og þessu ástandi fylgja gjarnan ofheyrnir. Fólk með geðrof heyrir oft raddir sem geta til dæmis sagt eitthvað sem upphæfur viðkomandi eða niðurlægir. Þessu fylgir að sjúklingurinn mistúlkar orsakasambönd og getur í kjölfarið farið að væna blásaklausa aðila um að vilja sér illt.“

Grétar segir að stundum telji fólk, sem hjáist af geðrofi, að einhverjar verur tali til sín og þá gjarnan í skipandi tón. Hann nefnir nokkurra áratuga gamalt dæmi um hinn fræga Son of Sam, sem taldi hundinn sinn tala til sín og skipa sé að drepa ung pör, þar sem þau voru í kelerí í bílum. „Í kjölfarið greip skiljanlega um sig mikil skelfing í New York þar sem morðin áttu sér stað. Svona tilfelli magna auðvitað upp neikvæðar staðalmyndir og fordóma í garð geðsjúkra en þau heyrta til algerra undantekninga.“

við vinnum eftir. Við metum hvort viðkomandi hafi framið glæp eða beitt ofbeldi út af geðröskun eða ekki. Flestir sem fremja alvarlega glæpi gera það af því að þeir eru einfaldlega illa innrættir og/eða samviskulausir, gjarnan sjálfmið- og sjálfsdýrkandi. Þeir hafa þá ákveðna þörf á að stjórna og ráða, með góðu eða illu.

Þetta mynstur sér maður oft í ofbeldi karla gegn konum, til dæmis þar sem heimilisofbeldi er til staðar. Þeir sem eru gerendur í slíkum málum hafa gjarnan mikið óþol gagnvart allri höfnun og sjálfstæðri hugsun makans. Með ofbeldi er viðkomandi að sýna vald sitt,“ segir Grétar og bendir á að tengsl glæpa og geðraskaná séu mun minni en til dæmis tengsl glæpa og kyns, en karlar eru miklu líklegri til að fremja alvarlegan glæp en konur. Sömuleiðis sé líklegra að glæpir fylgi áfengis- og vímuefnatöknun en geðsjúkdómum. „Það er afskaplega sjaldan um ævina sem ég hef orðið hræddur við geðsjúkt fólk. Mér hefur mun frekar staðið stuggur af fíklum sem eru á einhverjum vímuefnum.“

Nýgerður kjarasamningur



VM-Félag vélstjóra og málmteknimanna heldur kynningarfundir vegna kjarasamnings VM og SA á almenna markaðnum.

Önnur mál.

Þriðjudaginn 17. maí
Selfoss, kl. 20 á Hótel Selfoss.

Miðvikudagur 18. maí
Akureyri, kl. 20 á Skipagötu 14, 4 hæð.

Fimmtudagur 19. maí
Reyðarfjörður, kl. 20 á
Hótel Reyðarfirði.



VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTEKNIMANNA
Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800 - www.vm.is

- okkur er ann t um þinn hag

matur

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT]

maí 2011

Cheviche

Hráir fiskréttir eiga vel við á heitum sumar-
dögum og eru oft fljótlegir í framkvæmd. Oddný Magnadóttir gefur uppskrift að sumarlegu cheviche.

SÍÐA 2



Sumarsalat

Ingibjörg Lilja Þórmundsdóttir heldur úti metnaðarfullu matarbloggi á netinu. SÍÐA 6

Sumarlegir sjávarréttir

Ferskur forréttur og tvær útfærslur af sjávarréttasalötum



HITAKÚTAR OG OFNAR MEÐ 15% AFSLÆTTI

Vönduð vara, gott úrval,
áratuga reynsla.



Norskir ryðfriir
hitakútar

Stærðir: 5-300 lítrar



Olíufylltir
rafmagnsofnar

Stærðir: 250W-2000W

MAÍ
TILBOÐ



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

ÚR GRÆNMETI Í HRÁAN FISK

Vera Einarsdóttir

Ég tók upp á því að gerast grænmetisæta sem unglingur en hafði hvorki aldur né þroska til að útfæra það frekar. Ég borðaði hvorki kjöt né fisk í fjögur ár og hirti ekkert um að bæta mér það upp með baunum eða öðru próteinríku fæði. Fyrir vikið uppskar ég þennan líka myndarlega næringarskort sem háði mér um skeið. Þegar ég gekk með son minn, tvítug, fór ég þó samviskunnar vegna að kroppa í afurðir úr dýraríkinu þó mér byði við æðum og dýrablóði og lét nokkrum árum seinna alfarið af þessari vitleysu. Ég veit þó nákvæmlega upp á hárvörnig hún kom til:

Ég var fimm ára og fylgdist með móður minni veiða fisk. Hún stóð sigrihrósandi á bakkanum með fenginn en tók svo upp á því að berja greyinu án afláts við stein. Ég vissi ekki hvaðan á mig stóð veðrið. Mamma sem var alltaf svo góð. Allt í einu stóð hún þarna með tryllingslegt augnarád og blóðið spýttist í allar áttir. Eftir þetta borðaði ég aldrei „veiddan fisk“ og þurfti ávallt að sannfæra mig um að ýsan, sem í þá daga var á boðstólum að minnsta kosti þrisvar í viku, kæmi beint úr frystikistunni og hefði aldrei nokkurn tímann synt frjáls í söltum sjó. Upp frá þessu þróaði ég svo með mér skelfilega matvæðni og þurfti oft en ekki að draga mig undan borðum löngu eftir að annað heimilisfólk var búið að borða og mata mig á köldum afgangum. Man ég sérstaklega eftir stöppuðu ýsunni og býður við tilhugsuninni... Í dag hefur minningin loksins dofnað og ég er orðin hin mesta fiskæta. Ég er fastagestur á snilldarstaðnum Fylgiskum þar sem er hægt að kippa með sér dýrindis skötusel, löngu, kola og bleikju í alls kyns kryddlegi og henda inn í ofn. (Viðurkenni reyndar að húsmæðraleti spilar þarna ansi stóra rullu en afsaka mig með því að á mínu heimili sé að minnsta kosti boðið upp á meinholla skyndirétti. Ég nenni ekki einu sinni að sjóða hrísgrön heldur kaupi forsoðið bygg eða kartöflur á staðnum). Þótt mótsagnakennt megi vera, í ljósi þess að ég vil sem minnst af því vita að dýraafurðir séu raunverulega af dýrum, þá er ég allra hrifnust af hráum fiski og er sushi þar efst á blaði. Þá er sítruseldað fiskmeti að mínu mati lostæti.



Sniðugt er að bera litla skammta af cheviche fram í fallegum glösum sem forrétt.

NORDICPHOTOS/GETTY

Cheviche í sumar

Hráir fiskréttir eiga vel við á heitum sumardögum og eru fljótlegir í framkvæmd. Oddný Magnadóttir gefur lesendum uppskrift að sumarlegu „cheviche“.

Þennan rétt er frábært að borða á sumrin, bæði sem forrétt eða sem hluta af smáréttaborði. Ég bý hann gjarnan til þegar ég á von á vinkonum í heimsókn og býð þá upp á ískalt hvítvín með,“ segir Oddný Magnadóttir, veiðimaður og matgæðingur og eigandi verslunarinnar Veiðiflugna. „Í þessa uppskrift má nota hvaða hvíta fisk sem er, bara að hann sé þéttur og góður, lúða á vel við og einnig rækjur og skelfiskur. Sjálf nota ég gjarnan glænýja ýsu.“

SUMARLEGT CHEVICHE

500 g hvítur þéttur fiskur, til dæmis lúða eða brakandi fersk ýsa
safi úr 6 límónum
¼ bolli ólífuolía
1 skalotlaurur mjög fínt saxaður
½ rauð paprika söxuð í fina teninga
2 rauð chilli fræhreinsuð og söxuð mjög fínt
2 vel þroskaðir tómatar kjarnhreinsaðir og saxaðir fínt
1 lítil krukka smár kapers, hellið vökvanum frá



veltíð vel saman.

Geymið í ísskáp í 2-3 tíma.

Smakkið til með hrásykri, salti og pipar. Setjið í skál eða litlar skálar og dreifið ferskum koriander yfir.

Frábært sem léttur forréttur eða sem réttur á hlaðborði.

hrásykur salt og pipar ferskur koriander
Skerið fiskinn í frekar smáa bita og kreistið safa úr 6 límónum yfir.
Blandið restinni af hráefnunum, nema koriandernum, og



Oddný Magnadóttir matgæðingur.

FISKBÚÐIN VEGAMÓT

Nýi og gamli tíminn mætast

Fiskbúðin Vegamót að Nesvegi 100 á Sel-tjarnarnesi er í gamalgrönu verslunarhúsi. „Hér hefur verið rekin verslun frá upphafi en húsið var byggt um 1930,“ segir Birgir Ásgeirsson, eigandi Vegamóta, sem rekið hefur verslunina í tvö ár.

Segja má að gamli og nýi tíminn mætist í fiskborði Vegamóta. „Við erum með eitthvað fyrir alla. Þjóðum upp á kinnar, gellur og soðinn fisk fyrir eldri kynslóðina, glænýjan línufisk, ýsu, þorsk og lax fyrir alla og svo ýmsa rétti sem hægt er að smella beint inn í ofninn sem eru vinsælir meðal unga fólksins,“ telur Birgir upp. Hann segir þó eldri kynslóðina vera að vakna til meðvitundar um ágæti tilbúinna rétta og sé hún farin að kaupa slíka rétti í meiri mæli.

Birgir segir bæði fólk úr hverfinu koma að versla við sig en hins vegar komi einnig fólk lengra að. „Fólk sem búið hefur í hverfinu heldur oft tryggð við okkur,“ segir hann gláðlega.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:



matur kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins.

Ritstjórn: Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir

Forsíðumynd: Gunnar V. Andrússon **Pennar:** Friðrika Benónýsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir, Marta María Friðriksdóttir, Ragnheiður Tryggvadóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is

Hitavörður



JÓHANSSON & LEMMINGS • Júlís • SÍA


» Stendur vörð um innra hitastig kjötsins.

Margreyndur í að ráða við erfiðar aðstæður og þjálfaður í að bregðast skjótt við ef upp úr sýður. Hefur um árabíl átt gott samstarf með nautakjöti, lambi og svínakjöti svo fátt eitt sé nefnt.

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is ✉ kokka@kokka.is

ego dekor



Glerskápur
Breidd 100cm
Verð: 118.000,-



ERIC Skenkur
Breidd: 170cm
Verð: 139.900,-

BORDSTOFUBORD
200X100

TILBOÐSVERÐ: 87.920,-

HETTHI HVÍTT HÁGLANS
Skenkur Breidd: 180cm

Verð: 178.000,-

Stækkanlegt borð 160(248)X100

Verð: 178.000,-

TV Skenkur
Breidd: 200m

Verð: 98.000,-



FALLEG HÚSGÖGN Á GÓÐU VERÐI



KINGSTON Leðurtungusófi
Stærð: 250X165

Verð: 278.000,-



ROMEIO leðurtungusófi
Stærð: 320X165

Verð: 328.000,-



SCARLETT tungusófi

Stærð: 310X180

TILBOÐSVERÐ: 219.600,-



WIND tungusófi

Stærð: 295X167

TILBOÐSVERÐ: 207.400,- Skrautpúðar fylgja



CLIO leðurstóll
Verð: 15.900,-



PRIMA stóll
Verð: 13.800,-



VEGAS leðurstóll
Verð: 16.900,-



NEW ENGLAND tungusófi

Stærð: 252X165

TILBOÐSVERÐ: 169.200,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is



FUNHEITAR EÐA SVALAR í grillveisluna

Pykkvabæjar
forsoðnar grillkartöflur
kartöflusalat
hrásalat

Einfalt og gott!



Grásleppuhrogn BOÐA SUMARIÐ

Grásleppuhrogn eru besta merkið um að vorið sé komið að sögn Ólafs Ágústssonar, yfirkokks í Sjávarkjallaranum, sem reiðir fram gómsætan fiskrétt þar sem skötuselur og grásleppuhrogn eru uppistaðan.

Uppistaðan er skötuselsþynnur og grásleppuhrogn sem við fáum frá Borgarfirði eystri, þannig að þetta er ekta vorréttur sem gefur fyrirheit um að sumarið sé alveg að koma,“ segir Ólafur og brosir út að eyrum. „Við notum bara íslenskar kryddjurtir sem við tinum sjálfir og hverabakað rúgbrauð setur punktinn yfir i-ið.“

Sjávarkjallarin fylgir nýnorrænu stefnunni í matargerð, en hvað felst í þeirri stefnu? „Fyrir okkur snýst það bara um að nýta sem best það ferska og æðislega hráefni sem við eigum,“ segir Ólafur. „Byggja svo örllítið á íslenskum hefðum og það sem okkur vantar upp á í hefðunum sækjum við til hinna Norðurlandabjóðanna. Við gerum þetta samt í rauninni alveg eftir okkar höfði og ef okkur langar að nota hvítt súkkulaði, til dæmis, þá leyfum við okkur það án þess að fá samviskubít.“

Nýir eigendur tóku við Sjávarkjallaranum í Geysishúsinu við Aðalstræti um áramótin og Ólafur færði sig þangað af Vox, þar sem hann var áður annar yfirkokka. Hann segir aðalvertíðina frá mundan, bæði fjölgi ferðamönnum og Íslendingar virðist vera duglegri við að fara út að borða á sumrin. En fyrir þá sem langar að spreyta sig á háklassa veitingahúsaeldamennsku heima er vorrétturinn alveg kjörinn. - fsb



Örþunnar skötuselsneiðarnar og gljáandi grásleppuhrognin harmónera vel við grænan selleríkrapísinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vitamix.

Blandarinn sem allir eru að tala um!

Mylur alla ávexti, grænmeti klaka og nánast hvað sem er Hnoðar deig
Býr til heita súpu og ís
Uppskriftarbók og DVD diskur fylgir

Vita Mix svunta og kannu fylgja með á meðan birgðir endast



S. 440-1800 www.kaelitækni.is

Okkar þekking nýtist þér ...



FRYSTUR SKÖTUSELUR MEÐ GRÁSLEPPUHROGNUM

Skötuselsþynnur með grásleppuhrognum frá Borgarfirði eystri, grænu selleríi og íslensku vori

SKÖTUSELSÞYNNUR

Fáið ferskan og flottan skötusel, snyrtið og frystið, og skerið í eins þunnar sneiðar og mögulegt er. Kryddið með salti.

GRÁSLEPPUHROGN

Best er að rúnta niður að höfn og sjá hvort þið fáið góðhjartaðan grásleppusjómann

til að gefa ykkur fersk hrogn. Þegar heim er komið eru þau tekin úr hrognasekknum, skoluð og söltuð með 20 g af salti á móti 1 kg af hrognum. Yndislegt alveg hreint!

SELLERÍKRAPÍS
1 kg skrælt og maukað sellerí
2 l vatn
200 g glúkósasíróp
200 g sykur
8 blöð matarlím

Leggið matarlím í bleyti.

Sjóðið saman vatn, sykur og glúkósasíróp, bætið matarlími saman við og kælið niður. Blandið sellerímauki og sykurlegi saman og smakið til með örllitlum sitrónusafa og salti.

ANNAÐ

Tínið til jurtir og blóm sem finnast í garðinum og næsta nágrenni. Ég notaði skessujurt, hvönn, morgunfrú, skjaldfléttu og sólberjabrum. Gætið þess þó að skola jurtirnar vel áður en þær eru bornar fram.



HÓTEL OG MATVÆLA SKÓLINN

MATSVEINA- OG MATARTÆKNANÁM

Hvað er í matinn?

Matsveina- og matartæknánám fyrir þá sem starfa eða vilja starfa í mótuneytum vinnustaða og á fiski- og flutningaskipum, í eldhúsum heilbrigðisstofnana, leikskólum og skólum.

INNTRITUN STENDUR TIL 31. MAÍ.



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



WWW.MK.IS

Upplýsingar á www.mk.is og á skrifstofu skólans í síma 594 4000



Schwarzkopf
PROFESSIONAL



BEAUTY PARTNER OF THE
ÁFRAM ÍSLAND

EUROVISION
SONG CONTEST
DÜSSELDORF 2011

eurovision

LAUGARDAGUR 14. MAÍ 2011

Tískan á sviðinu
Búningar keppenda í Eurovision
eru oft æði skrautlegir
BLS. 2



FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY

Fyrir Eurovision

.....eða bara fótboltann!
Sjónvarpstilboð fyrir öll tækifæri í Sony Center



Sony BRAVIA 40" Edge LED sjónvarp
KDL-40D710

- Full HD 1080p myndgæði
- Motionflow 100Hz tryggir skerpuna
- BRAVIA Internet Video
- Edge LED tækni
- BRAVIA Engine 3 myndfyring
- XrossmediaBar sjómunarkerfi, sama og í PS3
- 2 scart, 4 HDMI, USB, LAN og VGA
- Mál: 95,2 x 58,1 x 7,4 cm

Væð áður: 249.990
Eurovisionverð: 199.990

Í Sony Center færðu 5 ára ábyrgð á sjónvarpstækjum án aukakostnaðar

Sony Center

Kringlunni • S: 588 7669 • www.sonycenter.is

LÉTTIR OG ÞÆGILEGIR SUMARSKÓR Í ÚRVALI

KOMDU OG LÁTTU FÆTUR ÞÍNA NJÓTA ÞESS BESTA.



hjá Hrafnhildi

KENNEL & SCHMENGER
SCHUHMANUFABRIKUR

Sími 581 2141 • www.hjahnfrnhildi.is

FRÁBÆRT VERÐ



42.900
FULLT VERÐ
54.900

Mjög öflugt grill fyrir Íslenskar aðstæður

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Ryðfritt lok og takkaborð
- Emaleraðar grillgrindur
- 3 kraftmiklir brennarar
- Sterk viðargrind
- Neistakveikja í rofa
- Grillgrindur, hitadreifarar og lok eru emalerað
- Sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 136 x 106 x 62

16,5 kw/h

Nr.00553C

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Opið laugardaga til kl. 16

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

YFIR 20 GERÐIR GASGRILLA Á SUMARTILBOÐI



Sjöundi áratugurinn er ríkjandi hjá Ninu frá Serbíu og aðstoðarkonum hennar. „Þetta er mjög eftirminnlegt og öðruvísi „look“, segir Eyrún. „Ég hef heyrt marga dást að þessum búningum.“



Búningar karlsöngvara eru yfirleitt hófstiltari en söngkvennanna en tvíburarnir John og Edward Grimes frá Írlandi skera sig úr hvað það varðar. „Þetta er dálítið „over the top“, segir Eyrún, „en kemur flott út á sviðinu.“



Katy Wolf kom Ungverjalandi í úrslitin. „Þessi kjóll er mjög flottur“, segir Eyrún. „Hann er svona Jóhönnublá.“

Sumir hitta í mark

Eurovision snýst ekki bara um tónlistina. Búningar keppenda vekja ekki síður athygli og umtal, enda mikið lagt í að gera sjóð sem flottast. Eyrún Ellý Valsdóttir, annar aðstandenda bloggsíðunnar jurovision.blogspot.com þar sem Eurovision er rædd frá öllum hliðum, rýndi í klæðnað keppenda í ár með blaðamanni Fréttablaðsins.

- fsb

Alltaf eitthvað nýtt og spennandi

Erum fluttar í Skeifuna 8

vertu vinur á facebook



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is



Gyllta dressið nægði ekki til að koma Stellu og Haba Haba upp úr undanúrslitunum og Noregur situr eftir með sárt ennið.



Daria frá Króatíu skartaði þremur kjólum í sínu atriði en komst þó ekki í úrslitin. Þetta er kjóll númer tvö.

Eldrine frá Georgíu skartaði þessari georgísku hönnun. „Þetta finnst mér ljótt“, segir Eyrún. „Þetta minnr á garðinu.“

Dana International er í kjól hönnuðum af Jean-Paul Gaultier. „Sennilega til að draga athyglina frá því hvað hún getur lítið sungið“, segir Eyrún. „En kjóllinn er flottur.“

FRÉTTIR VÍSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

ÍPRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

m.visir.is

Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísi.

visir

Sendu þínu fólki í útlöndum SMS



SMS til útlanda og Bestu lögin á 0 kr. í dag

Fáðu þitt fólk í útlöndum til að kjósa

Ef þú ert hjá Símanum geturðu sent **SMS til útlanda á 0 kr. í dag.** Notaðu tækifærið og skutlaðu skilaboðum á vini og ættingja í Evrópu og hvettu þá til að kjósa Ísland í kvöld.



Notaðu Bestu lögin í upphitun fyrir Eurovision

Í dag færðu aðgang að Bestu lögunum á 0 kr. Þar getur þú hlustað á 4 mismunandi tónlistarrásir með Eurovisionlögum ef þú ert með GSM eða Internetið hjá Símanum. Farðu inn á bestulogin.is og tónlistin er klár fyrir partyið.

Síminn 

siminn.is



Eyfirskar kýr sletta úr klaufunum á sunnudag en þá bjóða ábú-
endur á Ytri-Tjörnum í Eyjafjarðarsveit gestum og gangandi að fylgjast með
þegar kúnum á bænum verður hleypt út eftir vetrarinnistöðu. Þær taka
margar gleðistökk sem gaman er að fylgjast með. Kúnum, sem eru fimmtíu
talsins, verður hleypt út klukkan 12. Nánar á www.naut.is.

FRÉTTABLAÐIÐ

ALLT

Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

Yfirhafnir, bolir og peysur í miklu úrvali.

Nýjar vörur

Toppvörur toppþjónusta.

Stuttkápur verð frá 19.900

Opíð
mán - fös 10-18,
laugardaga 10-16

Stutt kápa með hettu 23.900 kr.

TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518

Stefán Hilmarsson tónlistarmaður upplifir Eurovision-keppnina sem vorboða:



MYND/ÚR EINKASAFNI

Rúntar á milli með Eyfa

Eurovision er hálfgerður vorboði. Kvöldið setur skemmtilegan svip á mannlífið þótt ég hafi reyndar sjálfur ekki fylgst vel með keppninni síðustu árin, enda lögin orðin svo mörg,“ segir tónlistarmaðurinn Stefán Hilmarsson. Eftir úrslit í kvöld treður Stefán upp á nokkrum stöðum ásamt félagu sínum Eyfa og endar á Eurovision-hátíð á Nasa. Að sjálfsgöðu verður Nína með í för.

„Jú, mér hefur litist vel á íslenska lagið. En reynslan hefur sýnt að það er engin leið að ráða í gengi laga af neinu viti,“ segir Stefán og bætir við að keppnin sé nokkuð breytt frá því sem var. „Vissulega koma annað lagið fram þrýðileg lög, en maður saknar þó stóru lagasmíðanna. Tíðarandinn

hefur breyst og menn horfa nú mikið í heildarútlit og dansatriði, einkum í aðalkeppninni. Einhver hafði á orði við mig að áður hefðu menn valið lagið fyrst og svo kjólinn, en nú virðist það vera öfugt.“

Stefán á sín eftirlætis Eurovision-lög. „Það eru alltaf einhver sem lifa áfram, þrátt fyrir að hafa ekki unnið. Ég get nefnt lögin Sóley og Til þín en hið síðarnefnda tók ég upp á síðustu sólóplötu minni. Ég var jafnan spennur fyrir lögum sem höfðu yfir sér þjóðlegan blæ, eins og hið kypverska „Ime Anthropolos Ki Ego“ frá 1994. Ég held að þjóðleg áhrif séu að mestu horfin núna. Ég hef lengi haldið upp á „Un jour, un enfant“ frá 1969, þeim tíma þegar lagasmíði og túlkun voru í fyrirrúmi, en þrjál og spríkl aukaatriði. „L'oiseau et l'enfant“

frá 1977 er líka í upphaldi. Og ef maður vil stuð þá má keyra í gang „Ding-a-dong“ frá 1975.“

Stefán og Eyfi héldu tónleika í Salnum á dögnum í tilefni 20 ára afmælis „Draums um Nínu“ og húsið fylltist. Á fimmtudaginn voru Nínu-tónleikar númer tvö og seldist einnig upp. Þeir hafa bætt við þriðju og síðustu tónleikunum 25. maí. „Þar verður áhersla á Evróvisjónlög sem við höfum komið nálægt, ýmist sungið sjálfir eða tekið þátt í að semja en ekki flutt fram til þessa. Auk þess syngjum við nokkur upphaldslög úr keppnum hér heima og úti. Þar á meðal eitt á ítölsku og annað á norsku. Maður vonar bara að það sitji enginn Ítali eða Norðmaður í salnum, því framburðurinn er ekki alveg uppá 12 stig.“

juliam@frettabladid.is

Hefur þú starfað við pípulagnir og vilt ljúka námi í greininni?

Bættu um betur – Pípulagnir er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveinsprófi.

Inntökuskilyrði í verkefnið er:

- 25 ára aldur
- Hafa starfað í greininni í a.m.k. 5 ár og geta staðfest það með opinberum gögnum.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IDUNA – fræðslusetur** í síma 590-6400 og fá frekari upplýsingar um verkefnið.

Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.



Gæði & Glæsileiki

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum



Sérverslun með **Gabor**

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opíð mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

ÍSLENSKT HUNDANAMMI

gott í þjálfun og í leik

VINSÆL VARA

SUPERPREMIUM HUNDANAMMI

Training treats for Dogs

Best in Breed Award 2014
Best in Breed Award 2015
Best in Breed Award 2016
Best in Breed Award 2017
Best in Breed Award 2018
Best in Breed Award 2019
Best in Breed Award 2020
Best in Breed Award 2021
Best in Breed Award 2022

All Natural Omega 3 Vitamins Protein

Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli



Sumarhátíð fyrir íbúa Grafarholts og Úlfarsárdals
verður haldin í Grafarholti í dag. Boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá frá 10-15, þar á meðal Fram-hlaup, útileiki, leiktæki fyrir börn og veiðikeppni við Reynisvatn.

nettoline
ELDHÚS-BÁÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKAPAR

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM INNRETTINGUM
OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN

friform.is Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

NÝ SENDING
- SKYRTUKJÓLAR

laxdal.is

BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • s: 551 4422

Rallí í Reykjanesbæ

Tjarnargrillsrallí Akstursfélags Suðurnesja fer fram nú um helgina. Rallíið er liður í Íslandsmóti rallakstursmanna, en fjórtán bílar taka þátt í mótinu. Áhorfendur geta fylgst með víða um Reykjanesið.

Netfang: utbod@reykjavik.is

Félagsfundur

Verður haldinn þriðjudaginn
17. maí n.k. kl. 17.00
í félagsheimili FBM Hverfisgötu 21

Dagskrá:

1. Kynning á nýjum kjarasamningi FBM og SA og kjarasamningi FGT og SÍA
2. Önnur mál

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og kynna sér nýjan kjarasamning



Félag bókaþráðarmanna
Hverfisgötu 21
www.fbm.is • fbm@fbm.is

Fundir

Samkór Kópavogs
Óskar eftir kórstjóra

Umsóknir sendist á netfangið samkor@samkor.is fyrir 1. júní 2011.

Nánari upplýsingar hjá formanni kórsins
Birnu Guðmundsdóttur í síma 893-1232
Upplýsingar um kórinn eru á heimasíðu samkor.is



Fundir til að kynna kjarasamninga MATVÍS og SA á almennum markaði.

**MATVÍS heldur eftirfarandi fundi til kynningar
á nýjum kjarasamningum.**

Reykjavík þriðjudaginn 17. maí kl. 20:00
Stórhöfða 31. 1. hæð (gengið inn að neðanverðu).

Akureyri miðvikudaginn 18. maí kl. 16:00
Strikið Norðursalur.

Fundur um kynningu kjarasamninga á almennum markaði



Efling-stéttarfélag heldur fundi um kynningu nýrra kjarasamninga á almennum markaði á eftirtöldum stöðum:

Reykjavík Mánudaginn	Gullteigur á Grand Hótel 16. maí kl. 18.00
Hveragerði Miðvikudaginn	Fundarsalur Austurmörk 2 18. maí kl. 18.00
Þorlákshöfn Miðvikudaginn	Ráðhúskafti Hafnarbergi 1 18. maí kl. 20.00

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og kynna sér efni nýrra kjarasamninga.

Mætum vel og stundvíslega.

Stjórn - Eflingar stéttarfélags

Til sölu

Hársnyrtistofan Lydíja ehf á Eskifirði er til sölu

Stór og björt stofa með 6 stóla og 2 vaskastóla
Mjög góður rekstur
Eina stofan á staðnum
Upplýsingar veitir María Anna í síma 863-6151



Húsgrunnur Reykjanesbæ

Til sölu úr þrotabúi grunnur undir 10 íbúða fjölbýlishús að Tjarnabraut 10 í Reykjanesbæ.

Búið er að skipta um jarðveg og steypa sökkla. Teikningar fylgja. Góð staðsetning og útsýni til sjávar. Leikskóli og grunnskóli handan götunnar. Óskað er eftir tilboðum sem send verði til undirritaðs að Ránargötu 18, 101 Reykjavík fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 26 maí 2011.

Benedikt Ólafsson hrl..

Tilkynningar



Í DENNISON flatvagn sem gert hefur verið við eftir umferðaróhapp. Vagninn er til sýnis að Smiðshöfða 3-5 Reykjavík. Nánari upplýsingar má finna á útboðsvef VÍS á vis.is eða í síma 560 5149.

Hef opnað sálfræðistofu að Laugavegi 36



Veiti ráðgjöf til einstaklinga og stjórnenda með sérstakri áherslu á stjórnun streitu og bætt jafnvægi vinnu og einkalífs.

Sturla J. Hreinsson,
cand psych

Storð ehf

Jarðbundin ráðgjöf

Laugavegi 36
stordehf@gmail.com
sími: 8684538

Tilkynningar



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Embætti vararíkissaksóknara laust til umsóknar

Innanríkisráðuneytið auglýsir embætti vararíkissaksóknara laust til umsóknar. Miðað er við að innanríkisráðherra skipi í embættið frá og með 1. ágúst 2011. Vararíkissaksóknari er ríkissaksóknara til aðstoðar sbr. 2. mgr. 20. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, en ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds. Um verkefni og starfsskyldur ríkissaksóknara má finna upplýsingar í lögum og á heimasíðu embættisins, www.ríkissaksoknari.is. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Vararíkissaksóknari er skipaður ótímabundið í embætti og skal fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari til skipunar í embætti sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 88/2008, þ.e. fullnægja skilyrðum 4. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 til skipunar í embætti dómara við Hæstarétt, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 88/2008.

Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um, eftir því sem við á: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af sakamálaréttarhari, saksókn mála og/eða annari meðferð ákærvalds, 3) reynslu af dómstörfum, 4) reynslu af lögmannsstörfum, 5) reynslu af stjórnarsýslustörfum, 6) reynslu af fræðistörfum, 7) reynslu af stjórnun, 8) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtist í embætti vararíkissaksóknara, 9) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 10) upplýsingar sem snúa að andlegu atgervi, áræði, mannglegum samskiptum og sjálfstæði, 11) upplýsingar um þrjá samstarfsmenn sem geta veitt upplýsingar um störf, samstarfshæfni og aðra hæfni umsækjanda og 12) aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf vararíkissaksóknara.

Umsóknir óskast sendar rafrænt á netfangið postur@irr.is eða skriflega til innanríkisráðuneytis, Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík. Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af greinargerðum í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda og stjórnvaldsákvörðunum sem umsækjandi hefur samið á síðustu 12 mánuðum, 5) útgefin fræðirit og afrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar og 6) önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem ríkissaksóknari.

Innanríkisráðherra hefur ákveðið að fela nefnd að fara yfir þær umsóknir sem berast og á nefndin að skila ráðherra rökstuddu álit á hæfni umsækjanda. Við mat sitt skal nefndin hafa hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem koma fram í 4. gr. reglna nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjalla um hæfi umsækjanda um dómaraembætti. Niðurstaða nefndarinnar skal byggð á heildstæðu mati á eiginleikum umsækjanda, með tilliti til eðlis starfsins.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum, skulu umsækjendur gefa upp tölvupóstfang sem notað verður til að eiga öll samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir. Taka skal fram að ráðuneytið kann að óska eftir upplýsingum frá umsækjendum um fjárhag þeirra og hagsmunatengsl sem kunna að hafa áhrif á almennt og sérstakt hæfi vararíkissaksóknara.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu eigi síðar en 30. maí nk. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ingilín Kristmannsdóttir, skrifstofustjóri í innanríkisráðuneytinu í síma 545 9000.

Innanríkisráðuneytinu,
13. maí 2011

Auglýsingasími

512 50 50



Allt sem þú þarft...

Haustpróf í verðbréfavíðskiptum 2011

Prófnefnd verðbréfavíðskipta stendur fyrir haustprófum í verðbréfavíðskiptum sem hér segir:

Próf úr I. hluta

- 15. ágúst 2011 Íslensk réttarskipun og Evrópu-réttur, Ábyrgðir, Ágrip úr réttarhari.
- 16. ágúst 2011 Viðfangsefni úr fjármunarétti, Félagaréttur.
- 17. ágúst 2011 Viðskiptabréfareglur, Veðréttindi, Þinglýsingar

Próf úr II. hluta

- 18. ágúst 2011 Grunnatriði í fjármálafræðum.
- 19. ágúst 2011 Þjóðhagfræði.
- 22. ágúst 2011 Greining ársreikninga.

Próf úr III. hluta

- 23. ágúst 2011 Lög og reglur um fjármagnsmarkaðinn.
- 24. ágúst 2011 Markaðsvíðskipti og víðskiptahættir.
- 25. ágúst 2011 Helstu tegundir verðbréfa og gjaldeyri: Hlutabréf, Skuldabréf, Afleiður og gjaldeyri.
- 26. ágúst 2011 Fjárfestingarferli: Samval verðbréfa og sjóðastýring, Ráðgjöf og skattamál.

Próftími er 4 klukkustundir og tímasetning hvers prófs er 16.30 - 20.30.

Prófsefni greinir í prófsefnislýsingu prófnefndar verðbréfavíðskipta. Í henni er jafnframt útlistað hvaða hjálpargögn eru leyfileg í einstaka prófum. Prófnislýsinguna má nálgast á vefsvæði prófnefndar verðbréfavíðskipta á heimasíðu efnahags- og víðskiptaráðuneytis:

<http://www.efnahagsraduneyti.is/profnefndir/nr/2844>

Um prófin fer samkvæmt reglugerð nr. 633/2003 um próf í verðbréfavíðskiptum. -

Haustprófin verða haldin í húsakynnum á vegum Háskólans í Reykjavík, framkvæmdaraðila verðbréfavíðskiptaprófs veturinn 2010-2011. Ef skráðir próftakar ná lágmarksfjölda, 10 manns í hvert próf, en eru færri en 50 munu prófin fara fram í tölvuveri.

Einkunnir í einstökum prófum eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast verðbréfavíðskiptapróf þarf próftaki að hljóta a.m.k. 7,0 í meðaleinkunn úr þeim prófum sem hann hefur þeytt. Próftaki telst ekki hafa staðist einstök próf hljóti hann lægri einkunn en 5,0.

Skráning í haustprófin fer fram á vefsíðu Opna háskólans í HR <http://www.opnihaskolinn.is/fagmennt/len-gri-namskeid/nam-til-profs-i-verdbrefavidskiptum/>

Skráningu í haustpróf lýkur 28. júní 2011. Greiðsla prófgjalds verður að hafa farið fram þann 5. júlí 2011.

Prófgjald vegna haustprófa er kr. 18.000 fyrir hvert próf. Vakinn er athugi á að haustpróf verða ekki haldin nema að a.m.k. 10 manns hafi skráð sig í próf, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 633/2003 um próf í verðbréfavíðskiptum. Tilkynning um haldin og felld haustpróf verður send út til skráðra próftaka þann 29. júní 2011.

Greiðsluseðlar verða eingöngu sendir út vegna prófa sem verða haldin. Ekki er hægt að skrá sig úr prófi eftir 29. júní 2011 og greiðsluseðlar eru ekki felldir niður.

Reykjavík, 14. maí 2011.
Prófnefnd verðbréfavíðskipta



M-SÓFINN íslensk framleiðsla
sniðin að þínum þörfum.




Þjóðum það besta í evrópski húsgagnahönnun
og glæsilegt úrval gjafavöru.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opið alla virka daga frá 11-18 og laugardaga 11-16.

Rysjótt gengi íslenska liðsins

Á línuritinu hér að neðan má sjá gengi Íslendinga í Eurovision frá upphafi. Ísland tók í fyrsta sinn þátt í Eurovision árið 1986 þegar ICY tríóið var sent til Bergen í Noregi. Lagið, Gleðibankinn, lenti í sextánda sæti keppinnar eins og næstu þrjú lög þar á eftir. Sextánda sætið er jafnframt það sæti sem landið hefur oftast lent í. Besti árangur Íslands er annað sætið sem landið hefur hreppt tvisvar sinnum, en jafnoft hafa Íslendingar ekki tekið þátt í keppinni. Í þrjú skipti komst Ísland ekki úr undankeppinni.



97.7

Kemur kveðjan þín í beinni?

Vertu með stillt á X-97,7 í kvöld!

Lækkaðu í sjónvarpinu og stilltu á X-ið á meðan bein útsending er á Eurovision. **Settu athugasemd á Facebook/ringjarar á meðan útsending er og hún gæti komið í beinni á X-inu.**

www.ring.is / m.ring.is www.facebook.com/ringjarar

VERTU MEÐ



Sagan virðist óhagstæð

Ísland tekur þátt í Eurovision í 23. skipti í ár. Tuttugu og fimm ár eru síðan Íslendingar þreyttu frumraun sína í keppinni, árið 1986. Það árið var fimmhundraðasta lag keppinnar flutt, þegar Lúxemborg steig fyrst þjóða á svið. Síðan hafa yfir þúsund lög verið flutt í keppinni.

Ísland hefur fimm sinnum verið á meðal tíu efstu þjóða í keppinni. Það voru árin 1990 þegar Stjórnin flutti Eitt lag enn, árið 1992 þegar Nei eða já var flutt af Heart to Heart. Árið 1999 flutti Selma Björnsdóttir All out of Luck, og fjórum árum síðar kom Birgitta með Open Your Heart og loks Jóhanna Guðrún með lagið Is it true? árið 2009.

Þessar niðurstöður benda til að íslenskum konum gangi almennt betur í keppinni, en konur hafa reyndar oftast keppt fyrir Íslands hönd. Þá benda niðurstöðurnar til að best sé að vera á aldrinum átján til þrjátíu ára á keppnisdegi.

Einu sinni hefur Ísland sent sönghóp sem samanstóð af fleiri en tveimur keppendum, en það var upphafsárið, 1986. Hópurinn lenti í sextánda sæti, eins og frægt

er orðið. Einsöngvarar hafa oftast lent í tíu efstu sætum en dúettar, enda eru þeir oftast sendir til keppni af hálfu Íslendinga.

Flest stig frá upphafi hefur Ísland fengið frá Svíþjóð eða 101 stig í heildina. Einnig getum við treyst á aðrar norrænar frændþjóðir en Norðmenn hafa gefið okkur næstflest stig, 85, og fast á eftir fylgja Danir með 84 stig. Þar á eftir koma Bretland og Portúgal. Norðurlöndin geta einnig reitt sig á Íslendinga en flest stig höfum við gefið Danmörku, Svíþjóð og Noregi.

Íslandi hefur oftast gengið vel þegar Tyrkland hefur gefið íslenska atriðinu stig. Það hefur gerst fimm sinnum, árin 1986, 1990, 1999, 2003 og 2009. Þetta eru fjögur af þeim fimm skiptum sem Ísland hefur verið í tíu efstu sætum.

Miðað við reynslu fyrri ára virðast Vinir Sjonna ekki eiga mikla möguleika í keppinni. Þeir eru sönghópur sem samanstendur af karlmönnum sem allir eru eldri en þrjátíu ára. Hins vegar er oftast lítið að marka tölfræði fyrri ára og þegar öllu er á botninn hvolft geta allir unnið Eurovision.

58.12345

1.590 KR. TILBOÐ DOMINO'S STÓR PIZZA MEÐ 2 ÁLEGGSTEGUNDUM.

dominos.is



VORÚTSALA

HEIMABÍÓKERFI FRÁ 24.990
ALLT AÐ 38% AFSLÁTTUR

PHILIPS JVC Panasonic

FRÁBÆR TILBOÐ Á SJÓNVÖRPUM

JVC - GRUNDIG - PANASONIC - PHILIPS - TOSHIBA - UNITED

AÐEINS Í DAG  EUROVISION TILBOÐ

Hlustið á Eurovision í ALVÖRU hljómgæðum
Panasonic SCBT230 1000w
HEIMABÍÓKERFI með Blu-ray spilara,
5 hátölurum og bassaboxi!



Wall-E á Blu-ray
fylgir frítt með!



AÐEINS KR. 49.990

MÖRG HUNDRUÐ VÖRUR
MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI

MYNDAVÉLAR - FRÁ 9.990

Nikon

CASIO

Panasonic

OLYMPUS

SJÁ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

JVC PHILIPS Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED harman/kardon OLYMPUS tasco Nikon SanDisk enox. JBL



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR

HEFÐ SEM MÁ REKJA TIL MIÐALDA

Margir borða fisk með sítrónusneið en það hefur verið gert allt frá miðöldum. Þá trúðu menn því að sítrónusafinn myndi leysa upp bein sem mögulega slæðast ofan í maga við fiskát. Samsetningin gafst strax vel og í dag eru sítróna og límóna algeng innihaldsefni í fiskréttum þrátt fyrir að hin gamla trú sé löngu hrakin og gleymd.



FROSINN FISKUR

Þegar afþíða á frosinn fisk er best að setja hann beint úr frysti inn í ísskáp og láta hann vera þar í um sólarhring fyrir eldun. Í svölu veðri má einnig setja fiskinn á skuggsælan stað í eldhúsinu undir viskastykki í nokkra tíma. Ekki á að hraða afþýðingunni með því að setja fiskinn undir heitt vatn eða með því að láta hann standa í sólarljósi. Bæði verður til að auka bakteríu-myndun.

Þegar fiskurinn er þiðinn ætti að elda hann innan eins til tveggja sólarhringa og aldrei ætti að fyrsta fiskinn á ný.

Til að fiskurinn eldist sem best og jafnast er best að taka hann út úr kæli hálf tíma fyrir eldun svo hann nái herbergishita.



Sushi á sér langa sögu

Sushi á rætur að rekja aftur til fjórðu aldar fyrir Krist í Suðaustur-Asíu. Nauðsynlegt var að geyma allan fisk sem veiddur var, svo hann var saltaður og geymdur þannig í nokkra mánuði.

Seinna uppgötvuðu menn að betra var að nota hrísgrjón sem legið höfðu í ediki, til geymslu fisksins. Hrísgjónunum var síðan hent í burtu og fiskurinn borðaður. Vegna matarskorts var hins vegar einnig farið að borða hrísgrjónin og þannig varð sushi eins og við þekkjum það í dag til. Seinna var farið að setja grænmeti saman við sushið.

Á áttundu öld eftir Krist barst sushið svo til Japan. Flestir tengja sushi enda við japanska menningu.

Í kringum 1980 varð vakning í heilsusamlegum lífsstíl í heiminum og hafa vinsældir sushis aukist jafnt og þétt síðan.



Uppspretta næringarefna

Fiskur er mikilvæg fæða ýmissa spendýra eins og til dæmis bjarnýra, hvala og ekki síst manna. Fiskur hefur frá örófi alda haldið lífi í mönnum og er ein af ástæðum þess að margar elstu manna-byggðir eru við ár og vötn.

Fiskur er mikilvæg uppspretta næringarefna og talinn sérstaklega hollur vegna þess að fitan inniheldur mikið af ómega-fitusýrum sem eru taldir vinna gegn hjartasjúkdómum. Aðeins lítill hluti þeirra 29.000 fisktegunda sem eru til í heiminum er étinn. Algengar tegundir matfisks eru þorskur, lax, ansjósur, túnfiskur, silungur og makrill.



Fáðu þér tyggjó eftir hverja máltíð



Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuafnis í tyggigúmmii

Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframléiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR SUÐUR- LAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 23 stöðum á Suðurlandi og 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Fjöldi lausasölustaða á Suðurlandi

Bónus, Selfossi	Samkaup Strax, Flúðum
Krónan, Selfossi	Olís, Hellu
N1 Fossnesti, Selfossi	Söluskálinn Landvegamótum, Hellu
Olís, Selfossi	N1, Hvolsvelli
Samkaup Úrval, Selfossi	Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
Bjarnabúð, Brautarhóli (Reykholti)	N1, Vík
Minni Borg, Grímsnesi	Krónan, Vestmannaeyjum
Verslunin Árborg, Árnesi	N1, Vestmannaeyjum
Prastalundur, Grímsnesi	Olís, Vestmannaeyjum
Bónus, Hveragerði	Skýlið, Vestmannaeyjum
N1, Hveragerði	Vöruval, Vestmannaeyjum
Samkaup Strax, Laugarvatni	



Allt sem þú þarft...



Sumarlegt sjávarréttasalat með stökku hvítlauksbrauði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Uppskriftir FYRIR FJÖLSKYLDUNA

Ingibjörg Lilja Þórmundsdóttir hefur vakið athygli fyrir metnaðarfulla bloggsíðu þar sem hún birtir uppskriftir að því sem hún er að elda ásamt myndum.

Ingibjörg Lilja Þórmundsdóttir hefur alltaf haft ástríðu fyrir því að elda mat og bjóða heim í kvöldverð. Eftir að hafa oft og ídulega fengið spurningar um réttina sína ákvað hún að stofna matarblogg á netinu þar sem hún birtir uppskriftir ásamt myndum sem eiginmaður hennar tekur af matseldinni. Slóð síðunnar er brizos. blogspot.com en Ingibjörg eldar oftar en ekki rétti úr sjávarfangi. „Þetta er góð leið fyrir mig til að halda utan um uppskriftir mínar en þar sem ég hef verið búsett erlendis, maðurinn minn er

frá Serbíu og við eigum fjölskyldu og vini utan Íslands, set ég uppskriftirnar líka inn á ensku svo allir geti notið,“ segir Ingibjörg.

Matarblogg Ingibjargar hefur vakið athygli, bæði fyrir flottar uppskriftir og svo fyrir fallegu ljósmyndirnar sem birtast af réttunum. Ingibjörg segir mikla umferð um síðuna svolítið hafa komið sér á óvart. „Mér finnst þetta mjög gaman og ekki síst að fá fólk til að prófa að elda meira úr þessu frábæra hráefni sem fiskur og annað sjávarfang er,“ segir Ingibjörg.



Ingibjörg Lilja Þórmundsdóttir matgæðingur.



SUMARLEGT SJÁVARRÉTTASALAT MEÐ STÖKKU HVÍTLAUKSBRAUÐI

SJÁVARRÉTTASALAT

Fyrir fjóra

- 250 g hörpudiskur (lítill)
- 250 g rækja
- 400 g langa eða lúða
- 2 stk. límónur, safi og börkur
- 1 stk. rauður chili-pipar, fínsaxaður
- 1 stk. lítill rauð paprika, skorin smátt
- 1 stk. lítill gul paprika, skorin smátt
- 1 stk. hvítlauksrif, pressað eða fínsaxað
- 1 msk. engifer, fínt saxað
- 4 msk. góð olífuolía
- ½ gúrka, kjarnhreinsuð, skorin smátt
- 1 búnt af fersku kóríander, saxað
- 4-5 stk. vorlaukar, fínt saxaðir
- 1 tsk. arómat salt og pipar eftir smekk

Skerið fisk og hörpudisk í smáa teninga og setjið í skál með rækjum. Rifið límónubörkinn smátt, setjið út í blönduna og kreistið safann úr ávextinum yfir. Bætið við olíu, salti, pipar, arómati, chili, papriku og engifer. Blandið því varlega saman við sjávarfangið. Látið blönduna í skálinni liggja í leginum í minnst tvær klukkustundir en því lengur því betra. Það getur verið gott að gera réttinn kvöldið áður en áætlað er að bera hann fram og setja þá lok yfir skálina eða plastfilmu yfir nóttina. Rétt áður en rétturinn er brotinn fram er



gúrku, vorlauk og kóríander bætt saman við blönduna en gott er að skilja örlítið eftir af kóríander til að skreyta með.

FLJÓTGERT STÖKKT HVÍTLAUKSBRAUÐ

- 2 baguette-brauð
- nokkrir dropar af olífuolíu
- 1-2 hvítlauksrif

Skerið brauðið á ská í þunnar sneiðar. Leggið sneiðarnar á bökunarplötu, hellið nokkrum dropum af olíu yfir brauðið og grillið sneiðarnar í 200 gráðu heitum ofni í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Þegar brauðið er tekið út úr ofninum skal hver sneið nudduð með hvítlauksrifi til að fá hvítlauksbragðið.

máltíð
mánaðarins
á kfc

Zinger

TWISTER®



899
kr.



SVOOOGOTT™

0 gr.
trans-
fita

www.kfc.is

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

VIÐ MÆLUM MEÐ...



... FISKI Á GRILLIÐ Góðar fiskigrindur fást víða í búshaldaverslunum. Með þeim verður leikur einn að grilla nýmetið og síður hætta á að fiskurinn festist við grillgrindina.



... RAUÐSPRETTU Á SMURBRAUÐI Steikt rauðspretta á rúgbrauði með remúlaði, laxarós, kaviar, rækjum, spergli og sítrónu. Frábær máltíð. Fæst til dæmis í Jómfrúnni í Lækjargötu 4 en gott smurbrauð fæst líka á Scandinavian á Lauga-vegi 24.



SJÁVARRÉTTUM FYRIR BYRJENDUR Það tekur smá tíma fyrir fólk að þróa bragðlaukana fyrir ýmsa sjávarrétti á borð við kræklinga, kolkrabba og smokkfisk. Sumir sjávarréttir henta breiðari hópi fólks og ef von er á fólki í mat sem ekki hefur smekk fyrir öllum ávöxtum hafsins er gott að framreiða til dæmis lax, lúðu og hörpuskel.



... ÆVINTÝRASIGLINGU með Sæferðum frá Stykkishólmi. Siglt er um eyjarnar og fjölbreytt fuglalífið skoðað. Hápunkturinn er þegar plógur er settur út og upp koma ýmis skeldýr. Gestir fá svo að smakka, til dæmis hörpuskel og ígulkerjahrogn.

Njóttu þess heima

Take
away
Taktu það
með þér heim!



20% afsláttur af sóttum mat

Nú getur þú notið þess að borða ljúffengan mat frá Grillhúsinu heima, því nú býður Grillhúsið þér að taka matinn með heim.

Þú hringir bara í **527 5000** og segir okkur hvað þig langar að borða og sækir svo stuttu seinna.

Þú sérð matseðilinn á www.grillhusid.is.

LIFE IS BEAUTIFUL



Grillhúsið Tryggvagötu og Sprengisandi, sími: 5275000, www.grillhusid.is

5125050

Auglýsingasími



Allt sem þú þarft...

Fluggarðar Skýli
101 Reykjavík
Glæsilegt flugskýli!!!

Stærð: 76,5 fm
Fjöldi herbergja: 0
Byggingarár: 1978
Fasteignamat: 7.025.000

RE/MAX Senter

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Mikið endurnýjað flugskýli Verð: 0

RE/MAX SENTER KYNNIR: Fluggarða sem er ahlíða skýli. Skýlið var nýlega endurnýjað í hólf og gólf og hentar fyrir fjölbreytta starfsemi. Geymslu loft eru fyrir ofan sitt hvorn vænginn. Svæðið er lokað með gönguhlíði og fjarstýrðu aksturshliði. Steini lagt plan er fyrir framan skýlið, halogen lýsing með FJARSTYRINGU í öllu skýlinu, skýlið allt einangrað að innan og gífskipt, mikil lofthæð í miðrymi. FRAMTÍÐARSTADSETNING í Vatnsmyrinni.

Goðheimar 23
104 Reykjavík
Björt og falleg hæð

Stærð: 135,6 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1960
Fasteignamat: 25.650.000

RE/MAX Senter

Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Sunnud. 15.5. frá kl 18.30 til 19.00 Verð: 30.900.000

Opið Hús

Venni og RE/MAX Senter hafa tekið í einkasölu mjög fallega sérhæð á þessum frábæra stað. Íbúðin er á 2. hæð og telur þrjú rúmgóð svefnherbergi með skápum, eldhúsi með ágættri innréttingu og borðrök, bjarta stofu og borðstofu með útgengi á svalir, baðherbergi með sturtu og baðkari, þvottahúsi og sérgeymslu. Íbúðin er sérlega björt og falleg og henni fylgir bílskúrsréttur skv eiganda. Kikið í kaffi á sunnudaginn. Vernharð sölufulltrúi RE/MAX Senter tekur á móti ykkur.

Kvíslartunga 42
270 Mosfellsbær
Glæsilegt og vandað einbýli

Stærð: 255,7 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 2008
Fasteignamat: 47.600.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Mánud. 16.5. frá kl 18.00 til 18.30 Verð: 69.000.000

Opið Hús

Venni og RE/MAX Senter hafa tekið í einkasölu glæsilegt og mjög vandað einbýlishús á frábærum stað. Húsið skiptist á eftirfarandi hátt: Góð, flisalögð forstofa með miklu skáplássu, innangengt í tvöfalda flisalagða bílskúr og rúmgott herbergi. Stofan og borðstofan eru samliggjandi, mjög rúmgóðar með mikilli birtu og lofthæð. Eldhúsið er opið inn frá borðstofu með vandaðri innréttingu og tækjum, eyja er í eldhúsinu sem er flisalagt. Svefnherbergin eru 5 og eru öll parkettgöð og mjög rúmgóð, eitt þeirra er nýtt sem sjónvarpsherbergi. Hjónaherbergið er sérlega veglegt með sér baðherbergi ásamt góðu fataherbergi. Baðherbergið er flisalagt með fallegri innréttingu, baðkar og sturtu. Gestabaðherbergið er flisalagt og með fallegri innréttingu. Þvottahúsið er flisalagt með góðum skápum og innréttingu. Útgengt er frá borðstofu út í garð, fallegur arinn er í stofu. Setustofa þar sem einnig er útgengt í garð. Lagnakerfið frá Rehau. Residential sprinklerkerfi í öllum svefnherbergjum og bílskúr. Lokað snjóbræðsluferli með frostlög. Lagt er fyrir bræðslu í vesturpall. Tvöfalt gólfhitakerfi. Blöndunartæki frá VOLA.

Stigahlíð 58
105 Reykjavík
Fallegt einbýli á vinsælum stað

Stærð: 265 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1992
Fasteignamat: 66.500.000

RE/MAX Senter

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Opið hús á sunnudaginn kl 16.00 - 16.30 Verð: 95.000.000

Opið Hús

RE/MAX SENTER KYNNIR: Eitt af glæsilegri húsum höfuðborgarinnar. Húsið er á einni hæð með innbyggðum 47 fm bílskúr sem hefur verið innréttaður sem 2ja herbergja íbúð með séringang. Byrjað var að byggja húsið 1992 en því var í raun lokið 2001-2002 þegar núverandi eigendur keyptu og kláraðu og því eru allar innréttingar í húsinu nýlegar. Í aðaleigininni eru þrjú svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhúsið og baðherbergi. Garðurinn er sérlega glæsilegur og var hönnun hans í höndum Stanislas Bohic. Öll gólf eru lögð marmara nema í aukabúð. Eignin er mjög íbúðarmikil og er stórkostlega staðsett innst í botnlangagötu við hlíð Hamrahlíðarskóla. Allar upplýsingar gefa Ástþór Reynir í síma 899-6753 eða á arg@remax.is eða Gunnar Sverrir 862-2001 eða á gunnar@remax.is

Hringbraut 119
107 Reykjavík
Gullfalleg 2ja herb íbúð

Stærð: 50 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1984
Fasteignamat: 11.150.000

RE/MAX Senter

Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Sunnud. 15.5. frá kl 17.30 til 18.00 Verð: 14.500.000

Opið Hús

Íbúðin er á 2. hæð í góðu fjölbýli með lyftu, við Hringbrautina en snýr þó að Lágaholtssvegi og er gengið inn þaðan. Íbúðin telur stofu, svefnherbergi, eldhúsi, baðherbergi með tengi fyrir þvottavél og geymslu innan íbúðar. Á stofu er gegnheilt parket, eldhúsið var endurnýjað 2009 með nýrri innréttingu og vönduðum tækjum, baðherbergið var endurnýjað með nýrri innréttingu 2009, húsið var sprunguviðgert og málað 2008-2009 ásamt því að þak var yfirfarið og kvistar lagfærðir. Ljósleiðari er kominn í íbúð.

Hringbraut 27
220 Hafnarfjörður
Fæst gegn yfirtöku plús milljón

Stærð: 76,8 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1930
Fasteignamat: 15.150.000

RE/MAX Senter

Vernharð Þorleifsson
Sölufulltrúi
699 7372
Venni@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Mánud. 16.5. frá kl 17.00 til 17.30 Verð: 16.900.000

Opið Hús

CA 15,9 MILL Á 4,35% GETA FYLGT. GREIÐSLUBYRÐI CA 60 ÞÚS PR MÁN
Húsið er steinsteyppt frá 1930 og stendur innarlega á lóðinni. Íbúðin er á jarðhæð og er skráð 76,8 fm². Gengið er beint inn í eldhúsið með þokkalegri innréttingu og nýrri eldavél. Svefnherbergin eru tvö og er annað þeirra nýtt sem borðstofa. Gengið er úr stofunni inn á baðherbergið, sem er flisalagt með sturtu. Nýir franskir gluggar eru í íbúðinni og ratmagn var yfirfarið. Skóplagnir voru fíðraðar ca 2000. Íbúðinni fylgir bílastæði.

Kirkjuvellir 7
221 Hafnarfjörður
Glæsileg íbúð á efstu hæð

Stærð: 102,7 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2007
Fasteignamat: 20.750.000

RE/MAX Senter

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Sunnudaginn 15. maí kl 17-17.30 Verð: 23.500.000

Opið Hús

RE/MAX Senter og Þóra kynna glæsilega íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi með svölum í austur/suður. Íbúðin skiptist í 2 svefnherbergi, baðherbergi, eldhúsi, stofu, svalir á tvo vegu með miklu útsýni, þvottahúsi/geymslu innan íbúðar auk stæðis í bilageymslu. Húsið er vandað og sameign öll hin snyrtilegasta. Allar innréttingar eru úr eik, granít borðplata í eldhúsi, gólfni er eikarparket og Mustangflisar. Allar frekari upplýsingar um eignina gefur Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Mosprýði 5
210 Garðabær
Vandað og fjölskylduvænt parhús

Stærð: 229,9 fm
Fjöldi herbergja: 5-6
Byggingarár: 2010
Fasteignamat: 21.120.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter

Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
7772882
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

Bókið skoðun hjá Þóru Verð: 46.000.000

RE/MAX Senter og Þóra kynna glæsilegt og vandað uppsteyppt parhús í hrauninu í Garðabæ. Húsið er staðsteyppt og skiptist í 4 svefnherbergi, opið eldhúsið og stofu, miðrymi og stóran bílskúr auk geymslu og þvottahúss. Gert er ráð fyrir pöllum og lagnir komnar fyrir heitan pott. Húsið skilast þússáð að utan og veggir að innan, einangrað loft, gluggar og hurðir í komið, sjá nánari lýsingu á www.remmax.is. Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

Áhrifamikið afmælisbarn

Einn merkasti tónlistarmaður sögunnar fagnar sjötugsafmæli sínu eftir tíu daga. Af því tilefni tóku *Kjartan Guðmundsson* og *Ólvir Gíslason* saman sjötíu atriði sem þú vissir kannski ekki um **Bob Dylan**, eitt fyrir hvert ár sem hann hefur lifað.

Elston Gunn og Shadow Blasters

1 Hann var skírður Robert Allen Zimmerman, en kallaði sig Elston Gunn um skamma hríð áður en hann tók upp listamannsnafnið Bob Dylan.

2 Dylan fæddist í borginni Duluth í Minnesota fylki og ólst upp í bænum Hibbing.

3 Dylan er ekki eini íbúi Hibbing í Minnesota sem náð hefur frægð og frama. Körfulbottagoðsögnin Kevin McHale er líka ættuð þaðan.

4 Dylan var skráður í Minnesota-háskóla í þrjár annir. Litlum sögum fer af námsrángri hans.

5 Í háskólanum var hann meðlimur í bræðrafélaginu Sigma Alpha Mu.

6 Fyrsta hljóm-sveitin sem Dylan stofnaði hét *The Shadow Blasters*.

7 Árið 1961 fór hann á puttanum til New York og hitti þar átrúnaðargóð sitt, þjóðlagasöngvarann Woody Guthrie, sem lá fávæikur á spítala.

Skáká hugamaðurinn Dylan

8 Dylan hefur alla tíð verið mikill áhugamaður um bandarísku borgarastyrjöldina og allt sem henni tengist.



9 Dylan heillaðist af leikaranum James Dean eftir að hafa séð kvikmyndina *Rebel Without a Cause* á unglingsárum.

10 Þegar Dylan bjó í Greenwich Village hverfinu í New York á sjöunda áratugnum gerðist hann gríðarlegur skáká hugamaður.

11 Dylan virðist vera áhugamaður um heimili rokkara. Árið 1987 skoðaði hann Graceland, árið 2008 bankaði hann upp á hjá íbúum æskuheimilis Neils Young í Winnipeg og ári síðar fór hann í skoðunarferð um heimili Johns Lennon í Liverpool.

12 Eftirlætiskvikmynd Dylans er hin franska *Tirez sur le pianiste* eftir François Truffaut.

Jóhannes skírari og Albert Einstein

13 Þegar Dylan skrifaði undir sinn fyrsta plötusamning við Columbia

laug hann því að framleiðandanum John Hammond að hann væri munaðarlaus.


14 Sjálfur hefur Dylan gefið út 43 hljómplötur.

15 Talið er að Dylan hafi alls selt yfir hundrað milljónir eintaka af plötum sínum.

16 Árið 1962 fór Dylan til London til að leika í sjónvarpsleikritinu *Madhouse on Castle Street*, þar sem hann lék m.a. *Blowin' in the Wind*, sem þá var enn ekki komið út. Eina eintakinu af myndinni var hent í vorhreingerningu BBC árið 1968.

17 Platan *Another Side of Bob Dylan* frá 1964 var öll tekin upp á einu kvöldi.

18 Nafntöguðu fólki hefur gjarnan brugðið fyrir í textum Dylans. Á plötunni *Highway 61 Revisited* frá 1965 koma t.d. Jóhannes skírari, Cecil B. DeMille, F. Scott Fitzgerald, Albert Einstein, Ezra Pound, T.S. Eliot og Guð almáttugur allir við sögu.



19 Þótt þjóðlagasöngvarinn hafi sýnt hveljur þegar Dylan fór að spila rokk árið 1965 gaf hann út fyrsta rokklagið sitt árið 1962, smáskífuna *Mixed-Up Confusion*.

20 Dylan samdi lagið *Hurricane* um boxarann Rubin Carter eftir að hafa heimsótt hann í fangelsi, en þar sat Carter árum saman saklaus fyrir morð.

21 Lengsta Dylan-lagið sem komið hefur út á plötu er *Highlands* á *Time Out of Mind*. Það er heilar 16 mínútur og 32 sekúndur.

22 *Like a Rolling Stone*, lag Dylans, var valið besta lag allra tíma af *Rolling Stone* tímaritinu árið 2004.

Besti afi í heimi

23 Afi og amma Dylans í móðurætt fluttust til Bandaríkjanna frá Úkraínu en móðurafi hans og amma frá Litháen.

24 Abram Zimmerman, faðir söngvarans, var mjög efnilegur hafnaboltaleikmaður áður en hann veiktist af mænuðóttnemna á þrítugsaldri.

25 Fyrsta eiginkona Dylans, Sara Lownds, starfaði sem *Playboy*-kanína.

26 David Zimmerman, bróðir Dylans, starfar sem plötuframleiðandi.

27 Jakob, sonur Dylans, er tónlistarmaður.

28 Alls á Dylan sex börn andanum John Hammond að hann væri munaðarlaus. Á bílnum hans er stuðralímmiði sem á stendur „Besti afi í heimi“.

Maður með mönnum

29 Yfir 2.000 listamenn hafa hljóðritað lög Dylans.

30 Eftir að Elvis Presley lést yrði Dylan ekki á nokkurn mann í heila viku.

31 Dylan kynnti meðlimi *Bítlanna* fyrir marjúananeyslu á *Delmonico*-hótelinu í New York árið 1964.

32 Bill Wyman, fyrrum bassaleikari *Rolling Stones*, kallaði *Blood on the Tracks* frá 1974 „einu gallalausum plötu“ Dylan.



33 Í lagi sínu *Thunder on the Mountain* fer Dylan fögrum orðum um R'n'B-söngkonuna Alicia Keys.

34 Um miðjan níunda áratuginn bankaði Dylan upp á hjá píparanum og Lundúnabúanum Dave. Dave var ekki heima en konan hans sagði að hann væri væntanlegur. Það var ekki fyrr en Dylan var búinn að bíða dágóða stund inni í eldhúsi sem það kom upp úr dúrnunum að Dylan hafði farið húsavíllt og Dave pípari var ekki Dave Stewart í *Eurythmics*.

35 Nokkur óvænt lög eftir aðra sem Dylan hefur tekið á tónleikum: *Dancing in the Dark* (Bruce Springsteen), *Brown Sugar* (The Rolling Stones), *London Calling* (The Clash), *Hallelujah* (Leonard Cohen).

36 Dylan hefur samið tvö lög með Gene Simmons í *Kiss*. Þau komu út á sólóplötu þess síðarnefnda frá árinu 2004, plötunni *Asshole*.

37 Dylan hefur líka samið lög með George Harrison, Bono, Willie Nelson og Michael Bolton.

38 Dylan kallaði tónlistarmanninn Smokey Robinson eitt sinn „mesta ameríska skáldið“.



NORDICPHOTOS/GETTY

Hafnaði Woodstock

39 Dylan rauk út í fússi þegar ritskoðarar CBS meinuðu honum að spila lagið *Talkin' John Birch Paranoid Blues* í þætti Eds Sullivan árið 1963.

40 Dylan hefur spilað öll lög in *Blonde on Blonde* (1966) á tónleikum, fyrir utan tvö: *Temporary Like Achilles* og *Sad Eyed Lady of the Lowlands*.

41 Árið 1964 fór Óttar Felix Hauksson 30 sinnum í Tónabíó til að sjá *Bítlamyndina A Hard Day's Night*. Áratug síðar gerði hann sér ferð til Bandaríkjanna til að sjá Bob Dylan, sem þá var í fyrstu tónleikaferð sinni í átta ár.

42 Einu tónleikar Dylans í fullri lengd á árunum 1966-1974 voru á *Isle of Wight* tónleikahátíðinni á Englandi sumarið 1969. John Lennon og Ringo Starr voru á meðal áhorfenda og spiluðu tennis við Bob fyrir tónleikana.

43 Dylan hafnaði því að troða upp á Woodstock-tónleikahátíðinni 1969.

44 Dylan hefur tvisvar spilað á saxofón á sviði: Á tveimur tónleikum árið 1981 blés hann í saxinn á meðan æskuvinnur hans Larry Kegan (sem var bundinn við hjólastól) söng Chuck Berry-slagarann *No Money Down*.

45 Dylan spilaði tvisvar austan við Járntjaldid.

Árið 1985 var hann gestur á ljóðahátíð í Moskvu og 1987 spilaði hann í Austur-Berlín.

46 Lengstu tónleikar sem Dylan hefur haldið voru í klúbbnum *Toad's Place* í New Haven, 12. janúar 1990. Hann spilaði 50 lög og spilaði í fjóra tíma (með tveimur hléum).

47 Bassaleikarinn Tony Garnier hefur spilað á fleiri tónleikum með Dylan en nokkur annar: á þriðja þúsund tónleika frá 1989.

48 Lagið sem Dylan hefur oftast flutt á tónleikum, yfir 2.000 sinnum, er *All Along the Watchtower*. Hann hefur einnig sagt að

meðan gert var við vélarbilun í Boeing-vél Flugleiða.

51 Dylan gisti á Hótel Esju fyrir tónleika sína á Íslandi 1990. Fyrir tónleikana fékk hann lánað reiðhjól og hjólaði niður í Laugardalshöll.

52 Bubbi Morthens hitaði upp fyrir Dylan í Höllinni. Í grein um tónleikana sem birtist í breska *Dylan*-tímaritinu *The Telegraph* var Bubbi lofður í hástert.

53 Ekki var nóg með að Bubbi Morthens hitaði upp fyrir Dylan í Laugardalshöllinni 1990; sjálfur Egill Helgason kynnti hann á sviði.

útgáfa Jimi Hendrix af laginu sé sú besta.

Á rölti um Miklatún

49 Dylan hefur spilað tvisvar hér á landi, árin 1990 og 2008.

50 Kannski var engin furða að Dylan virtist hálfhvektur þegar hann lenti á Keflavíkurflugvelli 26. júní 1990. Hann þurfti að bíða í tólf tíma á JFK-flugvelli í New York á

54 Fyrsta lagið á tónleikum Dylans í Höllinni 1990 var *Subterranean Homesick Blues*. Á tónleikumum 2008 var fyrsta lagið *Stuck Inside of Mobile with the Memphis Blues Again*.

55 Á Reykjavíkurtónleikumum 1990 nefndi Bob á milli laga að Íslandsför hans myndi kæta sveitunga hans í Minnesota, þar sem víkingar hefðu fyrstir manna numið þar land.

Heiðurstónleikar í Hörpu

Bob Dylan fagnar sjötugsafmæli sínu þriðjudaginn 24. maí næstkomandi og heldur einnig upp á hálftrar aldar starfsafmæli í ár. Af því tilefni verða haldnir tónleikar í Hörpu, nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsinu, laugardaginn 28. maí þar sem einvalalið íslensks tónlistarfólks heiðrar tónlistarmanninn.

Hljóðfæraleikur verður að mestu í höndum Memfismafiunnar á tónleikunum, en meðal þeirra sem stíga á svið má nefna Björgvín Halldórssón, Bubba Morthens, Ólöfu Arnalds, KK, Lay Low, Helga Björnsson og Pál Rósinkranz. Þá mun eina sérhæfða Dylan-sveit Íslands, Slow Train, einnig koma fram á tónleikunum. Kynnir verður útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson.

Hægt er að nálgast miða á tónleikana á vefsíðunni Miði.is.



56 Áður en hann spilaði It's Alright Ma (I'm Only Bleeding) í Höllinni 1990 tók hann fram að lagið tengdist ekki hans eigin móður á nokkurn hátt.

57 Þegar Dylan spilaði á Íslandi 2008 gisti hann á Hótel Borg. Skömmu fyrir tónleikana sást hann á rölti um Miklatún.

Fyrsti rapparinn

58 Rapparinn Ice-T kallaði Dylan eitt sinn „fyrsta rapparann“ í viðtali.

59 Í útvarpsþætti sínum Theme Time Radio Hour fór Dylan með nokkrar línur úr rapplaginu vinsæla Mama Said Knock You Out með LL Cool J. Dylan rapaði einnig með Kurtis Blow árið 1986.

60 Dylan hefur einnig lýst yfir aðdáun sinni á tódum Ice-T, Public Enemy og fleiri rapp-sveitum.

61 Hann hefur þó lýst því yfir að honum leiðist margt nútíma-hipphopp og hvetur nýja rappara til að hafa í huga að minna sé oft meira í þeim efnum.

Grunsamlegur gamlingi

62 Í endurminningum sínum, Chronicles, vol. 1, segir Dylan frá því að hann hafi einu sinni séð vofu Johns Wilkes Booth, morðingja Abrahams Lincoln, á bar í New York.

63 Í kringum 1970 varð Dylan fyrir stöðugu ónáði frá furðufuglinum A.J. Weberman, sem gramsaði m.a. reglulega í öskutunnunum hans og þróaði út frá því nýja vísindagrein: ruslfræði (garbology). Í kjölfarið gramsaði hann í rusli hjá fleira frægu fólki og gaf út bók um niðurstöður sínar.

64 Árið 1999 kom Dylan fram í gamanþættinum Dharma & Greg.

65 Dylan lék aðalhlutverkið í kvikmyndinni Masked and Anonymous árið 2003.

66 Árið 2004 kom Dylan fram í sjónvarpsauglýsingu fyrir nærfataframleiðandann Victoria's Secret.

67 Í október 2001 var Dylan meinað að komast baksviðs á sínum eigin tónleikum í Oregon-fylki Bandaríkjaanna. Öryggisverðirnir þekktu hann ekki.

68 Í júlí árið 2009 var Dylan yfirheyrður af lögreglu í New Jersey eftir að nágranni kvartaði undan „grunsamlegum gömlum manni“ í garðinum sínum. Söngvarinn var á hljómléikaferð og ákvað að skella sér í göngutúr um hverfið.

69 Dylan var fyrst tilnefndur til bókmenntaverðlauna Nóbels árið 1997. Hann hefur margoft verið tilnefndur síðan en aldrei unnið.

70 Í dag býr Dylan í Malibu í Kaliforníuríki.

MILT

Leynist þvottavél í þínum kassa?



Vinningar:

2x Electrolux þvottavélar frá Húsasmiðjunni

5x ársbirgðir af Milt þvottaefni frá Mjöll-Frigg*

1x 25.000,- gjafabréf í Bónus

1x 15.000,- gjafabréf í Bónus

*ársbirgðir m.v. 9x 2 kg kassa af þvottaefni.

mjöll frigg
-hreinlega sterkari

www.mjollfrigg.is

BONUS



Sjónarhorn

Ljósmynd: Valgarður Gíslason

HORNSTEINN

Langbráð skref var stigið í vikunni þegar hornsteinn var lagður að fyrstu rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni á Íslandi milli Nýlendu- og Mýrargötu og fyrsti steinninn blessaður. Biskup kirkjunnar og prestar önnuðust athöfnina að viðstöddum, meðal annarra, forseta Íslands, biskupi Íslands og biskupi kaþólskra.



NÍKÍTA KRÚTSJÖFF
Leiðtogi Sovétríkjanna þegar Varsjárbandalagið var stofnað árið 1955.

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1955

Átakalínurnar skýrðust með stofnun Varsjárbandalagsins

Varsjárbandalagið var stofnað á þessum degi árið 1955 sem mótvægi við aukin áhrif Atlantshafsbandalagsins í Evrópu. Það leið undir lok árið 1991.

Fyrrir réttum 46 árum, 14. maí árið 1955, var Varsjárbandalagið stofnað formlega.

Þar var um að ræða varnarsamstarf Sovétríkjanna og sjö annarra Austur-Evrópuríkja, Búlgaríu, Ungverjalands, Austur-Þýskalands, Póllands, Albaníu, Tékkóslóvakíu og Rúmeníu.

Ríkin höfðu í raun verið undir áhrifavaldi Sovétríkjanna allt frá stríðslokum, en þegar Vestur-Þýskaland gekk í Atlantshafsbandalagið, NATO, árið 1955, brugðist Sovétríkin við með þessum hætti.

Samningurinn var undirritaður í Varsjá í Póllandi, eins og gefur að skilja, og bar yfirskriftina: „Samningur um vináttu, samvinnu og gagnkvæma aðstoð.“ Höfuðstöðvar bandalagsins voru þó staðsettar í Moskvu. Í inngangi samningsins segir að aðild V-Þýskalands að NATO „auki hættu á nýju stríði og ógni þjóðaröryggi friðelskandi ríkja“.

Ekki er hægt að segja að loðmolla hafi ríkt í þessum félagsskap, enda brugðust Sovétmenn harkalega við öllu andófi innan bandalagsins. Aðeins ári eftir stofnun þess sagði ríkisstjórn Imre Nagy í Ungverjalandi sig frá aðild sem leiddi til þess að sovéski herinn réðist inn í landið, setti stjórnina af og tók Nagy af lífi tveimur árum síðar.

Árið 1962 var Albanía rekin úr bandalaginu eftir að hafa bundist Kína of nánum böndum. Þótti albönskum stjórnvöldum sem Nikita Krútsjoff, leiðtogi Sovétríkjanna, væri búinn að snúa baki við hreinræktaðri marxískri hugmyndafræði og voru þeir þess vegna settir út af sakramentinu.

Sex árum síðar fór að orla á umbótavilja í lýðræðisátt í Tékkóslóvakíu. Við það tóku hin bandalagsríkin sig saman og börðu niður anstöðu með vopnavaldi.

Eftir því sem leið á níunda áratuginn fór hins vegar að fjara undan Varsjárbandalaginu með breyttri stefnu stjórnvalda í Moskvu og frelsisöldunni sem reið yfir Austur-Evrópu á árunum 1989 til 1991.

Austur-Þýskaland gekk úr bandalaginu þegar það sameinaðist vesturhlutanum árið 1990 og eftir það gekk hvert ríkið af öðru úr skafinu.

Í mars árið 1991 var hernaðararmur bandalagsins lagður niður og í júlí sama ár markaði síðasti fundurinn endalok bandalagsins og í raun Kalda stríðsins.

- þj

Heimildir: History.com og Wikipedia

Skýrsla Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO)

KONUR OG FÆÐUÖRYGGI

The State of Food and Agriculture
Women in Agriculture – Closing the Gender Gap for Development

Mánudaginn 16.maí frá kl. 14 til 16
í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnins, Suðurgötu 41

Utánríkisráðuneytið, í samvinnu við Alþjóðamálastofnun HÍ, Alþjóðlegan jafnréttisskóla HÍ (GEST) og Þróunarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ), kynni skýrslu FAO um fæðumál, landbúnað og stöðu kvenna.

Dagskrá

Hermann Örn Ingólfsson, sviðstjóri þróunarsamvinnusviðs utánríkisráðuneytisins ávarpar fundinn.

Dr. Marcela Villarreal, yfirmaður kynja- og jafnréttisdeildar FAO, kynni skýrsluna.

Irma Erlingsdóttir, framkvæmdastjóri GEST og EDDU - öndvegisseturs: „Women and the Politics of Development.“

Pallborðsumræður að erindum loknum:

Dr. Marcela Villarreal, FAO.

Dr. Grímur Valdimarsson, fyrrv. yfirmaður fiskiðnaðarsviðs FAO.

Dr. Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Landgræðsluskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna.

Dr. Sigríður Þorgeirsdóttir, prófessor HÍ og stjórnarformaður GEST.

Þórdís Sigurðardóttir, skrifstofustjóri Þróunarsamvinnustofnunar (PSSÍ).

Fundarstjóri: Guðni Bragason, fastafulltrúi hjá FAO.

Á fundinum verður enskri samantekt skýrslunnar dreift ókeypis.



ALPJÓÐAMÁLASTOFNUN
RANNSÓKNASETUR UM SMÁRIKI



GEST

UTÁNRIKISRÁÐUNEYTIÐ



netto

Kræsingar & kostakjör

25%
afsláttur

CHUNKY SALSA SÓSA
HOT/MED 300 G

179 kr/stk.
áður 239 kr/stk.

JÚRÓVISJÓN- PARTÍ?

148 kr/stk.
áður 163 kr/stk.



GRILLBORGARAR
4 x 80 G

31%
afsláttur

379 kr/pk.

áður 549 kr/pk.

SVÍNAHNAKKASNEIÐAR
FERSKAR

50%
afsláttur

999 kr/kg

áður 1.998 kr/kg

KJÚKLINGAVÆNGIR
TEX-MEX

40%
afsláttur

359 kr/kg

áður 598 kr/kg

OSTASNAKK
100 G

79 kr/pk.

áður 99 kr/pk.

CAPRI BITAR
200 G

28%
afsláttur

179 kr/pk.

áður 249 kr/pk.

SNACK
400 G

359 kr/pk.

sour cream/salt 400g

GOS/VATN
2 L

44%
afsláttur

99 kr/stk.

áður 175 kr/stk.

COCA-COLA
6 x 330 ML

33%
afsláttur

395 kr/pk.

áður 589 kr/pk.

EMERGE
250 ML

30%
afsláttur

69 kr/stk.

áður 99 kr/stk.

PEPSI/MAX
33 CL

65 kr/stk.

áður 75 kr/stk.

Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes

Tilboðin gilda 12. - 15. maí

eða meðan birgðir endast



Móðir okkar,
Gunnfríður Ása Ólafsdóttir (Lóló)
Hrafnistu Reykjavík, áður Lindarbraut 2, Seltjarnarnesi,

er látin. Útför hennar verður gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 19. maí kl. 3.

Ólafía Ingibjörg Gísladóttir
Auðun Pétur Gíslason
Viggó Kristinn Gíslason
og aðrir vandamenn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Bergþóra Kristjánsdóttir
Húnabraut 7, Blönduósi,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Blönduóss mánudaginn 9. maí. Útför verður gerð frá Blönduósskirkju laugardaginn 21. maí klukkan 11.00.

Pórunn Pétursdóttir
Kristján Pétursson
Pétur Arnar Pétursson
Guðrún Soffía Pétursdóttir
Helga Lóa Pétursdóttir
Guðjón Guðjónsson
ömmubörn, langömmubörn og aðrir aðstandendur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Jens Jóhannes Jónsson
Dalseli 33, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 7. maí, verður jarðsöngurinn frá Áskirkju í Reykjavík mánudaginn 16. maí kl. 15.00.

Sólveig Ásbjarnardóttir
Anna Jensdóttir
Ásbjörn Jenson
Jón Haukur Jenson
Ástríður Jóhanna Jensdóttir
Erla Sesselja Jensdóttir
barnabörn og barnabarnabörn
Sigurður V. Viggósson
Vilborg Tryggvadóttir Tausen
Berglind Björk Jónasdóttir
Ragnar Kjærnested
Gunnar Friðrik Birgisson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna andláts eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afi og langafi,
Júlíusar Reynis Ívarssonar
